## Páskastemning í bústaðnum

Í bústaðnum hjá Þórunni Högna má líta einkar smekklegar páskaskreytingar. ➤ 24



## Vitnisburður um jaðarsett fólk

Bjargey Kristjánsdóttir var talin ólæs og óskrifandi en ritaði sjálfsævisögu sína. ➤ 20






FRÉTTABLAÐIÐ

74. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 16. APRÍL 2022

# Pabbi vildi ekki lifa

Theodóra S. Þorsteinsdóttir varði heilum áratug í að passa föður sinn sem fór það illa út úr efnahagshruninu að hann sá enga aðra leið færa en dauðann. Eftir nokkrar tilraunir hans til að stytta sér aldur varð áfengið hans eina útgönguleið. ➤ 22



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR





Árásin átti sér stað fyrir utan skemmtistaðinn Prikið í Reykjavík.

# Einn úrskurðaður í gæsluvarðhald

birnadrofn@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Annar tveggja manna sem handteknir voru í gær vegna hnífstungu fyrir utan skemmtistaðinn Prikið í Ingólfsstræti var úrskurðaður í gæsluvarðhald seinnipartinn í gær. Þetta staðfestir Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, í samtali við Fréttablaðið.

Mennirnir tveir voru handteknir á fimmta tímanum aðfaranótt föstudags eftir að hafa stungið mann með eggvopni.

Maðurinn sem varð fyrir árásinni var fluttur á sjúkrahús þar sem hann undirgekkst aðgerð, hann var enn á sjúkrahúsi í gær. Áverkar mannsins voru að sögn lögreglu alvarlegir. ■



Von er á talsverðum gestagangi í Sundahöfn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bjóða fólki um borð í herskipið

kristinnpall@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Forvitnum Íslendingum gefst kostur á að skoða bandaríska herskipið USS Arlington, sem liggur við Sundahöfn, í dag þegar almenningi er boðið að fara um borð í skipið milli klukkan 9 og 16. Ekkert aðgangsgjald verður tekið af gestum sem gera sér ferð um borð en skipið hefur verið við strendur Íslands undanfarna daga eftir að hafa tekið þátt í hernaðaræfingu Atlantshafsbandalagsins hér við land fyrr í þessum mánuði. ■

# Létu rödd sína heyrast á skírdegi




Hópur fólks kom saman á Austurvelli í gær til að lýsa yfir óánægju sinni með sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka sem mikið hefur verið rætt um undanfarna daga. Lögreglan áætlaði að um fimm hundruð hefðu verið viðstödd þegar mest var en nokkrar ungliðahreyfingar stjórnmálaflokkanna komu meðal annars að skipulagningu mótmælanna. Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata, ávarpaði fólkið sem vildi spillinguna burt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Lífið er lag verður hlaðvarpsþáttur

birnadrofn@frettabladid.is

**FJÖLMIÐLAR** Nýir hlaðvarpsþættir, Lífið er lag, hefja göngu sína á hlaðvarpshlekk Fréttablaðsins í dag. Þættirnir voru í sjónvarpi á Hringbraut á árunum 2018-2021 og nutu mikilla vinsælda.

Sigurður K. Kolbeinsson, stjórnandi sjónvarpsþáttanna, ræðir við ýmsa þekkta og óþekkta Íslendinga um lífið og tilveruna í hlaðvarpinu. Sagðar verða skemmtilegar sögur og frásagnir frá því á árum áður sem mörgum kunna að þykja skemmtilegar.

Þættirnir eru 40-50 mínútur að lengd og verða sendir út vikulega, allt árið og birtast á laugardögum. ■

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

Ársfundur 2022

**Ársfundur** Birtu lífeyrissjóðs verður haldinn fimmtudaginn **19. maí kl. 17:00**.

Dagskrá er samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar rétt til setu á ársfundinum og/eða hafa aðgang að streymi fundarins.

**Til fulltrúaráðs launamanna**

Kjörfundur fulltrúa launamanna í Birtu lífeyrissjóði, vegna stjórnarkjörs í lífeyrissjóðnum verður haldinn fimmtudaginn **5. maí kl. 17:30.**

**Upplýsingar um fundina má finna á vefnum birta.is**

# Stóru þjóðirnar farnar að spýta í Eurovision-lófana

Það er ótrúlegt en satt að Englendingum er spáð góðu gengi í Eurovision. Fyrrverandi formaður FÁSES segir þó líklegt að þeir muni klúðra sviðsetningunni.

benediktboas@frettabladid.is

**EUROVISION** „Mér finnst eins og stóru fimm löndin séu að spýta í lófana. Frakkar hafa verið að senda fín lög eins og Ítalía. Spánn sendir fínustu lög en fær því miður ekki kosningu. Þetta er það besta sem Bretar hafa sent í mörg ár,“ segir Flosi Jón Ófeigsson, fyrrverandi formaður FÁSES, sem hefur fylgst vel með aðdraganda Eurovision.

Nú þegar stutt er í að tónlistarfólkið stígi á svið í Tórínó fékk Fréttablaðið Flosa til að skoða hvað sé að gerast úti í hinni stóru Evrópu. Flestir veðbankar spá Úkraínu sigri en Flosi segist ekki vera viss að þetta verði auðveldur sigur. „Þeir verða í topp fimm.“

England hefur yfirleitt sent frekar slakt atriði en nú virðist meðbyr með Sam Ryder sem syngur lagið Space man. Hann er virkur á samfélagsmiðlum og teymið á bak við atriðið virðist vera að gera eitthvað rétt. „Maður hefur alltaf áhyggjur af sviðsetningunni. Bretar eru sérfræðingar í að klúðra henni.“

Töluverð pressa er á Svíum þetta árið en Cornelia Jakobs syngur lagið Hold me closer. Flosi bendir einnig á að Christer Björkman sé farinn til Ameríku til að koma á fót systurkeppni Eurovision: American Song Contest, og horfinn úr teyminu.

„Þetta er fyrsta árið þeirra án hans. Það eina sem ég hef áhyggjur af eru tilfinningarnar á sviðinu. Þetta er þannig lag og það gæti gerst eins og gerðist fyrir Frakka í fyrra,“ segir hann.

„Tilfinningarnar tóku þar yfir og flutningurinn litaðist af því. Það varð á tímabili falskt. En hún er frábær flytjandi og það sást í undankeppninni að hún hefur allt til að bera til að gera vel,“ segir Flosi.



Þær systur Sigga, Beta og Elín eru í dauðariðlinum í Eurovision. MYND/AÐSEND

> ” Maður hefur alltaf áhyggjur af sviðsetningunni. Bretar eru sérfræðingar í að klúðra henni.



Flosi Jón Ófeigsson, Eurovision-sérfræðingur

Hann segir að Svíarnir séu líklegastir af frændþjóðum okkar til að ná langt í keppninni í ár, en þó hefur hann trú á góðu gengi Norðmanna. Finnar senda þekkta hljómsveit en Danir eru ólíklegir til árangurs. Danir eru með okkur Íslendingum í dauðariðlinum svokallaða. Flestir Eurovision-sérfræðingar eru sammála um að kvöldið sem þær systur stíga á svið sé mun betra.

Flosi segir Eurovision-aðdáendur marga sammála um að framlag Íslands sé vel gert, söngurinn og annað. Hann hefur þó áhyggjur af að lagið geti gleymst. „Það skiptir öllu máli að þær mjólki myndavélarnar og að það sé búið að þjálfa þær í því.

Svo gæti vel verið að einfaldleikinn og einlægnin slái í gegn. Að Evrópa sé að leita eftir því og þá erum við í góðum málum,“ segir Flosi. ■

blómaval HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

# Allt fyrir páskana

## Opið í dag um land allt

## Hjólin eru komin

Fyrir alla fjölskylduna

AUTHOR



**Barnareiðhjól**
Energy
Stærð: 20" dekk, 10" grind með Silfurgrind og rauðum gaffli. Grind: 9", grind úr álblöndu 6061. Bremsur: Handbremsur Tektro V bremsur. Skipting: 6 gíra (Shimano). Dekk: 20" x 1,50", þyngd: 10,6 kg. 3901788

**39.890kr**

20" reiðhjól Hentar 115-135 cm á hæð



15%

OUTBACK

**Gasgrill**
Graphite 3b
Grillflötur: 560x380 mm með þremur ryðfríum brennurum og hliðarhellu, afköst 12,4 kW. 3000390

**42.490kr**
~~49.990 kr~~



weber

**Gasgrill** Spirit II
Grillflötur: 60x44,5 cm, efri grind: 55,5x11,5 cm, 3 ryðfríir brennarar: 8,79 kW, pottjárns grillgrindur. 3000257

**89.990kr**

## Trampólín tilboð

í garðinn fyrir sumarið



**Trampolín,**
12 ft Durasport
3,66 metrar, 6 fætur 72 gormar, öryggisnet fylgir, hámarksþyngd á trampolíni er 150 kg. 3900557

**39.990kr**
~~47.990 kr~~

**Trampolín,**
14 ft Durasport
4,26 metrar, 6 fætur, öryggisnet fylgir. 3900586

**45.990kr**
~~54.990 kr~~



**Páskaliljur**
Teta a tete, keramik pottar fylgja ekki. 10323020

**799kr**



20%

**Sýpris**
80-100 cm.

**1.990kr**
~~2.490 kr~~



avasco
Hillurekkar

**20%**
**afsláttur**



Græn vara

LADY
málning

**20%**
**afsláttur**



**Nilfisk**
Háþrýstidælur

**20%**
**afsláttur**

Annar í páskum,
opið í Skútuvogi kl. 11-17

Sjá afgreiðslutíma um páskana á husa.is



**Allir fá íspinna**
í Skútuvogi kl. 12-16
Meðan birgðir endast



**Páska-blóm**
í úrvali

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Þétt setið á Ísafirði þar sem rokkhátíð fór fram eftir langa bið

kristinnpall@frettabladid.is

**ÍSAFJÖRÐUR** „Þetta stóð aðeins tæpt með flugið, við vorum með stærstan hluta flytjendanna á leiðinni í flugi og það munaði bara einhverjum mínútum að það væri ekki hægt að lenda. Ég er viss um það að þau sem voru um borð gleyma þessu aldrei,“ segir Örn Elías Guðmundsson, einnig þekktur sem tónlistarmaðurinn Mugison, spurður um tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður, sem hófst á Ísafirði í gær.

Mugison er í hlutverki rokkstjóra og einn af forsprökkum hátíðarinnar.

„Síðustu tvö ár höfum við þurft að aflýsa með nokkurra daga fyrirvara vegna sóttvarnaráðstafana. Það er því mikil eftirvænting í bænum og við sáum til þess að það yrði allt tilbúið í tæka tíð,“ segir Mugison sem segir fjölmennt um að litast í bænum.

„Ég var í stökustu vandræðum með að finna gistingu í bænum fyrir listamann sem vantaði pláss á síðustu stundu. Það var ekki eitt herbergi laust en okkur tókst að leysa það. Það voru öll gistiheimili og bara öll heimili fullmönnuð og varla eitt herbergi laust.“ ■



Það var strax orðið þröngt á þingi þegar KUSK steig á svið í gær. MYND/ARNÓRB

## ■ Þrjú í fréttum



**Sólveig Anna Jónsdóttir**

formaður Eflingar

og stjórn Eflingar tóku umdeilda ákvörðun um að segja öllu starfsfólki Eflingar upp störfum. Ákvörðunin hefur valdið titringi svo ekki sé meira sagt. Áhrifafólk innan verkalýðshreyfingarinnar hefur gagnrýnt ákvörðunina harðlega. Í viðtali í Kastljósi í vikunni sagði Sólveig uppsagnirnar alls ekki vera hefndaraðgerðir af sinni hálfu heldur vel ígrundaða ákvörðun eftir faglegt og málefnalegt mat.



**Þórólfur Guðnason**

sóttvarnalæknir

gaf út í vikunni að hjarðónæmi gegn Covid-19 væri náð á Íslandi. Útbreiðsla veirunnar sé miklu minni í samfélaginu núna og Omíkron-bylgjan að klárast. Hann segir óvissuna þó enn fyrir hendi og að óvarlegt sé að lýsa faraldrinum lokið.



**Lilja Alfreðsdóttir**

menningar- og viðskiptaráðherra

steig fram í vikunni og lýsti óánægju sinni með sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Hún sagðist ekki hafa verið hlynnt þeirri ákvörðun að selja hlut ríkisins í Íslandsbanka til valins hóps fjárfesta. Deildar meiningar eru þó um hvort og með hve skýrum hætti hún lýsti þessari afstöðu sinni í aðdraganda útboðsins. ■

# Vill bæjarfulltrúa sem samþykktu lausagöngubann úr stjórnmálum

**Listi Kattaframboðsins á Akureyri liggur fyrir og oddvitinn er bjartsýnn á góðan árangur í kosningunum. Hann vill losna við þá sem samþykktu lausagöngubann katta úr bæjarstjórn.**

kristinnhaukur@frettabladid.is



Köttur á Akureyri nýtur frelsisins meðan hann getur. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**AKUREYRI** Snorri Ásmundsson, listamaður og oddviti Kattaframboðsins á Akureyri, er harðorður í garð þeirra bæjarfulltrúa sem samþykktu bann við lausagöngu katta í nóvember síðastliðnum og vill þá úr stjórnmálum. Hann er bjartsýnn á góðan árangur í sveitarstjórnarkosningunum í maí.

„Þarna eru sjö manns sem eiga ekkert heima í pólitík,“ segir Snorri. Hann telur 45 prósent bæjarbúa mjög á móti þessari ákvörðun. „Ég held að við náum fleiri en tveimur mönnum inn. Væntingar mínar eru að við verðum stærsti flokkurinn í bæjarstjórn.“

Á Akureyri er enginn meiri- eða minnihluti heldur starfa allir ellefu bæjarfulltrúarnir saman. Eva Hrund Einarsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, lagði fram tillöguna sem var samþykkt af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins, Miðflokksins og öðrum fulltrúa L-listans. Hinn fulltrúi L-listans, ásamt fulltrúum Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, var á móti banninu sem hefur verið harðlega gagnrýnt, meðal annars af Dýralæknafélagi Íslands.

Snorri segir fólkið á lista Kattaframboðsins óvant í stjórnmálum og vera enn að móta sína stefnu en listinn, sem fékk bókstafinn K, var kynntur á þriðjudag. Þau sitja í umboði katta sinna, meðal annars Snúbba, Pjakks, Pusegutts og Mollýjar Mjáfjörð. „Kötturinn fer sínar eigin leiðir og við erum opin fyrir því að mæta því sem á vegi okkar verður,“ segir Snorri. Engin stefna hafi verið ákveðin önnur en sú að vinna fyrir náttúruna og gegn dýraníði.

> ” Ég lít svo á að við mannfólkið séum aðeins þjónustufólk fyrir ketti.



Snorri Ásmundsson, oddviti Kattaframboðsins

Hann segir lausagöngubannið hafa verið kveikjuna að framboðinu en það verði ekki lagt niður náist að fá banninu hnekkt. Tilgangurinn verði áfram að vernda dýrin. Snorri segir framboðinu hafa verið mjög vel tekið. Enn sé ekki ljóst nákvæmlega hvernig baráttu framboðsins verði háttað en fólkið á listanum sé nú að skipta með sér verkum. Snorri útilokar ekki u-beygjur í þeim efnum, líkt og kettirnir taka.

„Kettir hafa verið dáðir og dýrkaðir í mörg þúsund ár, alveg síðan á tímum Forn-Egypta. Ég lít svo á að við mannfólkið séum aðeins þjónustufólk fyrir ketti,“ segir Snorri.

Dýravernd er aðeins lítill hluti af skyldum sveitarfélaga. Spurður hvernig framboðið hyggist taka á skipulagsmálum, skólamálum, félagsmálum og fleiru í þeim dúr segir Snorri stjórnmálamenn ofmetna í þeim efnum.

„Ég trúi á embættismannakerfið,“ segir Snorri. „Embættismannakerfið heldur öllu gangandi. Stjórnmálamenn eiga að hafa sem minnst afskipti.“ Bendir hann á að Belgar hafi verið án ríkisstjórnar í nærri tvö ár, árin 2010 og 2011, og allt hafi gengið eins og í sögu. Aðeins þegar breyta eigi hlutum þurfi stjórnmálamenn að koma að og þeir séu yfirleitt til trafala. ■




FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.

Gott úrval af dekkjum og felgum.
Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:

Dekkja- og felgugangar:
32” 255/75R17 - 199.000 kr.
33,5” 285/60R20 - 199.000 kr.
33” 275/70R18 - 179.000 kr.

Dekkjagangur:
32” 255/75R17 - 69.960 kr.
30,5” 285/60R20 - 79.600 kr.
33” 275/70R18 - 79.600 kr.

Fleiri stærðir í boði. Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323






ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00

Hringferð **SA** 2022

# Fyrirtækin okkar og framtíðin

Í maí fundum við með félagsfólki SA um allt land. Ræðum efnahagsmálin, komandi kjaraviðræður og það sem þér finnst skipta máli.

## DAGSKRÁ HVERS FUNDAR

**Fyrri hluti** → Sérfræðingar SA kynna stöðu efnahagsmála og eiga vinnufund með félagsmönnum til að fá þeirra innlegg í komandi kjaraviðræður.

**Síðari hluti** → Fræðsla til félagsmanna um starfsmanna- og kjaramál. Sérfræðingar vinnumarkaðssviðs SA fara yfir starfsmanna- og kjaramál sem félagsmenn óska eftir að tekin verði fyrir og skipta fyrirtækin okkar máli.

## DAGSKRÁ

**5. maí** → Borgarnes
**11. maí** → Ísafjörður
**12. maí** → Akureyri
**17. maí** → Vestmannaeyjar
**18. maí** → Selfoss
**25. maí** → Egilsstaðir
**31. maí** → Reykjavík

Fleiri fundir auglýstir síðar.

Nánari upplýsingar um fundina og skráningu má finna á **sa.is**.




sa.is

# Almannavarnir stofnaðar til að verja landið

Umræður um hermál hér á landi eru ekki nýjar af nálinni. Lítið hefur farið fyrir umræðu um varnarmál síðan ameríski herinn fór burt 2006 en nú hefur lífi verið blásið í gamlar glæður.

bth@frettabladid.is



Frá heræfingu í Hvalfirði fyrir skemmstu. Meiri áhugi virðist á að efla varnir Íslands þessa dagana en oft áður og tengist það innrás Rússa í Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ÖRYGGISMÁL** Fyrir nokkrum dögum sagði Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þá starfandi utanríkisráðherra í fjarveru Þórdísar Reykfjörð, að ekki væri útilokað að opnuð yrði herstöð að nýju á Íslandi. Umræða hefði þó ekki farið fram um slíkt.

Umræða um varnir Íslands og hvernig þeim verður best komið við er jafngömul lýðveldissögunni. Velta ríkjandi hugmyndir jafnan á óróleikanum í veröldinni.

Í yfirlitsgrein Guðna Th. Jóhannessonar, sem birtist í Herðubreið árið 2014, varpar sagnfræðingurinn, sem nú er forseti Íslendinga, nokkru ljósi á sögulega punkta í þessum efnum. Í greininni kemur fram að árið 1962 voru Almannavarnir ríkisins stofnaðar og þeim var upphaflega ætlað að skipuleggja varnir og viðbrögð við hernaðarvá þótt þær hafi annað hlutverk í dag.

Að hluta áttu Almannavarnir að „fylla upp í það skarð í innri vörnum landsins sem hlaust af því að hér var ekkert heimavarnarlið, þjóðvarnarlið eða varalögregla". Lögin um almannavarnir sögðu það „borgaralega skyldu" allra landsmanna á aldrinum 18 til 65 ára að gegna endurgjaldslaust starfi í þágu almannavarna á stríðstímum eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og að óheimilt væri að hverfa af vettvangi án leyfis.

Þetta minnir ögn á hlutskipti Úkraínumanna sem nú berjast til dauða. Er skemmst að minnast frásagnar Ívans, sem Fréttablaðið ræddi við í þorpinu Medyka, rétt áður en hann gekk yfir landamærin frá Póllandi til Úkraínu í lok mars þessa árs, bissnessmaður á sextugsaldri sem hafði auðgast í viðskiptum í Ástralíu. „Ég er að gera skyldu mína," sagði Ívan og sagðist ekki hræðast rauðan dauðann.

> **Almannavörnum var upphaflega ætlað að skipuleggja varnir og viðbrögð við hernaðarvá þótt þær hafi annað hlutverk í dag.**

Guðni segir að lögin um Almannavarnir ríkisins hafi notið frekar lítils stuðnings í samfélaginu. Í Þjóðviljann var skrifað 1967 að lögin bæru keim af herskyldu sem mönnum geðjaðist ekki. Lögum um almannavarnir var breytt þannig að þær tækju til varna við náttúruhamförum.

Svo stiklað sé á stóru í sögu lýðveldisins vildi Bjarni Benediktsson forsætisráðherra að Íslendingar stofnuðu eigin varnarsveitir sem gætu með tíð og tíma tekið að einhverju leyti við hlutverki Bandaríkjahers hér á landi. Taldi Bjarni að styðjast mætti við Landhelgisgæsluna við uppbyggingu slíks liðs.

„Að mati Bjarna gat Ísland vart talist sjálfstætt ríki ef það tæki ekki beinan þátt í eigin vörnum og „dvöl erlends herliðs á Íslandi til langframa væri að nokkru leyti niðurlægjandi," bendir Guðni á.

Síðan hafa reglulega blossað upp umræður um her eða ekki. Árið 2001 var ráðist á Tvíburaturnana. Mátti þá halda fram að Ísland væri veikasti hlekkurinn í keðju Atlantshafsbandalagsríkjanna, að því er kemur fram í grein Guðna. Hugmyndir um varalögreglu eða annars konar fastalið blossuðu upp. Við breytingu á lögreglulögum sumarið 1996 höfðu eldri ákvæði um varalögreglu verið felld niður.

Vorið 2003 varð Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra. Hann var sömu skoðunar og faðir hans Bjarni hafði verið á sinni tíð; að Íslendingar ættu að efla eigin varnir eftir bestu getu.

Björn hafði reyndar snemma árs 1995 í embætti menntamálaráðherra vakið máls á nauðsyn þess að stofna þúsund manna her. Á Íslandi ætti að vera 500 til 1.000 manna lið undir vopnum sem sæi síðan um að þjálfa fjölmennara varalið. Þær sveitir gætu eflt öryggi „á lykilstöðum á landinu án þess að kveðja þyrfti til liðsauka frá Bandaríkjunum og einnig verið til stuðnings í hamförum," eins og kemur fram í grein Guðna.



Frá stjórnstöð almannavarna í dag. Ef upprunaleg lög giltu um almannavarnir mætti velta fyrir sér hvort Víðir væri aðmíráll! FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Óskir Björns Bjarnasonar um íslenskt þjóðvarðlið eða heimavarnarsveitir fengu ekki hljómgrunn innan þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat. Ameríski herinn hvarf af landinu árið 2006 og ári síðar kynnti Björn hugmyndir um 240 manna launað varalið lögreglu og almannavarna. Liðsmennirnir skyldu koma úr röðum björgunarsveita, slökkviliðs, öryggisvarða, friðargæsluliða og fyrrverandi lögregluþjóna. Össur Skarphéðinsson, þá þingflokksformaður Samfylkingarinnar, talaði um „tindátaleik fyrir fullorðna".

Ef saga landsins er skoðuð hafa þeir sem hallast til hægri jafnan haft meiri áhuga á her og vörnum hér á landi en vinstrimenn. Gildir einu hvort um ræðir íslenskt herlið eða erlent. Áslaug Arna hefur með ummælum sínum, um að ekki sé hægt að útiloka herstöð að nýju á landinu, hent gömlum bolta á loft. ■







Margir hafa þurft að bíða lengi eftir leigubíl að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hátt í hundrað leigubílstjórar enn með atvinnuleyfi sitt í innlögn

adalheidur@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Þeir leigubílstjórar sem lögðu atvinnuleyfi sitt inn til Samgöngustofu þegar faraldurinn geisaði hafa alls ekki allir snúið aftur á götuna. Innlögð leyfi voru tæplega þrisvar sinnum fleiri í mars síðastliðnum en í sama mánuði árið 2019, þegar faraldurinn skall á.

Þegar innlagnir náðu hámarki í faraldrinum voru 120 atvinnuleyfi inniliggjandi tímabundið. Í mars síðastliðnum voru 86 atvinnuleyfi í tímabundinni innlögn en til samanburðar voru 38 atvinnuleyfi í slíkri innlögn í mars 2019. Þetta kemur fram í svari Samgöngustofu við fyrirspurn Fréttablaðsins. Í svarinu segir að leyfishöfum sé heimilt að leggja atvinnuleyfi sitt tímabundið inn í allt að fjögur ár. Með því er ekki verið að skila inn leyfinu heldur er það ekki nýtt í tiltekinn tíma.

Frá því að samkomutakmörkunum var aflétt hafa djammarar kvartað undan því að löng bið sé eftir leigubíl í miðborg Reykjavíkur um helgar.

Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra hyggst bregðast við þessu með fjölgun á þeim leyfum sem heimilt er að gefa út á suðvesturhorni landsins og fara þau úr 580 í 680, samkvæmt drögum að nýrri reglugerð. Um er að ræða takmörkunarsvæði I, sem er höfuðborgarsvæðið og Suðurnes.

Fjöldi leyfa hefur staðið í stað í áratugi. Forsvarsmenn leigubílafyrirtækja hafa bent á að það vanti allt að 200 ný leyfi til að takast á við fyrirséðan fjölda ferðamanna í sumar. ■


Mesta rafbílaúrval landsins
100% rafmagn, Plug-in Hybrid
eða Hybrid. Framtíðin er á bl.is
Lokað í dag 16. apríl.
Skoðaðu mesta
rafbílaúrval landsins á bl.is
B|L
BMW
MINI
JAGUAR
LAND ROVER
NISSAN
DACIA
RENAULT
SUBARU
HYUNDAI
MG
INVICTA ELECTRIC

/Augljos

Fríar forskoðanir
fyrir laseraðgerðir
út apríl

Tímapantanir 414 7000




BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is



Morð á fjölda almennra borgara í bænum Bútsja í Úkraínu eru meðal þess sem rannsakað er sem stríðsglæpir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Ísland ekki í hópi ríkja sem styrkja stríðsglæpadómstól

**Rannsóknir á stríðsglæpum Rússa í Úkraínu hófust aðeins viku eftir innrásina. Mörg ríki hafa stutt rannsóknirnar með fjárframlögum. Íslenskir þingmenn vilja einnig leggja þeim lið.**

urduryrr@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Ísland er ekki í hópi þeirra ríkja sem veitt hafa sérstakan fjárstuðning til Alþjóðlega sakamáladómstólsins. Þrjátíu þingmenn hafa hins vegar lagt fram tillögu á Alþingi um 10 milljóna framlag.

Dómstóllinn opnaði rannsóknir á stríðsglæpum í Úkraínu 2. mars, aðeins tæpri viku eftir að stríðið hófst. Á þeim tíma hafði dómstóllinn fengið tilvísanir frá 39 löndum um að rannsaka þyrfti mögulega stríðsglæpi í Úkraínu, þar á meðal frá Íslandi. Rúmri viku seinna bættust Japan og Norður-Makedónía við listann.

Tæpri viku eftir að rannsóknir á stríðsglæpum hófust óskaði dómstóllinn eftir stuðningi frá aðildarríkjum og hafa fjölmörg ríki veitt dómstólnum stuðning, þar á meðal Svíþjóð, Danmörk og Finnland.

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, þingmaður Viðreisnar, hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um að auka fjárframlög Íslands til Alþjóðlega sakamáladómstólsins. Verði tillagan samþykkt mun íslenska ríkið styrkja dómstólinn um 10 milljónir íslenskra króna.

Þorbjörg var starfandi saksóknari hjá ríkissaksóknara áður en hún settist á þing. „Almennur borgari í stríði árið 2022 er í miklu sterkari stöðu heldur en fyrir einhverjum áratugum síðan,“ segir Þorbjörg spurð um rannsóknir dómstólsins sem fara óvenju snemma af stað. Í sögulegu samhengi hafa stríðsglæpir oft ekki komið í ljós fyrr en einhverjum vikum eða jafnvel mánuðum eftir að átökum lýkur.

Stærsti áhrifaþátturinn í því hversu hratt upplýsingar berast nú er útbreidd notkun snjallsíma og myndavéla. Þessi sítenging þekktist varla fyrir áratug og afleiðing þess er að nú getur fólk í miðjum átökum deilt myndum og myndböndum á netinu af því sem er að gerast.

„Frásagnirnar berast okkur jafnóðum og í því felast ótrúlega sterk verkfæri og ótrúlega mikið tækifæri fyrir alþjóðasamfélagið til að koma ekki bara einhverjum árum seinna,“ segir Þorbjörg.

Stafrænu öldinni fylgja ókjör upplýsinga, sem getur bæði hjálpað og gert erfiðara að varpa ljósi á hvað gengur raunverulega á í miðju stríði.

Á sama tíma og auðveldara er að dreifa upplýsingum er líka auðveldara að dreifa fölskum upplýsingum og skapa upplýsingaóreiðu þar sem hinn almenni snjallsímanotandi hefur ekki tíma eða tök á að sannreyna allar þær upplýsingar sem honum berast.



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, þingkona Viðreisnar

Fyrir dómstólinn þýðir þetta að fara þurfi í gegnum ógrynni upplýsinga við rannsóknir á stríðsglæpum, með tilheyrandi vinnu. „Það er þannig með allar svona stórar rannsóknir að það er auðvitað ekki allt tekið,“ segir Þorbjörg. „Það er ekki allt, þó að það sé hræðilegt, sem nær þeim þröskuldi að vera stríðsglæpur.“

Þrjátíu þingmenn eru meðflutningsmenn tillögu Þorbjargar en í greinargerð með tillögunni segir að með fjárframlaginu „sýni íslensk stjórnvöld einarða afstöðu sína gegn stríðsglæpum og styðji viðbrögð alþjóðasamfélagsins við þeim.“

Þorbjörg segir mörg ríki þegar hafa veitt dómstólnum fjárframlög, í einhverjum tilfellum séu það aðeins táknrænar upphæðir, í þeim tilgangi að sýna stuðning úr öllum áttum.

„Það er einlæg ósk mín að þetta verði, af því það skiptir líka máli fyrir fólk að það heyrist út á við að þetta sé raunverulegt verkfæri, svona sakamálarannsókn, og svona dómstóll,“ segir Þorbjörg. ■

Kúnstpása

Sjúk ást

Ari Ólafsson tenor 19. apríl kl 12.15.
Hrönn Þráinsdóttir píanó Norðurljós

ÍSLENSKA ÓPERAN



# Opið í dag laugardag 10-20

allar verslanir



**Lokað á morgun páskadag**

í öllum verslunum



**Bónus óskar landsmönnum öllum gleðilegra páska**



BÓNUS

# Frelsið kostar



**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Á meðan viðbjóðsleg styrjöld geisar í Evrópu, sem engan gat órað fyrir að myndi brjótast út á okkar tímum, er býsna brýnt að benda á þá beittu staðreynd að frelsið kostar – og það er heldur ekki lausavara sem hægt er að gefa afslátt af þegar líður að síðasta söludegi.

Í ljósi þessa ber að líta ákall Úkraínumanna til evrópskra lýðræðisríkja um að hætta nú þegar öllum viðskiptum við Rússa sem eru að murka lífið úr saklausri alþýðu manna í sínu næsta nágrannaríki.

Það er eðlileg krafa valdhafanna í Kænugarði að ríki sem líta á sig sem þroskuð lýðræðisríki taki sér nú ærlegt tak og slíti á öll samskipti við Rússa. Það dugar ekki að draga úr olíu- og gaskaupum, því á meðan eitthvað er keypt eru það blóðpeningar sem notaðir eru til að greiða fyrir varninginn að austan.

Stóra siðferðisspurningin er auðvitað þessi: Eru þær þjóðir Evrópu sem nú geta um frjálst höfuð strokið tilbúnar að borga gjaldið eða ætla þær sér áfram að vera undirlægjur Rússa sem drýgja stríðsglæpi á hendur frændum sínum vestan landamæranna?

Eru þjóðir á borð við Ísland ekki tilbúnar að fórna einhverju af lífsgæðum sínum á meðan óbreyttir borgarar Úkraínu eru fúsir að grípa til varna og leggja líf sitt að veði fyrir frelsi og frið sem þeir óska sér öðru fremur? Á ríkjandi Evrópustríð öðru fremur að vera kostnaður þeirra sem harðast verða fyrir barðinu á innrásinni og yfirganginum?

Evrópuríki hafa vissulega dregið úr innflutningi á vörum frá Rússlandi, svo og útflutningi þangað, en enn er það samt sem áður svo að Kremlarherrarnir, sem engan áhuga hafa á mannréttindum og mannslífum, græða á tá og fingri á neysluglöðum ríkjunum í vestri. Þau kaupa enn þá rússneskt gas og olíu fyrir milljarð evra á dag. Já, á dag.

Auðvitað er það rétt hjá Úkraínumönnum, sem horfa upp á líkin á götunum, að fyrir þennan varning er borgað með blóðpeningum.

Lýðræðisríki álfunnar verða því að velja á milli efnahagslegrar velferðar og frelsis. Fjárhagstjón almennings af hærra olíuverði verða stjórnvöld að bera tímabundið. Það er það sem stríðið kostar. Það er það sem frelsið kostar.

Og um þetta snýst stríðið í Evrópu. Viljum við áfram styðja Rússa? Eða viljum við borga frelsið réttu verði? ■

> ”
> **Lýðræðisríki álfunnar verða því að velja á milli efnahagslegrar velferðar og frelsis.**

GEÐVERND

**AÐALFUNDUR**
**Geðverndarfélagsins 2022**

verður haldinn í Hátúni 6A, 2. hæð,
**fimmtudaginn 28. apríl nk kl. 17.**

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf skv. 6. gr. laga félagsins.

*Stjórnin.*

## Gunnar




## Mín skoðun

# Þriðji í páskum



**Sif Sigmarsdóttir**

Á morgun er páskadagur. Honum fylgir svo annar í páskum. Til ársins 1770 var þriðji í páskum almennur frídagur. Kristjáni VII Danakonungi fannst íslensk alþýða hins vegar fá allt of mikið frí og var dagurinn því afhelgaður.

Nýtt æði grípur nú um sig í Kína. Á morgun er ár frá því að fræg bloggfærsla birtist á netinu eftir ungan Kínverja, Luo Huazhong. Í færslunni, sem fór eins og eldur um sinu, sagði Luo frá því hvernig hann hefði snúið bakinu við hefðbundnum hugmyndum kínversks samfélags um vinnusemi og velgengni, hætt í verksmiðjustarfinu sínu og tekið upp lífsstíl sem hann kallaði „tangping“ eða „liggja flatur“. Luo tileinkaði sér nægjusemi, vann þegar þess þurfti og reyndi helst að taka því rólega.

Mörg kínversk ungmenni snúa nú bakinu við lífsgæðakapphlaupinu og „leggjast flöt“. Xiang Biao, prófessor við Oxford-háskóla, segir Kínverja vera að átta sig á að síaukin efnisleg gæði séu ekki tilgangur lífsins. Rithöfundurinn Liao Zenghu kallar uppátækið „andspyrnuhreyfingu“ gegn löngum vinnudögum en í Kína notast fyrirtæki gjarnan við svo kallaða „996 tímatöflu“ sem kveður á um að starfsmenn vinni frá níu til níu sex daga vikunnar.

**Siðferðileg skylda**

Fyrir tæpum hundrað árum spáði hagfræðingurinn John Maynard Keynes því að árið 2028 yrði vinnuvikan ekki nema 15 klukkustundir. Vegna tækniframfara og aukinnar skilvirkni þyrfti ekki meira til að fullnægja þörfum okkar.

Samkvæmt rannsókn afkastar starfsmaður á skrifstofu jafnmiklu á einni og hálfri klukkustund og kollegi hans gerði á heilum vinnudegi árið 1970. Þrátt fyrir gífurlega framleiðniaukningu síðustu áratugi hefur almennur vinnutími lítið breyst frá því að hann tók að miðast við 40 stundir á viku, sem leitt var í lög hér á landi árið 1971. En kannski verður það annað en aukin framleiðni sem færir okkur frítímann sem Keynes lofaði okkur.

Tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar og ríkisins um styttingu vinnuvikunnar sem fram fór á árunum 2015-2019 vakti heimsathygli. Bretar hyggjast nú leika tilraunina eftir. Mörg þúsund starfsmenn í Bretlandi munu í sumar aðeins vinna fjóra daga í viku en fá greidd full laun. Ástæða áhuga Breta á tilrauninni er þó ekki velgengni heldur krísa.

„Að lifa lífinu er eitt það sjaldgæfasta í veröldinni,“ er haft eftir rithöfundinum Oscar Wilde. „Flestir eru bara til.“ Kórónaveirufaraldurinn varð til þess að margir Bretar endurmátu áherslurnar í lífi sínu. Stór hluti virðist hafa komist að þeirri niðurstöðu að hann vildi „lifa“ en ekki bara „vera til“.

Hin hefðbundna tveggja daga helgi festi sig víða í sessi sem viðbrögð við vandamáli sem þurfti að leysa. Í Bandaríkjunum gerðist það til að mynda vegna atvinnuleysis í kjölfar kreppunnar miklu; styttri vinnutími tryggði fleirum störf.

Skortur er á starfsfólki í Bretlandi. Atvinnurekendur reyna nú að laða til sín fólk í kjölfar heimsfaraldursins með loforði um þriggja daga helgi.

Stytting vinnuvikunnar hefur ekki aðeins burði til að bæta heilsu, auka hamingju, minnka atvinnuleysi og ofneyslu. Ný bresk rannsókn sýnir að stytting vinnuvikunnar í 21 stund myndi minnka kolefnislosun Breta um 20 prósent en það samsvarar útblæstri alls bílaflota landsins.

Kommúnistaflokkur Kína berst nú gegn því að fólk „leggist flatt“ og segir athæfið „rangt“ og „skammarlegt“. En kannski er það einmitt rangt og skammarlegt að leggjast ekki flöt. Er það ekki siðferðileg skylda okkar að endurvekja þriðja í páskum? ■

> ”
> **Stytting vinnuviku hefur ekki aðeins burði til að bæta heilsu, auka hamningju, minnka atvinnuleysi og ofneyslu.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

ÚRVAL ÚTSÝN

BORGARFERÐIR | GOLFFERÐIR | SÉRFERÐIR | HÓPFERÐIR | HREYFIFERÐIR

# EKKI LÁTA ÞÉR LEIÐAST!

## ÆVINTÝRALEGT ÚRVAL FERÐA Á UU.IS

### PORTO, PORTÚGAL
BORGARFERÐ

ÖRFÁ SÆTI LAUS

05. - 08. MAÍ

Helga Torberg

Púrtvín, golf, fljótasigling á Douro, steinlagðar götur, falleg torg. Þú finnur þetta og meira til í Porto.

VERÐ FRÁ **116.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

### ÍTALÍUÆVINTÝRI
SUMARFEGURÐ VIÐ GARÐAVATN

12. - 19. JÚNÍ

Anna Ólöf Sveinbjörnsd.

Einstök sælkeraferð þar sem Ítalía er sótt heim. Í þessari ferð verður smakkað, skoðað og notið lífsins.

VERÐ FRÁ **287.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna..

### ALICANTE, SPÁNN
BORGARFERÐ

ÖRFÁ SÆTI LAUS

20. - 25. APRÍL

Frábært veður í fallegri borg með ómótstæðilega Miðjarðarhafsmenningu. Ekki missa af þessari ferð.

VERÐ FRÁ **129.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna..

### ÆVINTÝRI Á ZANZIBAR
AUSTUR AFRÍKA

NÝTT

17. - 29. SEPTEMBER

Kristján Steinsson

Ævintýraferð til hinnar goðsögukenndu eyju Zanzibar undan Afríkuströndum.

VERÐ FRÁ **499.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

### GARDAVATN OG NÁGRENNI
Í ÍTÖLSKU ÖLPUNUM

VINSÆLT

03. - 10. SEPTEMBER

Margrét Laxness

Vel skipulögð ferð um Gardavatn og nágrenni Ítalíu með fjölda skoðunarferða inniföldum í verði.

VERÐ FRÁ **287.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

### JÓRDANÍA
ÆVINTÝRALEG FERÐ

VINSÆLT

13. - 25. OKTÓBER

Kristján Steinsson

Komdu með á vit magnaðra söguslóða, litríkrar menningar og skínandi sólar í konungsríkinu Jórdaníu.

VERÐ FRÁ **489.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

## SKOÐAÐU FJÖLDA FERÐA Á VEFSÍÐU OKKAR UU.IS

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS



# HAGKAUP

## Allt fyrir páskana




**Lambakótilettur Trufflu eða smjörmarinering**




**Lambahryggur**



**Fyllt hátíðarlambalæri með camembert eða gráðaosti og döðlum**




**Ítölsk parmaskinka 12, 18 og 20 mánaða**




**Ólífuolía**

- Trufflu
- Chilli
- Hvítlauks




**Risotto:**

- Fjögurra osta
- Trufflu
- Saffran




# HAGKAUP

## Smjörsprautað kalkúnaskip

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við sérframleiða smjörsprautað kalkúnaskip samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Kalkúnaskipið er unnið úr fyrsta flokks hráefni sem tryggir hámarks gæði.




### Tilbúin kalkúnasósa

599 kr/stk



### Hagkaups hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum til að tryggja hámarks gæði. Hryggurinn er léttsaltaður og léttreyktur sem skilar sér í einfaldari eldun. Hrygginn þarf því ekki að forsjóða heldur einungis að elda í ofni.



### Veislulæri Hagkaups

Marinerað og kryddað með ferskum kryddjurtum: Sítrónuberki, hvítlauk, kóriander, salvíu, majoran, steinselju, oregano og rósmarín.

# Vinir okkar og óvinir

Simon Sadler, eigandi enska knattspyrnufélagsins Blackpool, bættist í ört stækkandi hóp Íslandsvina þegar hann keypti hlut í Íslandsbanka fyrir rúmar 300 milljónir króna. Sadler sest í hóp með stórum stjörnum sem elska land og þjóð. Á hinni hliðinni á peningnum má finna óvini lands og þjóðar, en þeir eiga sameiginlegt að hafa sært þjóðarstoltið.

benediktboas@frettabladid.is



## Vinir



**David Beckham**

Vinátta Beckhams og Björgólfs Thors hefur orsakað að Beckham er hér reglulegur gestur og veiðir fisk. Kappinn birti myndir og myndbönd af sér á samfélagsmiðlum þar sem hann var að veiða í Haffjarðará og fékk sér örlítinn sundsprett. Beckham virtist líða vel hér á landi því hann er yfirleitt ekki svo opinn á sínum samfélagsmiðlum þegar kemur að heimsóknum.



**Patrick Mahomes**

Leikstjórnandinn Patrick Mahomes eyddi sumrinu hér á landi þegar Kansas City Chiefs afhentu honum lyklana að sóknarleik liðsins. Kærasta hans var þá að spila hér á landi. Síðan hefur hann unnið NFL og skrifað undir stærsta samning í sögu deildarinnar.



**Phil Foden**

Foden gerði allt vitlaust meðan á dvöl hans hér á landi stóð í verkefni enska landsliðsins, en hann og hrottinn Mason Greenwood smygluðu tveimur yngismeyjum upp á hótel til sín þar sem þau áttu ástarfund. Atvikið varð að heimsfrétt enda brutu þeir félagar sóttvarnir í miðju Covid-ástandi heimsins. Foden og Greenwood voru sendir með skottið á milli lappanna heim til Englands.



**David Moyes**

Moyes fjölskyldan hefur verið kölluð Íslandsvinir númer eitt. Sir David Moyes hélt upp á áttræðisafmælið sitt hér á landi árið 2016 og komu þá synir hans í partíið. Meðal annars David litli Moyes sem nú stýrir West Ham. Sá var hér á landi í nokkra mánuði 1978 og sló Daily Mail því upp árið 2013 að dvölin í Vestmannaeyjum hefði gert Moyes litla að manni.

## Óvinir



**Cristiano Ronaldo**

Stærsta íþróttastjarna heims, Cristiano Ronaldo, varð ekkert voðalega vinsæll eftir leik Íslands á EM árið 2016. Hann neitaði að skipta á treyju við Aron Einar Gunnarsson og vandaði okkar mönnum ekki kveðjurnar eftir leik. „Ísland reyndi ekkert. Það var bara vörn, vörn, vörn og skyndisóknir. Þeir fengu færi og skoruðu eitt mark,“ sagði Ronaldo eftir leikinn sem fór 1-1.



**Santiago Ponzinibbio**

UFC-bardagakappinn Santiago Ponzinibbio er ekki hátt skrifaður hjá íslensku þjóðinni eftir að hafa beitt óþverrabrögðum til að leggja Gunnar Nelson. Ponzinibbio potaði ítrekað í augu Gunnars meðan á bardaganum stóð og tapaði Gunnar eftir rothögg í 1. lotu.



**Danir**

Frændur okkar hafa farið illa með okkar stolt að undanförnu. Sérstaklega handboltastoltið. Fyrst var það Ulrik Wilbek sem bolaði Gumma Gumm burt úr landsliðsþjálfarastólnum með baktjaldamakki svo eftir var tekið. Svo var það núverandi landsliðsþjálfari Nikolaj Jacobsen núna á EM, en Jakobsen sagði fyrir leik: „Ég skulda Íslandi ekki neitt,“ og kaus að hvíla lykilmenn – sem kom svo í bakið á honum og Danir fóru heim.



**Viktor Kortsnoj**

Ótrúleg hegðun hans við skákborðið 1988 gerði íslensku þjóðina hoppandi reiða en Kortsnoj blés sígarettureyk framan í Jóhann Hjartarson í einvígi í Kanada. Þjóðin, sem þá var skákóð, fokreiddist. Jóhann hafði unnið hug og hjörtu landsmanna með rólegu fasi sínu en Kortsnoj stimplaði sig inn sem óvin þjóðarinnar. Jóhann vann sigur í einvíginu, 4½-3½ eftir bráðabana við mikinn fögnuð Íslendinga.

# EXTRA

# OPIÐ ALLA PÁSKANA

| | |
|---|---|
| **Barónsstígur** | **8-24** |
| **Akureyri** | **24/7** |
| **Reykjanesbær** | **24/7** |

Þú færð ódýrara páskegg hjá okkur, annars endurgreiðum við mismuninn*
Gildir til 18.apríl.



***Sýna þarf kvittun samdægurs.**
**Gildir aðeins fyrir páskaegg frá Nóa, Freyju og Góu.**
**Gildir ekki um páskegg nr. 1.**



BJORK@FRETTABLADID.IS

# Ekkert páskastress

Þá er hún upprunnin, upprisuhátíðin, þessi allra besta hátíð almanaksins. Páskarnir eru áreynslulaust frí flestra frá vinnu og daglegu amstri, sem aðra daga allt gleypir. Fyrir páskana þarf ekki að þrífa allt hátt og lágt og hvorki þarf að finna sér páskakjól, né heldur passa í hann. Óþarfi er að finna ættingjum og vinum páskagjafir og aldrei hef ég heyrt talað um páskastress.

Samkvæmt Markúsarguðspjalli var það einmitt á páskadegi sem Maríurnar tvær: Magdalena og móðir Jakobs, urðu varar við að Jesús var ekki lengur í gröf sinni enda hafði hann risið upp frá dauðum. Samkvæmt sögu þeirri lifði Jesús því þrátt fyrir að hafa verið tekinn af lífi á krossinum og í kjölfarið eru páskarnir mesta hátíð kristinna manna.

En hvort sem þú, lesandi góður, haldir nú sem kristinn maður upp á upprisu Jesú eða fagnir einfaldlega fimm daga helgi vona ég að þú njótir með þínu allra besta fólki, með góðum mat, jafnvel drykk, óhóflegu súkkulaðiáti og auðvitað eins og þú virðist vera að gera, við lestur helgarblaðs Fréttablaðsins.

Gleðilega páska.■

**„Fyrir páskana þarf ekki að þrífa allt hátt og lágt og hvorki þarf að finna sér páskakjól, né heldur passa í hann.**

## Við mælum með

**Grazie Trattoria**

Á glænýjum ítölskum veitingastað ofarlega á Hverfisgötunni er ekki aðeins tekið á móti gestum af snyrtilegum fullorðnum herramönnum, enda auglýsti rekstraraðilinn sérstaklega eftir starfsfólki yfir sextugu, heldur eru á matseðlinum þær allra bestu pítsur sem fáanlegar eru í Reykjavík. Örlítill keimur af Napólí er kominn alla leið á Hverfisgötuna og pítsuunnendur bara verða að prófa.





**Aldrei fór ég suður**

Tónlistarhátíðin á Ísafirði hefur fyrir löngu slegið í gegn og er bærinn ásamt nágrannabæjarfélögum yfirfullur af aðkomufólki sem og heimamönnum yfir páskahátíðina. Þeir sem ekki komust alla leið vestur þurfa þó ekki að missa af tónlistarveislunni en bein útsending verður á RÚV 2 í kvöld klukkan 19.30. Meðal listamanna sem koma fram eru Moses Hightower, Mugison, Flott, Gugusar og Aron Can.■

# Páskahelgi matarveislna og slökunar

Páskarnir eru í uppáhaldi hjá ansi mörgum enda hjá flestum löng helgi þar sem samvera ásamt góðum mat er í fyrirrúmi. Við hleruðum nokkra skemmtilega einstaklinga um páskaplön þeirra.

bjork@frettabladid.is

### Brönsinn veigamikill



**Gísli Marteinn Baldursson**
*dagskrárgerðarmaður*

Gísli Marteinn er vanalega fastur í vinnu um helgar en þessa helgina fær hann frí, enda segist hann sérlega hrifinn af páskunum þegar um sé að ræða frí án pressu.

„Páskarnir eru svo stórkostleg hátíð, því það er gott frí, kyrrð og ró, en engin pressa á að gera eitthvað sérstakt. Það er ekki sami frammistöðukvíði og getur fylgt jólum eða öðrum hátíðum og ekki jafn svakaleg neysla og er um jólin. Svo er vorið að koma og minnir mann á að þetta var auðvitað einhvers konar frjósemishátíð hér einu sinni.“

Gísli ætlar bæði að vera í bænum og í sumarbústað í Skorradal þessa páskahelgina.

„Ég veit ekki alveg hvernig ég skipti því en ég er líka að passa hund, þannig að ég verð í löngum göngutúrum og við Garpur munum þefa af vorinu í sameiningu og athuga hvort við heyrum í lóum.“

Spurður um matseldina um páskana svarar Gísli:

„Ef ég kemst í góðan krækling þá finnst mér það kjörinn matur á föstudaginn langa, svo er helgin sjálf dálítill brönstími og kannski við gerum okkur shakshuku eða egg benedict og svo eitthvað gott um kvöldið líka. Risotto eða sjávarréttapasta kannski? Ekki förum við að drepa blessuð litlu lömbin þótt okkur langi að gera okkur glaðan dag.“

### Drykkur í garðinum toppurinn



**Anna Þóra Björnsdóttir**
*uppistandari og eigandi verslunarinnar Sjáðu*

Anna Þóra ætlar að blanda saman vinnu við heimilið og almennu afslappelsi.

„Páskafríið er bara mesta afslappelsi sem ég veit um. Maður þarf ekki að fara í spariföt heldur bara elda góðan mat, drekka mikið af víni og hitta vonandi einhverja skemmtilega vini. Svo framarlega að Gylfi, maðurinn minn, handleggsbrjóti sig ekki, þá eru þetta toppdagar. Hann gerði það á föstudaginn langa fyrir nokkrum árum en reis svo upp á páskadag.“

Anna verður þó ekki aðeins í afslöppun þessa páskana enda er ætlunin að koma heimilinu aftur í rétt horf. „Mér tókst að koma fullmörgum iðnaðarmönnum hingað inn á sama tíma svo það er bara eins og við höfum verið að flytja inn.“

Anna segist einnig ætla að reyna að gefa sér tíma til að lesa og nefnir í glettni tvær spennandi bækur: Opinská ævisaga gleðikonu í London og Hún og hann, hamingjuríkt hjónaband. „Inni á heimabarnum liggja alls konar bókmenntir, en það er spurning hvort ég eigi að lesa um hóruna í London eða reyna að laga hjónabandið,“ segir hún og skellir upp úr.

Á páskadag verður kalkúnn á borðum hjá Önnu og fjölskyldu. „Ég er minna orðin fyrir páskalambið og kalkúninn kemur sterkur inn. Svo er það súkkulaðiát og ég vona að páskaliljurnar sem ég er búin að planta í garðinum blómstri. Toppurinn væri svo ef maður gæti fengið sér drykk úti í garði. Maður hefur ekkert verið að vinna með áfengi og garð lengi. Eins og það fer vel saman.“

### Eta, drekka og vera glaður



**Þorkell Harðarson**
*alþjóðlegur kvikmyndaframleiðandi*

Allra síðustu veiðiferðina, sem Þorkell Harðarson kvikmyndaframleiðandi stendur á bak við ásamt fleirum, má sjá í bíó um páskahelgina en Þorkell vill nota páskafríið til góðs.

„Páskarnir eru til að hlaða batteríin og íhuga stöðu okkar gagnvart meðbræðrum okkar og -systrum. Bæta stöðuna ef mögulegt er. Annars að hjakka í sama farinu áfram.“

Áætlanir Þorkels þessa páskana eru bæði háleitar og einfaldar. „Um páskahelgina ætla ég að spila tónlist, eta og drekka og vera glaður.“

Þegar kemur að matseldinni er ekki komið að tómum kofanum hjá Þorkeli sem er annálaður matgæðingur.

„Páskamaturinn verður eitthvað óvænt. Sennilega eitthvað þjóðlegt með alþjóðlegu ívafi. Meira kjöt en grænmeti, klárlega.“

### Espresso martini í eftirrétt



**Aníta Briem**
*leikkona*

Aníta Briem birtist kvikmyndagestum í myndinni Skjálfta, sem er auðvitað tilvalið að sjá um páskahelgina, en einnig styttist í aðra frumsýningu leikkonunnar, kvikmyndina Berdreymi, og ekki að undra að hún nýti páskana í vinnutörn.

„Páskarnir eru vinnutörn í þetta skiptið fyrst ég er í þeirri forréttindastöðu að vera í undirbúningi á sjónvarpsseríu sem ég elska.“

Aníta ætlar þó ekki aðeins að vinna alla páskahelgina. „Ég ætla samt að gefa mér tíma til að vera með fjölskyldunni, borða góðan mat og spila.“

Spurð út í hátíðarmatinn á páskadag svarar hún: „Ég ætla að finna mér tvær spennandi vegan „steikur“ til að drekkja í Junkyard gravy og bera fram til dæmis ofnbakaðar kartöflur, hvítlauksteiktan aspas og ferskt salat með granateplum. Það er svo aldrei að vita nema maður hendi í Espresso martini í eftirrétt.“

## ■ Í vikulokin

# Gömul saga og ný – eftir höfðinu dansa limirnir



Ólafur Arnarson

Á einu síðkvöldi tókst tveimur ráðherrum Framsóknar að ganga fram af þjóðinni með rasískri og ógfafullri framkomu, sem vekur spurningar um hæfi beggja til að gegna trúnaðarstörfum.

Ekki var eftirleikurinn betri. Aðstoðarmanni var att á foraðið með ósannindi og ráðherrarnir sjálfir reyndu að beita gaslýsingu til að breiða yfir það sem raunverulega gerðist þetta kvöld.

Nú hefur komið í ljós að alvarleg brotalöm var á útboði á hlut ríkisins til fagfjárfesta í mars. Bankasýsla ríkisins segir útboðið hafa gengið að óskum en er ein um þá skoðun.

Hvorki ríkisstjórnin né þingmenn virðast hafa skilið kynningu Bankasýslunnar á útboðinu.

Viðskiptaráðherra sagðist eftir á hafa verið á móti þeirri aðferð sem notuð var við útboðið. Hún virðist þó hafa samþykkt framkvæmd þess bæði í ráðherranefnd um efnahagsmál og í ríkisstjórn.

Viðskiptaráðherra sagði fjármálaráðherra hafa klúðrað, en ekki Bankasýsluna, sem sá um framkvæmdina. Slíkar skeytasendingar milli ráðherra eru fátíðar.

Sjálf framkvæmd útboðsins var með ólíkindum. Útboðið átti einungis að vera til fag- og stofnanafjárfesta, en engar kröfur voru gerðar um lágmarksfjárhæð kaupa.

**» Bankasýslan er ein um þá skoðun að vel hafi tekist til.**

Söluaðilar útboðsins keyptu sjálfir í því og úthlutuðu hlutum til starfsmanna sinna um leið og þeir þurftu að skerða verulega úthlutun til viðskiptavina. Lagalega er þetta vafasamt og brýtur gegn reglum um að hagsmunir viðskiptavina séu ávallt hafðir í fyrirrúmi.

Engan þarf samt að undra slíka framkomu verðbréfasala þegar æðsta stjórn ríkisins virðist gegnsósa af spillingu og agaleysi.■

Heimsferðir 30 ára 1992-2022

# 30 ára afmælisafsláttur!

# Costa del Sol



Flug & hótel frá **72.725**

Verð frá kr. **97.850**

**Lækkaðu ferðina um 30.000 kr. á mann með kóðanum "30ARA"**

**Sjá dæmi um verð með afslætti hér að neðan.**

Athugið: Afsláttur gildir í allar brottfarir til Costa del Sol sumarið 2022 sem bókaðar eru fyrir 1. maí. TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ!

BÓKAÐU SÓL ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

## Fuengirola ★★★

### Hotel & Apartments Myramar



9. maí í 12 nætur

**Frá kr. 72.725** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **97.850** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

## Torremolinos ★★★★

### Bajondillo Apartments



9. júní í 11 nætur

**Frá kr. 97.600** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **102.700** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

## Torremolinos ★★★

### La Barracuda



11. júlí í 10 nætur

**Frá kr. 134.500** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **171.650** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, **Morgunverður**

## Benalmadena ★★★★

### Hotel Best Benalmadena



21. júlí í 11 nætur

**Frá kr. 154.825** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **190.550** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, **Morgunverður**

## Fuengirola ★★★

### Globales Gardenia Park

ALLT INNIFALIÐ



11. ágúst í 11 nætur

**Frá kr. 138.550** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **174.050** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, **Allt innifalið**

## Torremolinos ★★★

### Hotel Sol Timor



22. ágúst í 10 nætur

**Frá kr. 114.100** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **178.350** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

595 1000 • *Bókaðu þína ferð á* heimsferdir.is

Heimsferðir – fáðu meira út úr fríinu




**20% AFSLÁTTUR AF SMÁVÖRU FRÁ**

b BROSTE COPENHAGEN · NORDAL · Bitz · eva solo · ester & erik · Verti COPENHAGEN · by Sommer · ZONE DENMARK · KAY BOJESEN DENMARK · bodum













**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*



## ALBA
Hægindastóll. Svart eða ljósgrátt leður
95.992 kr. ~~119.990 kr.~~




## LENE BJERRE
Evria kanína. H36 cm.
Nú 7.992 kr. ~~9.990 kr.~~

## LENE BJERRE
Murina egg glært/svart.
Ø22 x 30 cm.
Nú 9.592 kr. ~~11.990 kr.~~

# MIKIÐ ÚRVAL AF PÁSKAVÖRUM



## GAIN
Hægindastóll. Dökkblátt sléttflauel.
43.992 kr. ~~54.990 kr.~~



## ALEXA
Borðstofustóll. Brúnt eða svart bonded leður. 27.992 kr. ~~34.990 kr.~~



## KORNUM
Tungusófi hægri eða vinstri tunga. Fallegt dökkgrátt áklæði. 303 x 157 x 64 cm.
279.992 kr. ~~349.990 kr.~~

## MICHELLE
Borðstofustóll án arma.
Preston dökkgrátt áklæði.
Nú 20.792 kr. ~~25.990 kr.~~





## MURCIA
Hornsófi. Hægri eða vinstri. Slitsterkt dökkgrátt áklæði. 276 x 210 x 77 cm.
239.992 kr. ~~299.990 kr.~~



## ATALAYA
Sófaborð með hvítri marmaraplötu og blaðahirslu. 115 x 58 x 45 cm.
55.992 kr. ~~69.990 kr.~~



## CLOUD
Counterstóll. Vintage ljósbrúnt PU-leður eða Velvet brons. H100 cm.
27.192 kr. ~~33.990 kr.~~



## DC 3600
Fallegur 3 sæta sófi með mjúku savoy/split leðri.
Svart eða koníakslitað. 202 x 80 x 80 cm.
287.992 kr. ~~359.990 kr.~~




**Þú finnur bæklinginn husgagnahollin.is eða með því að skanna QR kóðann**

** Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby.*

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

# Einstök ævisaga einstakrar manneskju



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

**Bíbí í Berlín mætti miklu mótlæti allt sitt líf og var stimpluð sem „fáviti“. Hún hélt þó alla tíð í mennskuna og skrifaði stórmerkilega sjálfsævisögu.**

Bjargey Kristjánsdóttir (1927-1999), kölluð Bíbí, fæddist inn í fátæka fjölskyldu í kotbænum Berlín nálægt Hofsósi. Bíbí glímdi við mótlæti allt sitt líf, var falin frá umheiminum, stimpluð sem „fáviti“ og vistuð á elliheimili aðeins þrítug. Bíbí var þó alls enginn „fáviti“ heldur skörp og skapandi manneskja og á efri árum ritaði hún sjálfsævisögu sem er nú komin út á vegum Háskólaútgáfunnar.

„Ég held að þú finnir ekki neitt sambærilegt Bíbíarhandritinu, ég hef lengi verið í erlendu samstarfi í sambandi við lífssögurannsóknir og fólk með þroskahömlun. Það er enginn sem kannast við að neitt sambærilegt hafi fundist,“ segir Guðrún Valgerður Stefánsdóttir, prófessor í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands.

Verkefnið á sér langan aðdraganda en Guðrún komst fyrst í kynni við Bíbí í gegnum fræðimanninn Þorvald Kristinsson sem hafði geymt handritið að sjálfsævisögu Bíbíar í nokkra áratugi. Útgáfa bókarinnar er hluti af rannsóknarverkefninu Bíbí í Berlín sem Guðrún vinnur nú að ásamt Sigurði Gylfa Magnússyni og Sólveigu Ólafsdóttur. Þau fengu þriggja ára rannsóknarstyrk frá Rannís til að rannsaka líf Bíbíar og í lokin er stefnt að því að gefa út bók á ensku hjá alþjóðlegu bókaforlagi.

### Talin efnileg sem barn

Guðrún telur að orsök fötlunar Bíbíar megi rekja til vanvirks skjaldkirtils og fundu rannsakendur gögn því til staðfestingar. Í dag er auðveldlega hægt að greina slíkt hjá börnum með blóðprufu skömmu eftir fæðingu og meðhöndla með lyfjum en þegar Bíbí fæddist 1927 var sú þekking ekki fyrir hendi.

„Hún í rauninni fær ekki greiningu fyrr en 1970 og þá er eins og henni fari að líða betur enda fékk hún þá líklega í fyrsta sinn lyf við hæfi. Sennilega er afleiðingin af þessum vanvirka skjaldkirtli að hún stækkar ekki eðlilega og glímir við alls konar afleiðingar, var smávaxin og þoldi ekki ákveðinn mat,“ segir Guðrún.

Bíbí var sjálf með aðra kenningu um fötlun sína. Að hennar sögn var hún talin efnileg sem ungbarn en eftir að hún veiktist á öðru ári tók hún að dragast aftur úr.

„Foreldrar Bíbíar voru fátækir kotbændur og til þess að afla tekna fór faðir hennar á vertíð og móðir hennar réð sig í kaupavinnu á bæ í sveitinni. Þar bjuggu þær að sögn Bíbíar við mikla vosbúð og í kjölfarið veiktist Bíbí. Þetta getur alveg passað miðað við tímann en sé vanvirkur skjaldkirtill ekki meðhöndlaður fara afleiðingarnar oft að birtast á öðru ári,“ segir Guðrún.

### Fullorðinsár og sjálfsbúskapur

Móðir Bíbíar, Guðrún Mundína, lést 1958 eftir skammvinn veikindi þegar Bíbí var rúmlega þrítug. Þrátt fyrir að Bíbí hafi ekki alltaf verið sátt við móður sína þá reiddi hún sig mjög á hana og eftir dauða Guðrúnar kom ekki til greina að Bíbí byggi áfram hjá Kristjáni, föður sínum, og Steina, bróður sínum, enda stóð samband þeirra feðgina völtum fótum.

„Það átti að senda hana á Kópavogshælið en hún mótmælti því og þá er henni fundinn staður á Héraðshælinu á Blönduósi. Þar var ellideild á fjórðu hæð og þar bjó hún í sautján ár með gömlu fólki. Það eru dásamlegur sögur í sjálfsævisögunni þar sem hún lýsir fólkinu á hælinu, sérstaklega konunum, sumar urðu góðar vinkonur hennar en aðrar gerðu lítið úr henni og hæddu,“ segir Guðrún.

Ein þeirra varð stór áhrifavaldur í lífi Bíbíar var Ingibjörg Sigurðardóttir, eða Imba sæla eins og Bíbí kallaði hana, sem hjálpaði Bíbí að koma undir sig fótunum. Með hjálp Imbu komst Bíbí loks af hælinu eftir sautján ár og fluttist í kjallaraherbergi hjá henni í gamla læknisbústaðnum á Blönduósi.

„Þar byrjar Bíbí sinn sjálfsbúskap þegar hún er 46 ára. Svo hjálpar Ingibjörg Bíbí að kaupa hús sem kallast Bíbíarhús og þar bjó hún í einhver tíu ár,“ segir Guðrún.

Bíbí leiddist mjög vistin á Héraðshælinu og fannst lífið oft tilbreytingarlaust. Hún fann sér þó allaf leiðir til að rækta hugðarefni sín og áhugamál. Í kringum 1970 hóf hún garðrækt og kom sér upp garði um fjóra kílómetra frá Héraðshælinu sem hún vitjaði daglega þrátt fyrir að eiga erfitt með gang undir það síðasta. Þá kom hún sér upp umfangsmiklu brúðusafni sem hún gaf síðar Þjóðminjasafninu og taldi þá rúmlega hundrað brúður.

> Bernskuárin voru ekki skemmtileg, síður en svo, þar kemur til sérviska fólksins.
>
> Bíbí



Bíbí leit á brúðurnar sem lifandi verur og segir að þær hafi komið í staðinn fyrir börnin sem hún eignaðist aldrei. MYND/AÐSEND



Fjölskyldan í Berlín. Frá vinstri: Guðrún Mundína, Þorsteinn, Kristján Júlíus og Bíbí. MYND/AÐSEND



Guðrún Valgerður Stefánsdóttir, prófessor í fötlunarfræðum, segist aldrei áður hafa rekist á neitt sambærilegt handriti Bíbíar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Úr sjálfsævisögu Bíbíar

„Það er stór sind af foreldrum að vera vond við fattlað barns sitt og skamma það alsaklaust. Foreldrar nú til dags, gerið þetta aldrei við börn sem eru fötluð á einhvern hátt. Það er líka óþarfi hjá fóki að hafa það þannig, að láta sem það sjái það ekki, þó að börn þess taki firir fattlaða mannveru og geri gis að henni. Þetta er ljótur hugsana máti.“

### Útrás fyrir sköpunarkraftinn

Á fullorðinsárum, sennilega um það leyti sem hún flutti í Bíbíarhús 1983, hóf Bíbí ritun sjálfsævisögu sinnar. Bíbí ritaði sjálfsævisöguna í einrúmi, fáir vissu af tilvist hennar enda héldu flestir að hún væri ólæs og óskrifandi. Að sögn Guðrúnar er textinn einstakur og frásögnin ber vott um húmor Bíbíar, ekki síst fyrir sjálfri sér en líka samferðafólki sínu.

„Ég held að Bíbí hafi verið mjög skapandi persóna og hún hafi fengið útrás fyrir sköpunarkraftinn með skrifunum. En ég held að þetta sé þó fyrst og fremst þörfin fyrir að koma rödd sinni á framfæri og upp að vissu marki mótmæla þeim órétti sem hún var beitt,“ segir Guðrún.

Sjálfsævisaga Bíbíar er bæði merkileg heimild um ævi einstakrar manneskju en líka vitnisburður um stöðu fatlaðs og jaðarsetts fólks á Íslandi 20. aldarinnar. Þrátt fyrir að Bíbí hafi mætt miklu mótlæti í gegnum lífið hélt hún alltaf í sína eigin mennsku og sjálfstæði.

„Ég held að bókin hafi verið ein leið fyrir hana til þess að koma þessum mótmælum sínum og andófi á framfæri og um leið tækifæri hreinlega til þess að halda í mennskuna. Hún var á jaðri samfélagsins alla tíð, átti fáa að og hafði ekki mikinn stuðning. Hún fékk hvorki að ganga í skóla né fermast með jafnöldrum sínum og var falin þegar gesti bar að garði. Þrátt fyrir allt hennar mótlæti fann hún alltaf lífi sínu farveg og það er svo merkilegt,“ segir Guðrún.

### Mörgu enn ábótavant

Undanfarið hefur mikið verið rætt um stöðu ungs fatlaðs fólks sem neyðist til að búa á elliheimilum rétt eins og Bíbí þurfti sjálf að gera fyrir meira en hálfri öld. Þrátt fyrir að margt hafi áunnist varðandi réttindi og stöðu fatlaðs fólks á þeim 23 árum sem liðin eru síðan Bíbí lést er ljóst að mörgu er enn ábótavant.

„Við vitum að þetta var mjög algengt, það voru náttúrlega ekki til nein úrræði og það er ömurlegt að þetta skuli enn viðgangast. Ég er sannfærð um að þrátt fyrir að Bíbí hafi leiðst á elliheimilinu og þetta hafi verið erfitt þá hafi það verið mun betra líf fyrir hana en að fara á Kópavogshælið. Ég get ekki ímyndað mér að hún hefði hreinlega lifað það af að fara á Kópavogshælið, þetta náttúrubarn sem hún var,“ segir Guðrún.

*Á saga Bíbíar erindi við hinn almenna lesanda?*

„Já, ég er viss um það. Það er svo margt í sögu Bíbíar sem kennir okkur ekki bara um fortíðina heldur líka um samtímann. Hvernig er litið á fólk sem er á jaðrinum og þá fötlunarfordóma sem enn ríkja. Þó að það hafi mikið breyst þá því miður erum við ekki komin alla leið.“


ÞESSI BRÚÐA VAR Í
SUND-BOL OG VAR
AUÐVITAÐ BRÚÐU-
STELPA, STÚLKUR VÓRU
OG ERU ENN DAG
Í DAG Í SUNDBOLUMM
ÞEGAR ÞÆR FARA
AÐ SINDA NEMA ÞÆR
SEM NOTA BUXUR
OG BRJÓSTA HALDARA
SEM ERU SÉRSTAKLEG
A NOTAÐ EÐA ÚTBÚIN-
TIL AÐ SINDA Í ÞVÍ.
ÞEGAR DREINGIR FARA
AÐ SINDA FARA ÞEIR
Í BUXUR SEM NÁ ÞEIM
RETT UPPÁ MIÐJANN
MAGA. ÞETTA
VISSI ÉG ÞÓ AÐ ÉG
ÆTTI EKKI MERKIL
STELPANN SÚ ARNA
VAR EKKERT FÖTLUÐ
VAR GENGIÐ Í SKÓLA
OG ÞURFTI EKKI AÐ

Sjálfsævisaga Bíbíar telur um 120 þúsund orð og var handskrifuð í nítján stílabækur sem eru varðveittar í handritasafni Landsbókasafns Íslands. MYND/AÐSEND



Bíbí í kringum 1974, sama ár og hún flutti af Héraðshælinu á Blönduósi í sjálfstæða búsetu. MYND/AÐSEND

### Vonar að Bíbí sé ánægð

Bíbí barðist sjálf fyrir því að fá ævisögu sína útgefna en það var fyrir tilstilli æskuvinkonu hennar Öldu Kristínar Jóhannsdóttur sem handritið komst fyrir sjónir Þorvaldar Kristinssonar og síðar til Guðrúnar Valgerðar. Spurð um hvort hún telji að Bíbí væri ánægð með að sjá bókina loks komna á prent segir Guðrún:

„Ég held það. Hún vildi að sagan kæmi út en það er auðvitað vandi að fjalla um hana á þann hátt að ekki sé vegið að virðingu hennar. Ég er alveg sannfærð um að Bíbí hefði orðið glöð en ég náttúrlega get ekki vitað hvort hún hefði verið ánægð með þá nálgun sem ég beiti og ég hef oft hugsað um það. En við vitum það að hún vildi koma sögu sinni á framfæri.“

Þá nefnir Guðrún hitt siðferðilega álitamálið sem er að hún vilji auðvitað ekki særa eftirlifandi samferðafólk Bíbíar með útgáfunni.

„Hún nafngreinir fólk sem henni fannst hafa gert á hlut sinn og beitt hana einhvers konar órétti. Það fólk er nú flest látið en á afkomendur og fólk er náttúrlega viðkvæmt fyrir ættingjum sínum alla tíð. Þannig að þetta er margþætt eins og alltaf með svona útgáfur en þetta er hennar saga og það er ekki rétt gagnvart henni að draga neitt undan. En jú, ég held hún hefði verið mjög hamingjusöm, ég ætla að vona það.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

KYNNINGARBLAÐ

**LAUGARDAGUR** 16. apríl 2022



Það gæti bjargað tegundinni að hefja söfnun á sæði kóalabjarna og frysta það til framtíðarnota.

## Frosið sæði

jme@frettabladid.is

Vísindamenn í University of Newcastle í New South Wales í Ástralíu hafa stungið upp á forvitnilegum möguleika til þess að koma í veg fyrir útdauða pokadýra í álfunni. Lagt er til að safna sáðfrumum frá lifandi pokadýrum sem mætti nota í framtíðinni til að koma í veg fyrir útdauða tegunda og til að tryggja erfðafræðilega fjölbreytni þeirra.

**Björgun kóalabjarna**

Í þessu samhengi hafa gróðureldar orðið þúsundum kóalabjarna að bana, en kóalabirnir eru spendýr af pokadýraflokki.

Samkvæmt doktor Ryan Witt er þetta hagkvæm leið til að koma í veg fyrir innræktun í framtíðinni og vega upp á móti síminnkandi arfstofni tegundarinnar. „Eins og er ... höfum við enga stjórnarstefnu gegn náttúruvá eins og gróðureldunum sem geisuðu 2019-2020 og náðu næstum að útrýma stórum hluta dýrategunda í álfunni,“ segir hann. „Ef kóalabjarnarstofninn deyr er engin leið að endurlífga hann og tryggja genamengi þeirra.“

Nú þegar hefur bæst við stofninn með því að hjálpa til við sæðingu kóalabjarna með fersku eða kældu sæði. „Með því að frysta sæði má endurinnleiða erfðafræðilegan fjölbreytileika í villta kóalabjarnarstofna án þess að þurfa að flytja dýrin,“ segir doktor Lachlan Howell. „Um gervalla Ástralíu eru að minnsta kosti sextán sjúkrahús fyrir villt dýr og dýragarðar sem gætu nýst til þess að safna kóalabjarnarsæði,“ bætir hann við. ■






Kara Arngrímsdóttir fór að taka eftir auknu hárlosi og ákvað að prófa Smoother skin & hair frá Eylíf. Hún segir að virknin hafi komið sér á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hárið fór að vaxa og húðin silkimjúk

Þegar Kara Arngrímsdóttir danskennari fann fyrir auknu hárlosi var henni bent á að prófa Smoother skin & hair frá Eylíf. Eftir nokkra mánuði fann hún að hárið hafði þykknað og húðin var orðin silkimjúk. Hún segist varla hafa trúað þessum góða árangri. 2

Kara rekur eigin dansskóla og nú er starfið að byrja á fullu eftir Covid-lokanir. Kara er að fara með hóp af ungu fólki á danskeppni í Blackpool á Englandi á páskadag en mikill hugur er í dönsurunum enda hefur keppnin legið niðri í tvö ár. „Við hlökkum öll til fararinnar,“ segir hún.

Þegar Kara var spurð hvers vegna hún hafi byrjað að taka Smoother skin & hair frá Eylíf segist hún hafa orðið vör við óvenju mikið hárlos, til dæmis stífladist sturtan, en þetta hafi þó ekki verið alvarlegs eðlis. „Það er ósköp eðlilegt að fá hárlos á vissum tíma árs en mér fannst þetta meira en venjulega. Ég hef alltaf verið með þykkt og gott hár en fannst það þynnast á tímabili. Mér var bent á að Smoother skin & hair frá Eylíf gæti hjálpað mér. Það væri mjög gott, bæði fyrir húð og hár. Ég ákvað því að prófa,“ segir hún.

**Steinhissa á virkninni**

Kara segist ekki hafa fundið mun strax en þegar um það bil þrír mánuðir voru liðnir frá því hún byrjaði að nota Smoother skin & hair frá Eylíf fór hún að taka eftir fullt af nýju hári á höfðinu. „Hárgreiðslukonan mín fór líka að spyrja mig hvað ég hefði gert við hárið því það væri einstaklega þykkt og fínt. Húðin var sömuleiðis orðin alveg silkimjúk sem kom mér á óvart. Það gerðist reyndar fljótt,“ segir hún. „Ég hef ekki tekið inn fæðubótarefni áður og var steinhissa hvað þetta virkaði vel. Ég get hiklaust mælt með Smoother skin & hair frá Eylíf,“ segir Kara. „Ég tek líka inn D-vítamín og Omega 3 á veturna. Auk þess reyni ég að borða hollan mat og sleppi alveg unnum vörum. Ég hef þá trú að gott mataræði skipti máli,“ bætir hún við. „Ég þarf að hafa góða orku sem danskennari og hef verið að hlaupa og gera styrktaræfingar reglulega til



Kara hefur nóg að gera við að undirbúa danskeppni í Blackpool sem fram fer í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Smoother SKIN & HAIR frá Eylíf er sérhönnuð blanda fyrir húðina, hárið og neglurnar, sem inniheldur íslensk hráefni.

> **Maður vill styrkja íslenska framleiðslu en auk þess er það traustvekjandi að vita hvaðan innihaldið kemur. Íslenskt hráefni er yfirleitt bæði hreint og gott.**

að bæta þrekið. Ég er í miklu betra formi núna eftir að ég fór að hreyfa mig reglulega. Það er orðið dálítið síðan ég hætti að keppa í dansi og sem danskennari þarf maður ekki að hreyfa sig mikið.“

**Íslensk vara traustvekjandi**

Kara segist taka 2-3 töflur daglega. „Það þarf að gefa þessu aðeins tíma til að sýnilegur árangur sjáist. Ég hef trú á að kollagenið í vörunni hafi mjög góð áhrif, bæði á hárið og húðina. Smoother skin & hair frá Eylíf er íslensk vara og það er traustvekjandi. Maður vill styrkja íslenska framleiðslu en auk þess er það traustvekjandi að vita hvaðan innihaldið kemur. Íslenskt hráefni er yfirleitt bæði hreint og gott. Ég verð að viðurkenna að ég er mjög ánægð með þessa vöru. Smoother skin & hair frá Eylíf hefur haft góð áhrif á mig og ég get alveg hvatt aðra til að prófa.

Kara stofnaði dansskóla með Jóni Pétri árið 1989 en undanfarin ár hefur hún rekið hann ein. Nemendur eru á aldrinum þriggja ára og upp í áttrætt. Hún segir að það sé mikill áhugi fyrir dansi en Covid hafi sett strik í reikninginn í greininni þar sem dansskólar voru lokaðir. „Ég á von á að allt fari á fullt í dansinum í haust því það er fátt skemmtilegra en að dansa.“

Smoother skin & hair frá Eylíf er sérhönnuð blanda fyrir húðina, hárið og neglurnar, sem inniheldur íslensk hráefni svo sem kollagen, astaxanthin, geosilica og að auki A- og C-vítamín, nokkur B-vítamín eins og bíótín, níasín, ríbóflavín og pýridoxín ásamt sinki, kopar, joði og seleni.

**Heilsan er dýrmæt**

Vörulína Eylíf býður upp á fimm frábærar heilsuvörur sem reynst hafa fólki vel. Þær eru Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair, Happier Guts og nýjasta varan Stronger LIVER. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi úr hreinum, íslenskum hráefnum og engum aukefnum er bætt við. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi Eylíf.

„Hugmyndin að vörulínunni kom til vegna þess að mig langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem framleidd eru á Íslandi á sjálfbæran hátt úr íslenskum, náttúrulegum auðlindum og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum,“ upplýsir Ólöf.

Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís. „Við vöndum til verka, sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi, og notum hreina, íslenska náttúruafurð og hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.“

Hráefni sem notuð eru í bætiefnin frá Eylíf eru ekki erfðabreytt. „Þau stuðla að heilbrigði og sveigjanlegri líkama því þá erum við færari um að takast á við verkefnin í dagsins önn. Við vitum öll að heilsan er okkur dýrmætust og því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsufarsvandamál,“ segir Ólöf Rún. ■

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Fjarðarkaupum, Hagkaup, Nettó, Heilsuhúsinu, Krónunni og Melabúðinni. Ókeypis heimsending ef keypt er fyrir 7.000 krónur eða meira á eylif.is.

# Líður betur og er ánægður með Stronger LIVER frá Eylíf

„Mér var bent á að prófa Stronger LIVER frá Eylíf og ákvað ég að slá til. Ég hef verið í eftirliti hjá lækninum mínum vegna heilsufarsins og fer reglulega í tékk og blóðprufur, segir Ragnar Þór Alfreðsson trésmiður.

Eftir að hafa notað Stronger LIVER í nokkra mánuði kom í ljós að blóðprufan kom óvenjulega vel út, öll gildin fyrir lifrina voru mun betri en áður. Þetta kom mér skemmtilega á óvart og hef ég verið mjög ánægður með vöruna því að mér líður vel af því að nota hana.

Því get ég sagt með sanni að ég mæli með Stronger LIVER frá Eylíf og ætla að halda áfram að nota vöruna.“




**Stronger LIVER inniheldur:**

Stronger LIVER inniheldur uppbyggjand næringarefni frá sjálfbærum auðlindum til sjávar og sveita. Íslensku hráefnin í Stronger LIVER frá Eylíf eru kítósan, kalkþörungar, kísill, ætihvannarrót en auk þess eru kólín, mjólkurþistill, kalsíum, C-vítamín og magnesíum.

Best er að taka tvö hylki á dag með mat til að viðhalda heilbrigðum meltingarvegi. ■



Ragnar Þór Alfreðsson, trésmiður.

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.




IMPALA ROLLERSKATES
HJÓLASKAUTAR!
MARGIR LITIR - STR. 32-44
KR.21.990/23.990
SKANNAÐU KÓÐANN
OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!
FRÁBÆR SUMARGJÖF!
LÍNUSKAUTAR
5 LITIR - KR. 24.990
HJÓLABRETTI
NOKKRAR GERÐIR
SPORTIS.IS
520-1000
SPORTÍS
SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK

# Ungkokkur Norðurlandanna býður upp á páskamáltíðina

Gabríel Kristinn Bjarnason kom, sá og sigraði í keppninni Besti ungkokkur Norðurlandanna, sem haldin var í mars síðastliðnum í Danmörku.

sjofn@frettabladid.is

Gabríel er einungis 22 ára gamall, matreiðslumaður og meðlimur í íslenska kokkalandsliðinu. Hann var einnig nemi ársins árið 2019. Gabríel elskar vinnuna sína og það má með sanni segja að ástríða hans skíni í gegn í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur.

Gabríel hefur verið í kringum eldhús og mat frá því að hann man eftir sér. „Ástríða mín fyrir matargerð byrjaði snemma því ég hef verið í kringum eldhús og mat síðan ég man eftir mér. Pabbi minn er kokkur og var í kokkalandsliðinu á sínum tíma og mamma er þjónn, og þau voru að vinna saman á Grillinu á Hótel sögu þegar ég fæddist. Það eru til myndir af mér að skríða á rauða gólfinu í salnum og inni í eldhúsinu með kokkunum og ég man enn eftir lyktinni í eldhúsinu þannig að það mætti segja að ég væri með þetta í blóðinu.“

**Ástfanginn af starfinu**

Gabríel byrjaði ungur að vinna við matargerðina. „Þegar ég var 13 –14 ára gamall byrjaði ég að vinna aðra hvora helgi í Hörpunni þar sem pabbi var yfirkokkur og þá fóru hjólin að snúast og ég varð ástfanginn af starfinu. Síðan þegar ég var um 17 ára reddaði pabbi mér á samningi á nýjum stað á þeim tíma, Geira Smart á Canopy hótelinu, og þá fékk ég almennilega að finna fyrir hitanum og erfiðisvinnunni sem þessari starfsgrein fylgir og ég elskaði hverja mínútu af því.“

Samstarfsfélagar Gabríels höfðu áhrif á hann. „Ég var svo heppinn að báðir yfirkokkarnir á Geira Smart voru í kokkalandsliðinu og búnir að vinna Kokk ársins og keppa í alls konar keppnum. Ég horfði mikið upp til þeirra og þaðan kom þessi ástríða fyrir keppnismatreiðslu.“

**Fyrstur Íslendinga til að vinna**

Það má með sanni segja að Gabríel hafi uppskorið eins og hann hefur sáð í faginu. Þann 29. mars síðastliðinn vann Gabríel Nordic Chef of the year, eða Besti ungkokkur Norðurlandanna. Og til að toppa þetta þá er hann fyrstur á Íslandi til að vinna þessa keppni.

„Æfingaferlið fyrir þessa keppni var bæði erfitt og skemmtilegt, því ég æfði fyrir hana í þrjá mánuði með 100% vinnu sem tók sinn toll en var vel þess virði. Að vinna þessa keppni er alveg magnað. Margir kokkar sem ég lít upp til og hef lært mikið af í gegnum tíðina hafa reynt að vinna þessa keppni en engum hefur tekist það. En stór partur af mínum sigri er út af þessum kokkum því ég hef lært mikið af þeim og þeir hafa sagt mér hvað þeir gerðu rétt og rangt sem ég er mjög þakklátur fyrir.“

„Ég vinn núna á Héðinn kitchen & bar sem er um þessar mundir einn af flottustu veitingastöðum landsins. Þar vinn ég með stóru liði af mjög flottum kokkum, þar á meðal Sindra sem er yfirkokkur og keppti með mér úti. Hann lenti í öðru sæti um titilinn besti kokkur á Norðurlöndunum sem er magnaður árangur.“

Á veitingastaðnum Héðni er mikið um að vera og boðið upp á flottan og metnaðarfullan matseðil með eitthvað fyrir alla. „Við kokkarnir leikum okkur mikið með matseðilinn sem er árstíðabundinn og notum besta hráefni sem völ er á að hverju sinni.“

Þegar Gabríel er inntur eftir því hvort hann haldi í ákveðnar matarhefðir heima um páskana segir hann ekki vera mikið um það. „Ég get ekki sagt að ég sé með mikið af matarhefðum en á páskunum förum við fjölskyldan upp í bústað og grillum nautalund með berneaisesósu, það er kannski ekki svakaleg hefð en ég held mikið upp á hana.“

Gabríel gefur lesendum hér sína uppskrift að einfaldri en skemmtilegri páskamáltíð. „Hér er á ferðinni grillað lambafillet með „french garden“ maríneringu, jalapeno-chimichurri, ostakartöflumús og hunangsgljáðar gulrætur með kryddjurtum.“



Gabríel kom, sá og sigraði í keppninni Besti ungkokkur Norðurlandanna og er sá fyrsti á Íslandi til að vinna þá keppni. Hann býður lesendum upp á girnilega páskamáltíð að sínum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ostakartöflumúsin er syndsamlega ljúffeng.

> Æfingaferlið fyrir þessa keppni var bæði erfitt og skemmtilegt, því ég æfði fyrir hana í þrjá mánuði með 100% vinnu sem tók sinn toll en var vel þess virði.



Ómótstæðileg páskamáltíðin sem Gabríel hefur framreitt hér fyrir lesendur og lætur engan ósnortinn.



Hunangsgljáðu gulræturnar eru toppaðar með graslauk

## Lamb í „french garden“ maríneringu

- 4–6 stk. lambafillet
- 200 g extra virgin ólífuolía
- 4 tsk. salt
- 2 tsk. pipar
- 4 tsk. saxaður graslaukur
- 2 tsk. söxuð minta
- 4 tsk. söxuð steinselja
- 2 msk. saxaður hvítlaukur
- 5 tsk. saxað rósmarin
- 5 tsk. laukduft
- Ysta hýðið (zest) af 2 sítrónum

Öllu hráefninu blandað saman í skál. Setjið síðan lambið í maríneringuna og hafið í allavega sólarhring.

## Jalapeno-chimichurri

- 2 meðalstórir skalottlaukar
- 4 hvítlauksgeirar
- 2–3 fersk jalapeno
- 300 g steinselja
- 300 g olía að eigin vali
- 70 g hvítvínsedik
- Safi úr 2 límónum
- 10 g salt

Hvítlaukur, skalottlaukar og jalapeno saxað vel í matvinnsluvél. Síðan er restinni af hráefnunum bætt út í og blandað saman þangað til allt er komið vel saman.

## Ostakartöflumús

- 350 g soðnar kartöflur
- 100 g mjólk
- 100 g rifinn ostur að eigin vali (mæli með Tindi)
- 80 g smjör

Bragðbætt með salti og múskati eftir á. Kartöflur skrældar og soðnar, síðan marðar í gegnum sigti eða kartöflupressu. Kartöflur settar í hrærivél með ostinum og blandað vel saman og síðan er smjöri bætt við og loks mjólkinni. Smakkað til með salti og múskati.

## Hunangsgljáðar gulrætur

- 1 pk. gulrætur
- 200 g hunang að eigin vali
- 3 saxaðir hvítlaukar
- 100 g íslenskt smjör, brætt
- 1 msk. ólífuolía
- 1 tsk. engiferduft
- 1 tsk. pipar
- 50 g saxaður graslaukur

Öllu hráefninu nema gulrótunum og graslauknum blandað saman í skál. Byrjið síðan að hita ofninn upp í 180°C. Síðan eru gulræturnar settar á bakka með smjörpappír og settar inn í ofn.

Þegar þær eru orðnar hálfbakaðar eru þær teknar út og hunangsblöndunni hellt yfir þær og gulræturnar með blöndunni settar aftur inn í ofn þangað til þær eru orðnar gullinbrúnar.

Toppið gulræturnar með söxuðum graslauk áður en þær eru bornar fram. ■



FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job




## Vilt þú taka þátt í að byggja upp metnaðarfyllsta stéttarfélag landsins?

**Efling - stéttarfélag auglýsir eftir starfsfólki sem brennur fyrir þjónustu og samvinnu við félagsfólk Eflingar í stórum áskorunum næstu ára.**

Um er að ræða eftirtalin störf á ólíkum og fjölbreyttum sviðum starfseminnar:

- Framkvæmdastjóri
- Fjármálastjóri
- Sviðsstjóri þjónustu
- Sviðsstjóri vinnuréttinda
- Forstöðumaður orlofshúsa
- Fræðslu- og félagsmálastjóri
- Verkefnastjóri fræðslu- og félagsmála
- Þjónustufulltrúar
- Ráðgjafar í vinnuréttindum
- Sérfræðingur í vinnuréttindum
- Sérfræðingur í vinnumarkaðs- og lífskjararannsóknum
- Sérfræðingur í kjarasamningum og kjarasamningagerð
- Umsjónarmaður orlofshúsa
- Verkefnastjóri upplýsingatækni-mála

Sótt er um störfin á www.hagvangur.is og þar má finna nánari upplýsingar.

EFLING
Barátta fyrir betra lífi

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Sérfræðingar í heimilislækningum

**Lausar eru til umsóknar ótímabundnar stöður sérfræðinga í heimilislækningum við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Starfshlutfall getur verið 100% eða minna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. júní eða eftir nánara samkomulagi.**

Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf í spennandi starfsumhverfi þar sem áhersla er á nýsköpun og framþróun.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Starfssvið sérfræðings í heimilislækningum er víðtækt og felst m.a. í almennri læknamóttöku, heilsuvernd, bráðaþjónustu á daginn ásamt síðdegisvakt.

Viðkomandi er virkur þátttakandi í þróun og uppbyggingu heimilislækninga, kennslu starfsfólks og nema ásamt þátttöku í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi.

**Hæfnikröfur**
- Íslenskt lækningaleyfi
- Sérfræðimenntun í heimilislækningum
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Reynsla af kennslu er æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla og áhugi til samstarfs við aðrar starfsstéttir og þátttöku í teymisvinnu
- Áreiðanleiki, faglegur metnaður, jákvæðni og sveigjanleiki
- Íslenskukunnátta skilyrði
- Góð enskukunnátta

Til greina kemur að ráða almennan lækni ef ekki tekst að ráða sérfræðing í heimilislækningum til starfa.
**Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 1. maí 2022.**
Nánari upplýsingar á starfatorg.is og áheilsugaeslan.is undir laus störf

# Menntaskóli Borgarfjarðar
**auglýsir eftir spænskukennara**

Menntaskóli Borgarfjarðar óskar eftir að ráða spænskukennara í að lágmarki 50% starf frá og með 1. ágúst 2022.

Um laun fer eftir gildandi kjarasamningi Menntaskóla Borgarfjarðar og Kennarasambands Íslands skv. nánari útfærslu í stofnanasamning.

Umsóknir skulu berast til skólameistara Menntaskóla Borgarfjarðar á tölvupóstfangið bragi@menntaborg.is

Umsóknarfestur er til 1. maí

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu, en skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar fá finna á heimasíðu Menntaskóla Borgarfjarðar: menntaborg.is

# Viðskipta- og þróunarstjóri (Business Development Manager)

iTUB leitar að kraftmiklum starfsmanni til að leiða sölu félagsins á Íslandi. Viðskipta- og þróunarstjóri mun jafnframt vinna að viðskiptastefnu og frekari þróun félagsins. Starfsstöð er á höfuðborgarsvæðinu.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- Viðskiptastjóri núverandi viðskiptavina félagsins á Íslandi, með markmiðið að hámarka virði þeirra og bæta þjónustu
- Sala á þjónustu félagsins, sölusamningar og eftirfylgni
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina
- Vinna með yfirstjórn að stefnumörkun félagsins
- Þróun verkferla og viðskiptanets félagsins, innanlands og erlendis
- Umsjón með innleiðingu ýmissa verkferla
- Samskipti við viðskiptamenn og þjónustuaðila
- Stuðla að hámörkun leigunýtingarhlutfalls
- Úttekt og þróun á nýjum mörkuðum og vöru/þjónustu
- Ýmis önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldbær reynsla af sölumálum og alþjóðaviðskiptum
- Áhugi á sjávarútvegi
- Reynsla af fiskveiðum og/eða vinnslu er kostur
- Greiningarhæfni og þekking/reynsla af markaðsmálum
- Góð almenn tölvufærni
- Samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veitir Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, **yrsa@hagvangur.is**.
**Umsóknarfrestur er til 26. apríl.**

iTUB®

iTUB sérhæfir sig í leigu á endurnýtanlegum umbúðum fyrir sjávarútveg í Norður Atlantshafi. iTUB er með starfsstöðvar í Noregi, Danmörku og á Íslandi, auk þjónustustöðva á öllum helstu fiskvinnslusvæðum í norðanverði Evrópu. iTUB er leiðandi í þjónustulausnum á kerum fyrir veiðar, vinnslu og flutning á hráefni. Sjálfbærni er ávallt höfð að leiðarljósi og býður iTUB eingöngu upp á fullkomlega endurvinnanleg ker sem framleidd eru af Sæplasti á Dalvík.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

hagvangur.is

HAGVANGUR



# Skólastjóri Vallaskóla

Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar auglýsir lausa til umsóknar stöðu skólastjóra Vallaskóla á Selfossi. Við leitum að öflugum og farsælum leiðtoga til að stýra framsæknum skóla í ört stækkandi sveitarfélagi. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Veita skólanum faglega forystu
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í Árborg
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri skólans
- Samstarf við fjölskyldusvið og ýmsa aðila skólasamfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun er skilyrði
- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði
- Þekking og árangursrík reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræðum er æskileg
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi og mannlegum samskiptum

Sveitarfélagið ÁRBORG

Í Vallaskóla eru um 630 nemendur í 1.-10. bekk og innan hans er starfrækt fjölmenningardeild. Í skólanum er m.a. lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, grænfánaverkefni, teymiskennslu og rafrænt nám. Á unglingastigi er mikið unnið í smiðjum. Nánari upplýsingar um Vallaskóla má finna á vef skólans www.vallaskoli.is

Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans er lykill að árangri. Einkunnarorð skólans eru virðing, þekking og lífsgleði. Skólar og fjölskyldusvið sveitarfélagsins vinna að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, öflug tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%. Vakin er athygli á stefnu Sveitarfélagsins Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

**Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2022.** Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**. Umsóknum skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá, auk kynningarbréfs þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, **thorsteinnhj@arborg.is** eða í síma **480-1900** og Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir hjá Hagvangi, **yrsa@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR





# Spennandi störf hjá Arctic Fish

Arctic Fish óskar eftir að ráða til sín tvo einstaklinga í spennandi störf, annars vegar leyfis- og rannsóknarstjóra og hins vegar sölu- og flutningafulltrúa. Bæði störfin heyra undir framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar.

Arctic Fish framleiðir hágæða lax í seiðeldisstöð í Tálknafirði og sjókvíum á Vestfjörðum. Markmiðið er að halda áfram að fjárfesta og byggja upp sjálfbæran og arðbæran rekstur, þar sem eldið er í sátt við samfélagið og umhverfið. Arctic Fish telur að lykillinn að velgengni fyrirtækisins muni byggja á öflugu starfsfólki sem leggur metnað sinn í að bjóða besta mögulega lax frá Íslandi. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Ísafirði. Nánari upplýsingar má finna á: **www.arcticfish.is**.

## Leyfis- og rannsóknarstjóri

Leyfis- og rannsóknarstjóri mun hafa umsjón með og bera ábyrgð á framkvæmd leyfismála fyrirtækisins. Í því felst m.a. umsjón með umsóknum um ný eldisleyfi, endurnýjanir leyfa og breytingar þeirra, stefnumótun í leyfismálum og ráðgjöf til stjórnenda sem og ábyrgð á innri og ytri rannsóknum félagsins og dótturfélaga. Starfsstöðin getur verið sveigjanleg en félagið er með höfuðstöðvar á Ísafirði en starfsstöðvar í Dýrafirði, Patreksfirði, Tálknafirði og á höfuðborgarsvæðinu.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stjórnun og eftirfylgni leyfisumsókna
- Samhæfing og stjórnun ytri ráðgjafa og verktaka vegna leyfismála
- Vikulegir áherslufundir, stefnumótun og stöðuuppfærslur leyfismála til stjórnenda
- Ráðgjöf til starfsfólks
- Samskipti við yfirvöld vegna leyfismála
- Umsjón með rannsóknum og umhverfisvöktun

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi, t.d. á sviði náttúruvísinda með áherslu á líffræði, vistfræði eða umhverfisfræði
- Reynsla og þekking úr sjávarútvegi og/eða fiskeldi sem og af samskiptum við stjórnvöld er kostur
- Góð hæfni í rituðu íslensku og ensku er kostur
- Þekking á norðurlandamáli öðru en íslensku er kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að skila góðu starfi
- Stundvísi, áreiðanleiki og áhugi á verkefninu

## Sölu- og flutningafulltrúi

Viðkomandi kemur til með að sjá um tengsl og samhæfingu fyrirtækisins við sölu- og flutningafyrirtæki. **Starfsstöðin er í Ísafjarðarbæ** og getur starfshlutfall verið sveigjanlegt frá 50-100%.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Samhæfing og tengsl við sláturhús, sölu- og flutningafyrirtæki
- Gerð söluskýrslna og greining á sölu
- Umsjón og afgreiðsla endurkrafna vegna sölureikninga
- Eftirlit með sölu- og flutningsreikningum og undirbúningur reikningagerðar fyrir seldar afurðir

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, s.s. viðskiptafræði eða sambærilegt
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking úr sjávarútvegi
- Góð tölvukunnátta, s.s. excel
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að skila góðu starfi
- Stundvísi, áreiðanleiki og áhugi á verkefninu

Umsóknarfrestur er til og með **27. apríl 2022.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225 og Daníel Jakobsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar, í síma 820 6827.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

HREINSITÆKNI

# Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs (COO)

*Hreinsitækni ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði umhverfismála á Íslandi. Félagið þjónustar gatna- og fráveitukerfi flestra stærstu eigenda slíkra kerfa í landinu. Þá sinnir fyrirtækið umfangsmiklum verkefnum fyrir orkusækinn iðnað. Félagið leggur áherslu á gott samstarf við viðskiptavini, birgja og aðra hagaðila og að bjóða starfsmönnum upp á áhugavert og hvetjandi vinnuumhverfi. Starfsmenn fyrirtækisins og dótturfélaga þess eru um 120 talsins.*

Vegna aukinna umsvifa er leitað að sjálfstæðum og árangursdrifnum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra rekstrarsviðs. Viðkomandi sér um að samhæfa og stýra starfsemi afkomueininga Hreinsitækni ehf. og dótturfélaga, í samvinnu við rekstrarstjóra viðkomandi afkomueininga.

Í boði er afar áhugavert starf í ört vaxandi fyrirtæki og heyrir starfið undir forstjóra.

**Helstu verkefni:**

- Stjórnun rekstrarsviðs og samhæfing einstakra rekstrareininga.
- Þróun lykilmælikvarða, tekna og afkomu.
- Áætlanagerð, frávikagreiningar og arðsemisútreikningar.
- Samskipti við hagaðila.
- Ýmis verkefni sem snúa að skilvirkni og samþættingu í rekstri.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi.
- 3-5 ára reynsla af sambærilegu starfi.
- Reynsla af áætlanagerð, greiningarvinnu og framsetningu rekstrarupplýsinga.
- Mjög góð greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.
- Jákvæðni í mannlegum samskiptum og hæfni til að starfa í hópi.
- Sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Mjög góð tölvukunnátta ásamt hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl nk.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

**Umsjón með starfinu hafa Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF




**Bláa Lónið óskar eftir að ráða til starfa reynslumikinn launafulltrúa inn á mannauðssvið fyrirtækisins.**
Um fjölbreytt starf er að ræða í lifandi og skemmtilegu starfsumhverfi.

**Helstu verkefni:**
-Launavinnsla
-Skil á skilagreinum og greiðslum til opinberra aðila, stéttarfélaga og annarra vegna launatengdra gjalda
-Umsjón með skráningu launaupplýsinga í launakerfi
-Túlkun og framfylgni kjarasamninga
-Upplýsingagjöf og ráðgjöf til starfsmanna og stjórnenda vegna kjaramála
-Greiningar og framsetning tölulegra gagna

**Hæfniskröfur:**
-Þekking og reynsla af launavinnslu, kjaramálum, veikindarétti og öðru sem snýr að kjaramálum
-Reynsla af H3 mannauðs- og launakerfi
-Þekking á Mytimeplan eða öðrum tímaskráningarkerfum
-Góð færni í Excel og góð almenn tölvukunnátta
-Rík þjónustulund, jákvæðni og góð samskiptafærni

Bláa Lónið er fjölbreyttur, spennandi og skemmtilegur vinnustaður og er lögð rík áhersla á öfluga liðsheild og góðan starfsanda.
Skrifstofur félagsins munu flytjast í nýtt og glæsilegt skrifstofurými í Urriðaholti á næstu misserum þar sem viðkomandi mun koma til með að hafa starfsstöð.

**Nánari upplýsingar um starfið veita sérfræðingar á mannauðssviði Bláa Lónsins í síma 420-8800**

**Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl 2022**

storf.bluelagoon.is

BLUE LAGOON
ICELAND

# Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar fyrir skólaárið 2022-2022

Bláskógaskóli Laugarvatni

Virðing • Vinátta • Gleði







**Aðstoðarskólastjóri 100% starf**

Helsta verkefni er að starfa í stjórnunarteymi samrekins leik- og grunnskóla og styðja við og þróa skólastarfið í heild. Veita faglega forystu og starfa eftir aðalnámskrá leik-og grunnskóla.

Hæfnikröfur:

- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi á sviði stjórnunar og/eða uppeldis og menntunarfræða er kostur.
- Lausnamiðun, góð samskiptahæfni, skipulagshæfileikar og jákvætt viðhorf eru mikilvægir eiginleikar.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar.

- **Leikskólakennarar á leikskóladeild 100 %**
- **Íþróttakennari 50% starf**
- **Umsjónarkennari á yngsta stigi – tímabundin ráðning til eins árs.**
- **Smíðakennari - hlutastarf**

*Hvetjum við alla þá sem hafa áhuga að senda umsókn og eiga við okkur samtalið, líta í heimsókn og sjá hvort það myndi henta að starfa með okkur. Við gerum okkar besta til að taka vel á móti áhugasömum umsækjendum*

*Nánari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans www.blaskogaskoli.is*

Umsóknarfrestur til 27 apríl.

Nánari uppýsingar gefur Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma 868-3035 eða í tölvupósti elfa@blaskogaskoli.is. Með umsókn skulu berast ferilskrá og kynningarbréf.

# Forsætisráðuneytið auglýsir eftir **leiðtoga um sjálfbæra þróun**



Forsætisráðuneytið leitar eftir leiðtoga til að leiða samhæfingu verkefna á sviði sjálfbærrar þróunar og réttlátra umskipta. Um er að ræða nýtt starf og hefur viðkomandi tækifæri til að koma að mótun verkefnisins. Meðal áhersluatriða er mótun stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun, samvinna við sveitarfélög og við aðila vinnumarkaðarins um réttlát umskipti og samhæfing ólíkra ráðuneyta við eftirfylgni aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.

**Helstu verkefni**

- Hafa yfirumsjón með verkefninu og leiða þróun þess.
- Móta markmið, áherslur og forgangsröðun verkefna.
- Tryggja framkvæmd og framgang verkefna.
- Veita upplýsingar um stefnu og verkefni sjálfbærs Íslands.
- Undirbúa fundi stýrihóps og samráðs-vettvangs verkefnisins, sem og að annast önnur samskipti eins og við á.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af störfum sem tengjast hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.
- Þekking á loftslagsmálum, réttlátum umskiptum og velsældaráherslum.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði og drifkraftur.
- Framúrskarandi samskipta- og samvinnuhæfileikar.
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu norðurlandamáli.
- Reynsla af stjórnun og stefnumótun æskileg.

**Frekari upplýsingar um starfið**

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hafa gert.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni.

Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá birtingu auglýsingar, sbr. reglur um auglýsingar lausra starfa nr. 1000/2019.

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2022. Sótt er um starfið á Starfatorgi.

**Nánari upplýsingar veitir**

Bryndís Hlöðversdóttir, ráðuneytisstjóri
í forsætisráðuneytinu; bryndis.hlodversdottir@for.is

**Stjórnarráð Íslands**
Forsætisráðuneytið

# Deildarstjóri máladeildar

MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA

Menntasjóður námsmanna (MSNM) óskar eftir að ráða metnaðarfullan leiðtoga með yfirgripsmikla þekkingu og brennandi áhuga á stjórnsýslumálum. Um framtíðarstarf er að ræða og er starfshlutfall 100%. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og verkefnum deildarinnar
- Undirbúningur og úrvinnsla erinda vegna endurgreiðslu- og vafamála fyrir og eftir stjórnarfundi
- Umsjón með kærumálum til málskotsnefndar MSNM
- Vinna við breytingar á lánareglum MSNM
- Ábyrgð á gæða- og upplýsingamálum
- Umsjón með bréfum til erfingja dánarbúa ábyrgðarmanna
- Yfirumsjón með jöfnunarstyrk
- Ýmis lögfræðileg verkefni innan sjóðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kandídats- og/eða meistarapróf í lögfræði
- Reynsla af stjórnun
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Reynsla og þekking á sviði persónuverndar og kröfuréttar er kostur
- Leiðtogahæfni, jákvætt viðmót og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti og góð færni í textagerð

Menntasjóður námsmanna er félagslegur jöfnunarsjóður sem hefur það að markmiði að tryggja námsmönnum í lánshæfu námi jöfn tækifæri til náms, án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti, með því að veita námsmönnum fjárhagslega aðstoð í formi námslána og styrkja.

Hjá Menntasjóði námsmanna starfa um 40 starfsmenn.

Gildi sjóðsins eru: **fagmennska, samstarf og framsækni.**

Nánari upplýsingar má finna á: **www.menntasjodur.is.**

Framlengdur umsóknarfrestur er til og með **25. apríl 2022.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf (hvort tveggja á íslensku), þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra við Fræðagarð stéttarfélag. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

# Kerfisstjóri notendaþjónustu

Upplýsingatækniteymi Alcoa Fjarðaáls leitar að jákvæðum og drífandi sérfræðingi til að annast daglegan rekstur tölvukerfa og notendaþjónustu í Microsoft umhverfi. Markmiðið er að þjónustan uppfylli ströngustu kröfur og að stöðugt sé verið að bæta hana. Upplýsingatækniteymi Fjarðaáls nýtur góðs af mjög öflugum innviðum og stuðningi móðurfélagsins Alcoa Corporation.

**Ábyrgð og verkefni**

- Annast daglegan rekstur notendaþjónustu
- Greina og leysa tæknileg mál
- Bregðast skjótt við niðritíma upplýsingakerfa
- Kaupa inn, setja upp og skrá tölvubúnað
- Veita notendum aðstoð, þjálfun og fræðslu
- Sjá til þess að upplýsingastöðlum Alcoa sé fylgt
- Vera tengiliður við Alcoa Corporation
- Vinna að umbótum á notendaþjónustunni

**Menntun, hæfni og reynsla**

- Háskólapróf í kerfisfræði eða tölvunarfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Minnst tveggja ára starfsreynsla
- Microsoft vottanir eru æskilegar
- Þjónustulund og lipurð í samskiptum
- Hæfni til að miðla, þjálfa og styðja við notendur
- Sjálfstæð vinnubrögð og færni í teymisvinnu
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Frekari upplýsingar um starfið veitir Stefán Karl Guðjónsson í tölvupósti á netfangið *stefan.gudjonsson@alcoa.com* eða í síma 843 7721. Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um starfið á **www.alcoa.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með föstudeginum 6. maí.**

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

## Langanesbyggð leitar eftir skrifstofustjóra

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með spennandi framtíðarmöguleika. Sveitarfélögin Langanesbyggð og Svalbarðshreppur eru nú í sameiningarferli og ný sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags tekur við að loknum kosningum 14. maí. Á Þórshöfn búa um 400 manns í fjölskylduvænu umhverfi. Skólinn var endurnýjaður árið 2016 og er öll aðstaða og aðbúnaður er til fyrirmyndar. Nýr leikskóli var tekinn í notkun haustið 2019. Gott íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta er á Þórshöfn. Á staðnum er gott íþróttahús og innisundlaug og stendur Ungmennafélag Langaness fyrir öflugu íþróttastarfi. Í þorpinu er mikið og fjölbreytt félagslíf. Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri. Í næsta nágrenni eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir og stang- og skotveiði.

Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.



### Skrifstofustjóri

Skrifstofustjóri er yfirmaður skrifstofu Langanesbyggðar og heyrir beint undir sveitarstjóra og er staðgengill hans. Hann hefur faglega forystu og verkstjórn á daglegum verkefnum skrifstofunnar. Hann hefur umsjón með stjórnsýslu, fjármálum og starfsmannahaldi sveitarfélagsins og stofnana þess í umboði sveitarstjóra.

**Helstu verkefni eru:**

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum skrifstofunnar.
- Umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins í umboði sveitarstjóra.
- Undirbúningur og frágangur funda sveitarstjórnar, nefnda og ráða
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða sem gilda hverju sinni og heyra undir sveitarfélagið.
- Tekur þátt í faglegri framkvæmd verkefna á grunni sérfræðiþekkingar sinnar.
- Umsjón með heimasíðu sveitarfélagsins og birtingu fundargerða
- Yfirumsjón og ábyrgð með leyfisveitingum, uppfærslum á samþykktum, reglum og gjaldskrám.

**Menntun:**

- Á sviði viðskipta, stjórnsýslu eða lögfræði.

**Reynsla:**

- Úr stjórnsýslu og rekstri.
- Af stefnumótun og verkefnastjórnun æskileg.
- Á skjalastjórnunar- og bókhaldskerfum æskileg.
- Á sviði kjaramála, stjórnunar, og samningagerðar æskileg.

**Hæfni:**

- Í samskiptum.
- Frumkvæði og lausnamiðuð vinnubrögð.
- Greiningarhæfni ásamt hæfni í úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Gott vald á íslensku og enskukunnátta.

**Nánari upplýsingar veitir:**

Jónas Egilsson, sveitarstjóri - jonas@langanesbyggd.is

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl 2022 en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið.

## Leikskólaleiðbeinandi.

Krílasel ungbarnaleikskóli sem er einnar deildar einkarekinn leikskóli í seljahverfinu óskar eftir að ráða vanan leikskólaleiðbeinanda í 50-70% starf sem fyrst. Íslenskukunnátta æskileg.

**Umsóknir sendist á krilasel@simnet.is**

GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR
SJÁLFSTÆÐI - METNAÐUR - SAMKENND

## Óskum eftir kennurum og þroskaþjálfa fyrir skólaárið 2022-2023

Grunnskóli Snæfellsbæjar er þriggja starfstöðva grunnskóli með um 220 nemendur. Starfstöðvar hans eru í Ólafsvík, á Hellissandi og á Lýsu. Nánari upplýsingar um skólann eru á heimasíðu hans, á slóðinni http://www.gsnb.is/

**Auglýst er eftir fagfólki í eftirfarandi stöður norðan Heiðar (Ólafsvík og Hellissand)**

**Umsjónarkennara í yngri deild (1.-7. bekk).**
**Kennara í heimilisfræði.**
**Íþróttakennara í 50% starf.**
**Þroskaþjálfa í 100% starf.**

Auglýst er eftir kennurum við Lýsudeild skólans.
Viðfangsefni eru:
Kennsla yngri barna, list- og verkgreinar og tungumál í 5.-10. bekk, 90% starf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góðir skipulagshæfileikar.
- Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

**Umsóknir sendist fyrir 20. apríl 2022** til skólastjóra Grunnskóla Snæfellsbæjar, Ennisbraut 11, 355 Snæfellsbæ eða á netfangið hilmara@gsnb.is.
Í þeim skulu koma fram upplýsingar um menntun, réttindi og starfsreynslu.

Frekari upplýsingar veitir Hilmar Már Arason í síma 894 9903 eða hilmara@gsnb.is.




YRKI arkitektar

Við hjá Yrki arkitektum leitum að öflugu fólki til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum á næstu misserum.

Verkefnin eru á sviði arkitektúrs, skipulags, landslags- og borgarhönnunar.

Okkur vantar **arkitekt**, **byggingafræðing** og **landslagsarkitekt**.

Fyrir arkitekt og byggingafræðing er æskileg að viðkomandi hafi grunnkunnáttu á Revit og fyrir landslagsarkitekt grunnkunnáttu á Autocad.

Hvetjum til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Áhugasamir geta haft samband á netfangið: yngvi@yrki.is

Nordic Car Rental

## Bifvélavirki óskast - 60 ára eða eldri

Við óskum eftir að ráða bifvélavirkja eða vanann mann (60 ára plús) á bílaverkstæði fyrirtækisins.

Um er að ræða krefjandi og skemmtilegt starf, við viðgerðir á bílaleigubifreiðum. Æskilegt er að viðkomandi hafi haft reynslu af sambærilegu starfi, en ekki er gerð krafa um menntun.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2022.**

Fyrir nánari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband í síma: 771-3040 - Umsóknir ásamt ferilskrám er hægt að senda á netfangið diddifrissa@simnet.is

## Auðarskóli í Dalabyggð

Laus eru til umsóknar ýmis störf við Auðarskóla í Dalabyggð.

- Aðstoðarleikskólastjóri
- Leikskólakennarar
- Þroskaþjálfi
- Umsjónakennarar

Allar frekari upplýsingar er að finna á
**www.dalir.is**

## Sumarstörf í Dalabyggð

Laus eru til umsóknar ýmis sumarstörf í Dalabyggð.

- Aðhlynning á Silfurtúni
- Sundlaugarverðir í Sælingsdalslaug
- Stuðningsfulltrúi í Vinnuskóla
- Húsvörður í Dalabúð

Allar frekari upplýsingar er að finna á
**www.dalir.is**

ráðum
ráðningarstofa

## Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

SKJALASTJÓRI

# Hefur þú ástríðu fyrir **góðu skipulagi?**

ÁTVR leitar að öflugum, þjónustuliprum, ábyrgum og áhugasömum einstaklingi til þess að leiða skjalastjórnun á eftirsóknarverðum vinnustað.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Samræma og hafa með höndum skipulag, ábyrgð og umsjón með skjalamálum
- Umsjón með skjalavistun og verklagi við rafræna skjalastjórnun
- Umsjón með uppbyggingu og vistun gagna í ólíkum kerfum, s.s. Teams og Workpoint
- Fræða samstarfsfólk um upplýsinga- og skjalamál
- Veita stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf og stuðning við skjalavistun
- Samræma og innleiða verklag við vistun gagna
- Sjá um frágang og skil á skjalasafni
- Taka þátt í umbótaverkefnum

**Hæfniskröfur**

- Háskólagráða í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærileg menntun á sviði skjalastjórnunar
- Þekking á og reynsla af rafrænum skjalalausnum
- Tölvuþekking og skilningur á upplýsingatækni eru nauðsynleg
- Þekking á GoPro, Teams og Workpoint er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Heiðarleiki og jákvæðni
- Gott viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

**Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl nk.**
Allir áhugasamir eru hvattir til að sækja um starfið á **vinbudin.is**.
**Nánari upplýsingar:** Guðrún Símonardóttir, mannauðsstjóri ÁTVR, starf@vinbudin.is – 560 7700.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

JAFNLAUNAVOTTUN
2021 - 2024

VÍNBÚÐIN

Dalabyggð

# Auglýst útboð

## Íþróttamannvirki í Búðardal, forval

**Sveitarfélagið Dalabyggð óskar eftir tilboðum í framkvæmdina:**
**ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ Í BÚÐARDAL, Alútboð nr. 2201**

**Lauslegt yfirlit yfir verkið:**
Verkið felst í byggingu íþróttamiðstöðvar í Búðardal. Miðstöðin samanstendur af íþróttasal, þjónustukjarna með búningsklefum og lyftingasal ásamt útisundlaug. Heildarstærð íþróttamiðstöðvar er um 1335 m2 og þá er útisvæði sundlaugar með sundlaugakeri, vaðlaug og heitum pottum um 670 m2. Gengið verður inn í íþróttamiðstöð á 1. hæð þar sem öll starfsemi hússins fer fram. Þá verður gert ráð fyrir lagnarými sundlaugar í kjallara og áhorfendarými og tæknirými á 2. hæð húss. Í húsinu verður hægt að iðka ýmsar íþróttir, bæði æfingar og keppni en miðað er við að í því verði mætt kröfum til keppni í körfubolta. Að byggingu mannvirkja lokinni skal aðlaga hæð lóðar að hæðarsetningu aðliggjandi lóða og ganga frá lóðinni í samræmi við lóðarhönnun

**Upphaf framkvæmda** hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði bjóðanda.
**Lok framkvæmda** er 1. júní 2024

Skilyrði þátttöku eru nánar útskýrð í útboðsgögnum sem verða afhent á rafrænu formi frá og með **miðvikudeginum 13. apríl 2022**. Þeir sem hyggjast taka þátt í útboðinu skulu hafa samband við Ragnar Ómarsson hjá Verkís hf. með tölvupósti í netfangið **rom@verkis.is** og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang sitt og fá útboðsgögnin í kjölfarið send í tölvupósti.

Gögnum þátttakenda skal skila til Verkís hf., **fyrir 14.00 föstudaginn 20. maí 2022.** Fyrirmælum varðandi skil gagna er nánar lýst í útboðsgögnum. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

*Byggingarnefnd Dalabyggðar*




Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

**BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.**

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

# Húsmæðraorlof

## Gullbringu- og Kjósarsýslu 2022

Orlofsnefnd húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir sveitar félögin Garðabæ, Kjósarsýslu, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes auglýsa hér með orlofsferðir fyrir árið 2022.

**Ferðir árið 2022**
**28. ágúst – 4. september 2022**
Toskana m.a. sigling um strendur Cinque Terre
**5. - 12. október 2022**
Króatískar strendur og Alpafjöll
**23. – 27. nóvember 2022**
Aðventuævintýri í Trier

Rétt til að sækja um orlofsferð hefur sérhver kona sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf.

Upplýsingar um ferðirnar og skráning er á **www.orlofgk.is** eða með því að senda tölvupóst á **orlofgk@gmail.com**

Mosfellsbær

# Við leitum að verkstjóra í bílaþjónustu



Við óskum eftir öflugum verkstjóra á þjónustuverkstæði okkar í Fellsmúla. Þjónustuverkstæði N1 eru líflegir vinnustaðir með fjölbreyttum verkefnum og iðandi mannlífi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagur Benónýsson í síma **440 1030** eða **dagur@n1.is.**

Áhugasamir sæki um á www.n1.is – merkt **Bílaþjónusta N1 Verkstjóri.** Umsóknarfrestur er til og með **27. apríl.**

Öll þjónustuverkstæði N1 hafa hlotið vottun samkvæmt gæðakerfi Michelin.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Almenn afgreiðsla og ráðgjöf til viðskiptavina
- Verkstjórn almennra starfsmanna
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af stjórnun
- Samskiptafærni og jákvætt viðhorf

**Fríðindi í starfi**
- Styrkur til heilsueflingar
- Aðgangur að Velferðarþjónustu N1
- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO

JAFNLAUNAVOTTUN 2021 - 2024

2021 Framúrskarandi fyrirtæki

MICHELIN Quality Dealer 2022

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ




# Erum við að leita að þér?

Sæbýli ræktar sæeyru (e. abalone), eina verðmætustu eldistegund í heimi, á sjálfbæran hátt með einstakri eldistækni sem byggir á nýtingu jarðvarma, lóðréttu eldiskerfi með lokaðri hringrás. Fyrirtækið markaðssetur hágæða afurðir sínar undir vörumerki sínu, Aurora Abalone, fyrir markaði í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.

Við leitum nú að metnaðarfullu fólki sem vill starfa í alþjóðlegu og einstöku eldisfyrirtæki á heimsvísu ásamt því að taka þátt í uppbyggingu á spennandi umhverfisvænni matvælaframleiðslu.

## Yfirmaður rannsókna- og þróunarstarfs

**Helstu verkefni:**
- Yfirumsjón með rannsóknarverkefnum Aurora Abalone varðandi eldisumhverfið, sjógæði og virkni lífhreinsa.
- Líffræðileg gagnasöfnun og greining.
- Yfirumsjón með gæðakerfi félagsins og gæðavottunum (ASC).
- Uppbygging og rekstur rannsóknarstofu.
- Umsjón með samstarfsverkefnum við alþjóðlegar og innlendar rannsóknarstofnanir og háskóla.
- Alþjóðlegar styrkumsóknir.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólanám á sviði líf-, efna-, eldisfræði eða sambærilegt nám sem mun nýtast á áherslusviðum Aurora Abalone.
- Æskilegt að viðkomandi hafi starfsreynslu við fagsvið sitt og reynsla úr eldi eða ræktun sjávarlífvera er kostur
- Áhugi á sviði umhverfisvænnar sjálfbærar matvælaframleiðslu
- Reynsla af styrkumsóknum æskileg.
- Gott vald á enskri tungu í ræðu og riti.
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni.
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Jákvætt viðhorf og lausnamiðað hugarfar.

## Uppsetning og rekstur tækjabúnaðar

**Helstu verkefni:**
- Uppsetning eldisbúnaðar (ryðfrítt stál og plastbakkakerfi).
- Tenging á vatnslögnum og dælubúnaði.
- Viðhald og rekstur tækjabúnaðar.
- Þátttaka í eldisstörfum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun eða reynsla á sviði málmsmíði, pípulagna, vélvirkjunar eða vélstjórnar.
- Að lágmarki fimm ára starfsreynsla.
- Enskukunnátta.
- Metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Jákvætt viðhorf og lausnamiðað hugarfar.

## Starfsmaður í eldi

**Helstu verkefni:**
- Fóðrun.
- Mælingar.
- Flokkun.
- Þátttaka í almennum eldisstörfum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Fiskeldismenntun ákjósanleg en ekki skilyrði.
- Jákvætt viðhorf, stundvísi og skipulögð vinnubrögð.
- Enskukunnátta.

### Nánari upplýsingar um störfin veita:

**Ásgeir Guðnason**: asgeir@abalone.is
**Sigurður Pétursson**: siggi@abalone.is
**Kolbeinn Björnsson**: kolbeinn@abalone.is

Umsókn og kynningarbréf, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt fyrir **25. apríl 2022** og verður farið með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Með jafnrétti á öllum sviðum að leiðarljósi hvetjum við áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

## Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



# Verkefnastjórar / sérfræðingar óskast til skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds annast stofnframkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar og sér um viðhald á eignasafni Reykjavíkurborgar bæði húseignum og samgöngumannvirkjum. Verkefnisstjórar / sérfræðingar koma til með að halda utan um ýmis viðhaldsverkefni og önnur verkefni s.s. eins og verkefni sem tengjast „Græna Planinu“. Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar og leggur línurnar í fjármálum, fjárfestingum og grænum lykilverkefnum til 10 ára. Græna planið byggir á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag.

**Helstu verkefni:**
- Verkefnastýring, skipulagning og stjórnun verkefna vegna nýframkvæmda og viðhalds fasteigna og gatnamannvirkja
- Eftirfylgni vinnuáætlunar viðhalds varðandi verklegar framkvæmdir
- Þátttaka í vinnuhópum og halda samráðsfundi með framkvæmda- og hagsmunaraðilum
- Aðkoma að vinnu við gerð útboðsgagna og verksamninga
- Skráning verkefna og kostnaðarstöðu þeirra í verkbókhald
- Skráning í Framkvæmdasjá og á verkefna- og eignavef Reykjavíkurborgar
- Kynna stöðu verkefna
- Yfirferð og samþykkt reikninga
- Vettvangsferðir á vinnusvæði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði verkfræði, tæknifræði, byggingarfræði eða í sambærilegum tæknigreinum sem nýtist í starfi
- Þekking á áætlanagerð er kostur
- Reynsla af ráðgjöf til mismunandi hagaðila er kostur
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og hópstarfi
- Hæfni til framsetningar og greiningar á flóknum gögnum og miðlun upplýsinga á íslensku í ræðu og riti
- Skipulagsfærni, nákvæmni og hæfileiki til að vinna sjálfstætt
- Geta unnið vel undir álagi
- Færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist skrifstofustörfum

Um er að ræða 100% starf. Fyrirspurn um starf skal beina til Ámunda V. Brynjólfssonar skrifstofustjóra framkvæmda og viðhalds mannvirkja ***Amundi.V.Brynjolfsson@Reykjavik.is*** Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar ***www.reykjavik.is*** undir „Laus störf“ – „**Verkefnastjóri.**“ Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl 2022. Umsóknum skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjendur gera grein fyrir hæfni sinni í umrætt starf.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

# Skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness



**Leitað er að metnaðarfullum leiðtoga með víðtæka þekkingu og skýra framtíðarsýn á starfsemi grunnskóla til að leiða nemendur, starfsfólk og foreldra í öflugu skólastarfi.**

## Virðing – Ábyrgð – Vellíðan

Seltjarnarnesbær auglýsir lausa stöðu skólastjóra við Grunnskóla Seltjarnarness. Í skólanum eru um 580 nemendur, en hann er rekinn á tveimur starfsstöðvum, í Mýrarhúsaskóla (1.-6. bekkur) og Valhúsaskóla (7.-10. bekkur). Við skólann starfa um 100 manns og hefur skólinn á að skipa reynslumiklu og hæfu starfsfólki. Einkunnarorð skólans eru virðing – ábyrgð – vellíðan og er lögð áhersla á að þau einkenni skólastarfið. Skólinn er í miklu samstarfi við Frístundamiðstöð Seltjarnarness um lengda viðveru barna í 1.-4. bekk og félagsmiðstöðina Selið, Tónlistarskóla Seltjarnarness og íþróttafélagið Gróttu.

## Helstu verkefni og ábyrgðarsvið
- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróunar á skólastarfi í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Seltjarnarnesbæjar.
- Stjórnun og ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi.
- Ábyrgð á starfsmannamálum.
- Ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

## Menntunar og hæfniskröfur
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af faglegri forystu í kennslu og/eða þróunar í skólastarfi.
- Leyfi til að nota starfsheitið kennari.
- Menntun á sviði stjórnunar.
- Kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla í starfsmannastjórnun og rekstri.

Umsókn um starfið skal fylgja leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari og gögn sem staðfesta frekari menntun, ítarleg starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og SÍ.

Öllum umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar - undir **seltjarnarnes.is –Störf í boði.** Þar má einnig finna ítarlegri kynningu á starfinu og Grunnskóla Seltjarnarness.

Ráðið verður í stöðuna f.o.m. 1. ágúst 2022. **Umsóknarfrestur er t.o.m. 2. maí 2022.**

Upplýsingar um starfið veitir Baldur Pálsson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Setjarnarnesbæjar, **baldur@seltjarnarnes.is**

*Spennandi tímar eru framundan í skólamálum á Seltjarnarnesi, þar sem menntastefna sveitarfélagsins er nú til endurskoðunar og íbúaþing um skólamál verður haldið 2. apríl nk.*

*Á Seltjarnarnesi er lögð áhersla á að reka skóla í fremstu röð þar sem boðið er upp á metnaðarfullt og framsækið skólastarf, sem byggir á góðu starfsumhverfi. Áhersla er lögð á að mæta þörfum nemenda, ýta undir hæfileika þeirra og auka trú á eigin getu. Góð samskipti og samstarf starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila er forsenda þess að vel takist til við að byggja upp gott og mannvænt samfélag. Lögð er áhersla á samvinnu milli skólanna, samfelldan skóladag nemenda og öruggt umhverfi þar sem góð líðan er í fyrirrúmi.*

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

**www.seltjarnarnes.is**

# Húsvörður óskast

Húsfélagið Hæðargarði 33-35, 108 Reykjavík vill ráða húsvörð í 50% starf. Í húsunum eru samtals 42 íbúðir fyrir íbúa 63 ára og eldri.

Verkefni húsvarðar eru almenn þrif á sameign og almenn umhirða á lóð, bílskýli og bílastæðum ásamt minniháttar viðhaldi og endurbótum.

Húsvörður verður að vera snyrtilegur, laghentur og útsjónarsamur, geta unnið sjálfstætt en einnig haft umsjón með stærri verkefnum. Þarf að hafa þjónustulund og vera lipur í mannlegum samskiptum. Íbúð er til afnota fyrir húsvörð.

**Skriflegar umsóknir ásamt meðmælum berist til: husfelag33@gmail.com**

**Umsóknarfrestur er til 22. apríl 2022**

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Kennari í dönsku
- Sérkennari
- Skrifstofustjóri

**Flataskóli**
- Umsjónarmaður frístundaheimilis

**Hofsstaðaskóli**
- Kennari í dönsku
- Kennari í heimilisfræði
- Kennari í textílmennt
- Leiðbeinandi á frístundaheimili
- Skrifstofustjóri
- Stuðningsfulltrúi
- Umsjónarkennari 1. bekk
- Umsjónarkennari á miðstigi

**Urriðaholtsskóli**
- Atferlisþjálfi
- Deildarstjóri á leikskólastigi
- Íþróttakennari
- Kennari í smíði og hönnun
- Leiðbeinandi á leikskólastigi
- Leikskólakennari á leikskólastigi
- Umsjónarkennarar á yngsta- og miðstigi

**Leikskólinn Akrar**
- Leikskólastjóri

**Leikskólinn Krakkakot**
- Leiðbeinandi

**Leikskólinn Mánahvoll**
- Háskólamenntaðir starfsmenn
- Leiðbeinandi
- Leikskólakennari

**Miðskógar – heimili fyrir fatlað fólk**
- Sumarstarfsmaður

**Sigurhæð – heimili fyrir börn**
- Starfsmenn

**Ægisgrund – heimili fyrir fatlað fólk**
- Sumarstarfsmaður

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is







# FÉLAGSRÁÐGJAFI Á FJÖLSKYLDUSVIÐ

Fjölskyldusvið Garðabæjar óskar eftir að ráða félagsráðgjafa í fjölbreytt verkefni innan stuðnings- og öldrunarþjónustu. Um er að ræða 100% starfshlutfall í góðu starfsumhverfi.

**Helstu verkefni:**

- Veita almenna félagslega ráðgjöf innan stuðnings- og öldrunarþjónustu
- Efla notendur til sjálfshjálpar með ráðgjöf, stuðningi og hvatningu
- Skráning í málakerfi og ritun greinargerða
- Móttaka, mat og afgreiðsla umsókna um stuðnings- og öldrunarþjónustu
- Samstarf við aðila, innan sveitarfélags og utan, við vinnslu mála
- Þátttaka í stefnumótun, mótun verkferla, starfsáætlunum og endurskoðun á reglum í málaflokknum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf
- Þekking og reynsla af almennri félagsþjónustu og félagslegri ráðgjöf er skilyrði
- Þekking og reynsla af vinnu og meðferð mála með einstaklingum og fjölskyldum er skilyrði
- Góð tölvukunnátta
- Góð tök á íslenskri tungu og hæfni í framsetningu texta

**Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2022.**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir** Þóra Gunnarsdóttir með því að senda tölvupóst á thoragunn@gardabaer.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félagsráðgjafafélag Íslands.

*Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, er hvattir til að sækja um.*
Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Garðabæjar **www.gardabaer.is**. Þar er jafnframt að finna nánari upplýsingar um helstu verkefni, menntunar- og hæfniskröfur.

GARÐABÆR
gardabaer.is

## Vegna aukinna umsvifa
## Leitum við að öflugum liðsmönnum með ástríðu fyrir ferðalögum

**Ferðaskrifstofan Heimsferðir leitar eftir kröftugu og lausnamiðuðu starfsfólki í fjölbreytt störf á aðalskrifstofu félagsins í Reykjavík.**

### Ferðaráðgjafi – sumarstarf

Ferðaráðgjafar sjá um almenna sölu á utanlandsferðum auk þjónustu og ráðgjöf við viðskiptavini Heimsferða.

**Helstu verkefni eru:**
- Almenn sala á utanlandsferðum Heimsferða
- Símsvörun, tölvupóstsamskipti, ráðgjöf og almenn þjónusta við farþega.
- Bókanir og vinnsla við uppgjör ferða.

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**
- Skipulögð vinnubrögð og framúrskarandi hæfni í mannlegum samkiptum.
- Frumkvæði, drifkraftur og þjónustulund
- Reynsla af þjónustustörfum
- Reynsla af sölu utanlandsferða og þekking á áfangastöðum er mikill kostur
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð ensku og íslenskukunnátta í rit og talmáli

### Ferðaráðgjafi – framtíðarstarf

Ferðaráðgjafar sjá um almenna sölu á utanlandsferðum auk þjónustu og ráðgjöf við viðskiptavini Heimsferða.

**Helstu verkefni eru:**
- Almenn sala á utanlandsferðum Heimsferða
- Símsvörun, tölvupóstsamskipti, ráðgjöf og almenn þjónusta við farþega.
- Bókanir og vinnsla við uppgjör ferða.

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**
- Skipulögð vinnubrögð og framúrskarandi hæfni í mannlegum samkiptum.
- Frumkvæði, drifkraftur og þjónustulund
- Reynsla af þjónustustörfum
- Reynsla af sölu utanlandsferða og þekking á áfangastöðum er mikill kostur
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að vinna undir miklu álagi
- Góð ensku og íslenskukunnátta í rit og talmáli

### Verkefnastjóri áfangastaða

Verkefnastjórar áfangastaða hafa yfirumsjón með framleiðslu og utanumhaldi á áfangastöðum félagsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Framleiðsla ferða í leiguflug á vegum Heimsferða
- Tengiliður við hótel, flugfélög og fararstjóra
- Undirbúningur brottfara
- Stuðningur við söluteymi

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**
- Lausnamiðuð og skipuleg vinnubrögð
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, drifkraftur og þjónustulund
- Reynsla af þjónustustörfum
- Reynsla af sambærilegum störfum og þekking á áfangastöðum er mikill kostur
- Mjög góð almenn tölvukunnátta og eiga auðvelt með að tileika sér ný kerfi
- Geta til að vinna undir miklu álagi
- Góð ensku og íslenskukunnátta í rit og talmáli. Önnur tungumál er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 30 apríl 2022. - Umsóknum skal skilað á netfangið starf@heimsferdir.is með ferilskrá og kynningarbréfi í viðhengi**

Heimsferðir

**Heimsferðir voru stofnaðar í mars árið 1992 og er í dag ein stærsta ferðaskrifstofa landsins. Hjá Heimsferðum starfa um 20 starfsmenn, bæði á Íslandi og á áfangastöðum fyrirtækisins erlendis. Markmið Heimsferða er að vera leiðandi ferðaskrifstofa á afþreyingarmarkaði og veita áreiðanlega og framúrskarandi þjónustu og stuðla að jákvæði upplifun viðskiptavina félagsins.**

# SKÓLASTJÓRI ÁLFTANESSKÓLA
# Í GARÐABÆ

Laus er til umsóknar staða skólastjóra Álftanesskóla sem er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1. – 10. bekk með um 400 nemendur. Skólinn er heilsueflandi og vinnur eftir hugmyndafræði og vinnubrögðum „Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga", leiðsagnarmati og vaxandi hugarfari. Gildi skólans eru ábyrgð, samvinna og virðing.

Lögð er áhersla á öflugt og framsækið skólastarf með áherslu á samfellu í námi barna og samstarfi milli skólastiga að leiðarljósi, einkunnarorð skólans eru „allir eru einstakir".

Í Garðabæ er lögð rík áhersla á sjálfstæði skóla, fjölbreytni og valfrelsi sem felst meðal annars í frjálsu skólavali. Leik- og grunnskólar Garðabæjar skapa sér sérstöðu í áherslum sínum til að koma sem best á móts við fjölbreyttar þarfir nemenda.

Skólastjóri tekur þátt í að móta metnaðarfullt skólasamfélag Garðabæjar með uppbyggilegum og framsýnum hætti.

**Helstu verkefni:**
- Að vera faglegur leiðtogi
- Bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórna daglegri starfsemi og hafa forgöngu um mótun og framgang stefnu skólans
- Vinna náið með starfsfólki að skapandi námsumhverfi fyrir alla nemendur
- Leiða og hvetja starfsfólk með það að markmiði að tryggja sem best vellíðan og árangur hvers og eins
- Taka þátt í þróun skólastarfsins og mótun menntastefnu í samræmi við lög og reglugerðir aðalnámskrár og stefnu Garðabæjar
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun starfsmanna skólans

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn)
- Hafa að lágmarki 60 námseiningar í uppeldis- og kennslufræðigreinum
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða reynsla af stjórnun
- Reynsla af þátttöku í skólaþróunarverkefnum og teymisvinnu
- Reynsla af úrlausnum nemendamála og foreldrasamskiptum
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum ásamt metnaði í starfi
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni er skilyrði
- Góð tölvukunnátta

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá um störf umsækjanda, menntun, stjórnunarreynslu og verkefni sem hann hefur unnið að og geta varpað ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og hvernig hann sér Álftanesskóla þróast undir sinni stjórn.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl nk.** Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2022.

**Nánari upplýsingar um starfið veita** Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, s. 525 8500, eirikurbjorn@gardabaer.is og Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi, s. 525 8500, eddabsig@gardabaer.is
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Garðabæjar **www.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
gardabaer.is



# Tæknistjóri
## Leikfélags Akureyrar

Tæknistjóri hjá Leikfélagi Akureyrar vinnur ýmis tæknistörf með aðaláherslu á tæknimál í Samkomuhúsinu. Hann keyrir sýningar og aðra viðburði. Hann sér um viðhald tæknibúnaðar og annast eftirfylgni og gæðaeftirlits tæknikeyrslu á leiksýningum leikfélagsins.

Hann aðstoðar listræna stjórnendur og tæknifólk sem kemur til starfa við sýningar leikfélagsins sem og samstarfs- og gestasýningar. Sinnir daglegum verkefnum í samráði við skipulagsstjóra, leikhússtjóra og tæknistjóra Menningarfélag Akureyrar. Möguleiki er að ráða inn tvo í 50% starf.

**Helstu verkefni:**
- Uppsetning tækja- og húsbúnaðar á sviðinu í samræmi við fyrirliggjandi óskir sýningarstjóra og leikstjóra.
- Umsjón með gæðaeftirliti sýningar LA á sýningartímabili.
- Umsjón og ábyrgð á ljósa- og hljóðkeyrslu tónleika, sýninga eða annarra viðburða.
- Umsjón og ábyrgð á að búnaður sé tilbúinn í tæka tíð fyrir sýningar.
- Aðstoð við sviðsvinnu og upphengi tæknibúnaðar.
- Ábyrgð á að brunavarnarkerfi sé ætið á og allar rásir þess virkar þegar hann yfirgefur húsið.
- Ábyrgð á að húsið sé læst og öryggiskerfi á þegar vakt lýkur.
- Viðhald á tæknibúnaði hússins.
- Móttaka leikhópa og gestasýninga og aðstoð við tæknimenn sem koma í húsið.
- Aðstoð við tæknivinnu í Hofi þegar minna er um að vera í Samkomuhúsinu.
- Önnur dagleg verkefni í samráði við leikhússtjóra, skipulagstjóra og tæknistjóra Menningarfélags Akureyrar.

Leikfélag Akureyrar er rekið af Menningarfélagi Akureyrar sem einnig rekur Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Menningarhúsið Hof. Um er að ræða 100% starf.

Ferilskrá ásamt umsókn, þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni í starfið sendist á umsoknir@mak.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2022.**

Upplýsingar um starfið gefur Þórunn Geirsdóttir skipulagsstjóri thorunn@mak.is


# Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is






LAKI POWER

# The Future of Grid Intelligence

Laki Power is a growing tech company that provides power grid operators with monitoring solutions to ensure the effective and efficient transmission of electricity. With increased focus on electrification, the replacement of fossil-based power supplies with renewable energy, a resilient power grid has become more important than ever. Laki Power's portfolio of partnerships includes major energy companies across the globe. As the company grows we are focused on building a team that is diverse in age, gender and fields of expertise. Come join us in building the future of grid intelligence. Visit www.lakipower.com for more info.

# EMBEDDED SOFTWARE DEVELOPER

Develop robust firmware for hardware devices installed in extreme environments

## Responsibilities

- Develop firmware used in monitoring stations installed on high-voltage power lines
- Develop software for testing hardware and provisioning
- Participate in the process of hardware design improvements and system architecture

## Qualification

- Experience in embedded development with C/C++ & RTOS
- Experience in working with embedded Linux systems
- Ability to read schematics and datasheets for components to write drivers
- Electronics design capabilities are a plus
- BSc Degree in Electrical Engineering or Computer Science

# DEVOPS ENGINEER

Ensure the operational health of our software platform

## Responsibilities

- Build and setup new development tools and infrastructure
- Monitor the overall health of development, test and production environments
- Identify and deploy cyber security measures by continuously performing vulnerability assessment and risk management
- Configure and continuously improve CI/CD pipeline
- Setup, configure and monitor Kubernetes cluster for production environment

## Qualification

- Bachelor's degree in Computer Science, or equivalent
- Experience working as DevOps engineer or developer
- Experience in managing cloud environment
- Experience in managing CI/CD pipeline
- Experience in Kubernetes and Containers
- Experience with infrastructure and code automation tools such as Terraform is a plus
- Any DevOps relevant certification is a plus

*For further information, contact Hlynur Atli Magnússon, hlynur@hagvangur.is or Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is. Applications are to be filled out and submitted at hagvangur.is, along with a CV and a letter of introduction. Application deadline: April 30th 2022.*

# VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -



Sinnum viðhaldinu saman og
notum öruggar lausnir við framkvæmdir

Vinnupallar • Smiðsbúð 10 • s. 7879933 • vpallar.is • vpallar@vpallar.is




## Hvernig væri að láta drauminn um heitan pott rætast?
## Allir okkar pottar til á lager!



| Sigurlaug | Gvendarlaug | Grettislaug | Geirslaug | Unnarlaug | Snorralaug |
|---|---|---|---|---|---|
| 135.00 kr. | 189.000 kr. | 259.000kr. | 279.000 kr. | 310.000 kr. | 299.000 kr. |

NORMX

**Íslensk framleiðsla í 40 ár!**

NormX Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is




Malbikstöðin ehf • 516 0500 • tilbod@malbikstodin.is • malbikstodin.is

# Bókin lifnar við þegar þú smakkar réttina

Matgæðingurinn Sigríður Björk Bragadóttir er í matreiðslubókaklúbbi sem hefur gefið henni mikið, svo mikið að henni hefur fundist bókin lifna við eftir hafa smakkað réttina sem hún og meðlimir klúbbsins hafa eldað og prófað þær uppskriftir úr bókum sem hafa heillað.

sjofn@frettabladid.is

Sigríður er matreiðslumeistari og annar eigenda Salt eldhúss, er alla jafna kölluð Sirrý, lifir og hrærist í matarheiminum og er ávallt til í að bæta við sig fróðleik og þekkingu á matarmenningu. Sirrý segir að klúbburinn hafi orðið til eftir spjall um mat.

„Hugmyndin að þessum matreiðslubókaklúbbi kom þannig til að Shruthi Basapa er mikil matarvinkona mín en hún hefur kennt indverska matargerð hjá okkur í mörg ár. Hún hefur mikla ástríðu fyrir mat og er mjög fróð um allt sem viðkemur matargerð. Fyrir nokkrum árum vorum við á spjalli, um mat eins og vanalega, og þá kemur þessi hugmynd upp og hún dreif í að koma þessu áfram. Fyrst var þetta bara lítill hópur en hann fer ört stækkandi því þetta er svo gaman. Við höfum hist sex sinnum á ári en Covid hefur samt sett strik í reikninginn síðustu tvö ár en nú er vonandi bjart fram undan.“

Nafnið á klúbbnum er Reykjavík cookbook club. „Við erum eitthvað um 42 skráð í klúbbinn en stundum er fólk að detta út af ýmsum ástæðum og nýir að bætast við. Fólkið kemur úr öllum áttum, bæði Íslendingar og fólk sem er kannski fætt annars staðar en búsett hér á landi. Mér finnst það svo skemmtilegt því bakgrunnur fólks er svo litríkur og úr svo ólíkum áttum og svo margt að læra af því. Þetta eru allt áhugamanneskjur í matargerð og mikil ástríða í gangi.“

**Víkkar sjóndeildarhringinn**

„Við veljum næstu matreiðslubók í lok hvers klúbbs og ef tími vinnst til höfum við hist á kaffihúsi og spjallað um bókina og veljum hvað við viljum elda hvert fyrir sig. Stundum þarf að lána bækur á milli eða finna út úr hvort einhver í nærumhverfi getur lánað eða fengið bókina á bókasafni. Oft fara þessar pælingar fram á netinu en skemmtilegast er að hittast.

Venjulega þegar maður skoðar matreiðslubók heillast maður af einhverjum uppskriftum og langar að elda þær en það er svo misjafnt hvað heillar fólk og það skemmtilega við þetta er að fólk kynnist uppskriftum og smakkar mat sem það hefði ekki sjálft valið og kemst þannig betur inn í bókina og kynnist henni á annan hátt. Þetta virkilega víkkar sjóndeildarhringinn.“

**Mikil upplifun**

Sirrý segir að það sé mikil upplifun að prófa uppskriftirnar í bókunum. „Bækurnar sem við höfum eldað úr eru orðnar margar og allar jafn frábærar því bókin lifnar við þegar maður smakkar kannski 20-30 rétti úr hverri bók og það er alveg rosalega gaman að kynnast þeim þannig.

Nefna má Silver Spoon, ítölsku matarbiblíuna, sem var mjög gaman að kynnast á þennan hátt því það eru fáar myndir í henni og stundum erfitt að sjá fyrir sér réttina, hún er til þýdd á íslensku og heitir Silfurskeiðin. Síðan eru það Thai cooking eftir Leela Punyaratabandhu og Asian grill eftir sama höfund, báðar frábærar og þá fyrrnefndu ættu allir að eiga sem hafa áhuga á taílenskri matargerð. Unforgettable eftir Paula Wolfert er eftirminnileg og líka Plenti eftir Ottolengi.

Við höfum síðan hist í minni hópum til dæmis að sumri til ef fólk er ekki á ferðalögum og langar að gera eitthvað skemmtilegt og þá ekki endilega verið með bók heldur kannski bara eldað eitthvað frá heimalandinu,“ segir hún.

Meðlimir klúbbsins skiptast á að bjóða heim og hlutverkum er skipt bróðurlega. „Við höfum skipst á að vera gestgjafar og þegar við hittumst í heimahúsi er fólk gjarnan búið að elda fyrir fram eins og hægt er til að allt gangi upp, eða jafnvel koma með tilbúinn réttinn ef hægt er. Flestir gera einn til tvo rétti, fer eftir því hversu flóknir þeir eru. Ef fólk hefur ekki tíma en vill hittast má alveg koma með brauð eða vín, það er alltaf vel þegið. Við höfum nokkrum sinnum hist í Salt eldhúsi, þar er svo mikið pláss og í þeim tilfellum eldum við á staðnum að mestu leyti.“

**Veisla og þjálfun fyrir bragðlaukana**

Aðspurð segir Sirrý að til séu fyrirmyndir að svona klúbbum á netinu og alls konar regluverk sem því tengist. „Þar er að finna góð ráð eins og ef pláss er lítið er hugmynd að koma með sem mest eldað fyrir fram og jafnvel disk, hnífapör og servíettu hver fyrir sig og taka það með heim svo gestgjafinn þurfi ekki að vaska upp leirtau eftir alla og alltaf er ráð að taka box með undir afgangana. Það er gefandi að hitta aðra með sama áhugamál og ekki síst að smakka alla réttina úr bókinni sem við tökum fyrir, sannarlega veisla og þjálfun fyrir bragðlaukana, ég mæli virkilega með matreiðslubókaklúbbi.“

Sirrý býður lesendum hér upp á einn af þeim réttum sem þau elduðu úr Silfurskeiðinni og henni fannst mjög góður. „Nú er aspastími í Evrópu og hentar því vel,“ segir Sirrý að lokum.



Sirrý mælir með því að áhugamanneskjur í matargerð séu í matreiðslubókaklúbbi. Það víkki sjóndeildarhringinn og fólk prófi alls konar rétti sem það hefði ekki annars prófað. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Guðdómlegar þessar girnilegu pönnukökur fylltar með aspas og osti, hreinlega bráðna í munni. Þær eiga vel við í páskabrönsinn eða á sumardaginn fyrsta.

## Crepes agli asparagi - Pönnukökur með aspas og osti

- 800 g ferskur aspas
- 50 g smjör
- 12 pönnukökur
- 1 ½ dl rjómi
- 50 g parmaostur, rifinn fínt

Skerið 1-2 cm neðan af aspasinum, það er oft trénaður neðsti partur af honum. Sjóðið aspasinn í saltvatni í 15 mínútur, takið hann upp úr og þerrið. Bræðið helminginn af smjörinu á pönnu og steikið aspasinn í 5 mínútur. Hitið ofninn í 200°C. Smyrjið form með smjöri. Penslið hverja pönnuköku með rjóma og stráið parmaosti yfir, setjið 2-3 aspasstilka á hverja köku og rúllið henni upp. Raðið upprúlluðum kökunum í formið. Hellið afgangi af rjóma og parmaosti ofan á kökurnar og afganginum af smjörinu í litlum klípum. Bakið þetta í 10 mínútur eða þar til gullið og girnilegt.

### Pönnukökurnar

- 100 g hveiti
- 2 egg
- örlítið salt
- 2 ½ dl mjólk
- 25 g smjör
- Olía á pönnuna

Setjið hveiti, egg, salt og 4 msk. af mjólkinni í skál og hrærið saman. Bætið restinni af mjólkinni út í smám saman og hrærið kekkjalaust deig. Bræðið smjör og blandið saman við. Látið deigið standa við stofuhita í eina klukkustund. Hitið pönnu og berið olíu á hana. Bakið pönnukökur á báðum hliðum, þið eigið að fá 12 kökur úr uppskriftinni.■


APRÍLTILBOÐ
15% afsláttur
af húðslípun

Langar þig að fríska upp á húðina?
Kristals- og demantshúðslípun fjarlægir dauðar húðfrumur og örvar endurnýjun ysta lags húðarinnar.
Meðferðin virkar vel á þurra húð og gefur aukinn ljóma.
Einnig virkar hún á fínar línur, óhreina húð og bólur.

Tryggðu þér tilboðið með því að bóka tíma á www.hudin.is eða síma 519-3223



Verið velkomin!
HÚÐIN skin clinic
Hátún 6b, 105 Reykjavík / Sími 519 3223 / www.hudin.is

# Það er hægt að fjarlægja háræðaskemmdir í andliti

Sérhæfum okkur í háræðaslitsmeðferðum og lokum skemmdum háræðum, háræðastjörnum og blóðblöðrum í andliti, hálsi og bringu. Tækið sem unnið er með er eina sinnar tegundar á Íslandi og vinnur með hljóðbylgjum. Hljóðbylgjurnar þurrka upp blóðprótein í brostnu háræðunum og loka skemmdum háræðum af mikilli nákvæmni punkt fyrir punkt. Það þurfa oftast 3 skipti til að loka skemmdu háræðunum endanlega. 4 vikur þurfa að líða á milli. Besta gjöfin til þín !




# Náttúruleg viðgerðarmeðferð með stofnfrumuhvötum frá USA



Snyrtistofan Hafblik sérhæfir sig einnig í langtíma viðgerðarmeðferðum á andliti þar sem húð er markvisst byggð upp á 100% náttúrulegan hátt án inngripa nála eða skurðhnífa. Þetta er margþætt viðgerðarmeðferð þar sem notuð er m.a. örtækni með stofnfrumuhvata. Það gerir það af verkum að starfsemi og frumuendjurnýjun húðar er stórefld með því að koma stofnfrumuhvötum, kollageni, elastíni og vítamínum djúpt ofan í órofna húðina með nýjustu hágæða örtækni og fráhrindikrafti súrefnis.
Raunveruleg viðgerð á húð fæst einungis með langtíma markvissum viðgerðarmeðferðum þar sem uppbyggingin á sér stað yfir nokkrar vikur á hnitmiðaðan hátt. Húðin þín og starfsemi hennar verður miklu sterkari, unglegri og heilbrigðari eftir meðferðarkúrinn og heldur áfram að vinna á þessum aukna hraða í fleiri mánuði á eftir.

**Við höfum með þessum aðgerðum náð undraverðum árangri sem við erum stollt af og viljum koma á framfæri til allra þeirra sem vilja njóta og með sanni eldast með reisn.**

## Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 140 þús. upp í 185 þús. kr. afsláttur !





**Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur**

**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

**Snyrtistofan Hafblik**

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

# 9líf

## Bubbi Morthens Söngleikur



# Fullt hús af lífi

Það er alltaf nóg um að vera í Borgarleikhúsinu. Finndu sýningu við þitt hæfi og bókaðu sæti. Við hlökkum til að taka á móti þér!

## Fjölbreytt úrval sýninga á næstunni













Tryggðu þér miða á borgarleikhus.is



„Pabbi missti bílinn og hann missti allt og ekki var mikil hjálp í okkur Óla, manninum mínum, en við vorum í sama verktakabransanum sem hrundi eins og spilaborg á þessum tíma. Það var allt í einu ekkert að gera.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Það var ekki pláss fyrir pabba í samfélaginu



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

**Þegar Theodóra S. Þorsteinsdóttir horfir til baka áttar hún sig á því að heilum áratug af ævinni varði hún í að passa föður sinn, jafnt að nóttu sem degi, en eftir nokkrar tilraunir hans til að taka eigið líf varð áfengið hans eina útgönguleið.**

Það er ekki auðvelt fyrir Theodóru að segja sögu föður síns, enda kemst hún á köflum við þegar blaðamaður sest með henni í bjarta borðstofuna í Lindahverfinu í Kópavogi og rifjar upp raunir kranabílstjórans Þorsteins Theodórssonar sem átti ekki von á því þegar nokkur ár voru liðin af nýrri öld að efnahagshrunið ætti eftir að eyðileggja líf hans.

Hún vilji segja sögu hans hér og nú til að minna á ömurleg áhrif hrunsins á alþýðu manna – og eins til þess að minna á hvert hlutskipti margra aldraðra er á Íslandi.

### Áminning um málefni aldraðra

Þorsteinn bjó í sömu götu og Theodóra ásamt konu sinni, Maríu Guðbjörgu Snorradóttur, og samgangur á milli foreldra og dóttur var mikill og tíður.

„Örlög pabba hverfa ekki úr huga mínum,“ segir Theodóra. „Einmitt þegar hann átti fyrir höndum áhyggjulaust ævikvöld eftir margra ára erfiðisvinnu á kranabílnum skellur ógæfan á honum af slíkri óvægð að maður getur varla talað um það ógrátandi.“

Hún segir síðustu árin áður en Þorsteinn lést vera áminningu um að málefni aldraðra eru ekki aðeins bundin við hagsmuni gamla fólksins heldur líka við fólk á miðjum aldri, næstu kynslóð á eftir, sem hefur í mörgum tilvikum eilífar áhyggjur af foreldrum sínum sakir andlegrar vanlíðunar þeirra, sem leiðir til lyfjanotkunar, einangrunar og á endanum ofdrykkju.

Theodóra kveðst vita af fjöldamörgum álíka harmsögum þar sem miðaldra fólk hefur stanslausar áhyggjur af fullorðnum foreldrum sínum sem þurfa umönnun sem er á skjön við þjónustumynstur hins opinbera sem þar fyrir utan sé flókið og illskiljanlegt af því að málaflokkurinn er jafnt á hendi ríkis og sveitarfélaga. Þar þurfi samfélagið allt að taka sér ærlegt tak.

### Alþýðumaður að vestan

Þorsteinn Theodórsson fæddist í Reykjavík þegar fjórtán dagar voru liðnir af apríl 1939, en á æskuárunum flutti fjölskyldan suður og reisti sér hús á meðal frumbyggjanna í Kársnesinu. Eftir að Þorsteinn kynntist konu sinni, Maríu Guðbjörgu, hófu þau búskap í kjallaranum hjá foreldrum Þorsteins í Melgerði og næstu árin eignuðust þau fjögur börn og er Theodóra yngst þeirra.

María Guðbjörg var af alþýðuættum eins og Þorsteinn, fædd á Snæfjallaströnd fyrir vestan en gefin í fóstur til Reykjavíkur. Örlög hennar voru að alast upp hjá fátækum fósturforeldrum í einum af bröggunum í Laugarneshverfinu þar sem tækifærin til mennta voru lítil sem engin. Alla starfsævina vann hún við umönnunarstörf.

„Pabbi og mamma þekktu þann tíma þegar matur var af skornum skammti og nýtni og sparnaður var þeim alla ævina í blóð borinn. Það hét að fara vel með,“ rifjar Theodóra upp og minnist þess einnig að heiðarleiki hafi fylgt foreldrunum alla tíð, en lífssýnin hafi verið að standa við loforðin sem voru gefin. „Og þar var enginn afsláttur gefinn,“ segir dóttirin.

### Fótunum kippt undan pabba

Sjálf flutti Theodóra að heiman fyrir tvítugt og byrjaði að vinna í Byko um líkt leyti og hún varð stúdent úr Verzló, en seinna reyndi hún við viðskiptafræði og að lokum kláraði hún framhaldsnám í lögfræði, en það kom raunar ekki til af góðu, enda voru þau feðginin þá komin í hatrammt stríð við fjármálastofnanir og dómstóla sem að lokum kippti fótunum undan föðurnum og fór með lífslöngun hans.

„Pabbi var eins og farfuglarnir alla sína starfsævi. Hann fór að vinna á virkjanasvæðunum fyrir Landsvirkjun á vorin og kom þaðan ekki fyrr en á haustin,“ segir Theodóra og minnist þessa harðduglega manns sem allt fram á sjötugsaldur var einstaklega vel á sig kominn. „Pabbi var alltaf í toppformi,“ rifjar hún upp.

„En á milli tarnanna á sumrin gat verið ansi mikil basl að reka kranabíl. Það kom alveg fyrir að það var ekkert að gera. En þess á milli skaffaði hann þó vel,“ segir Theodóra sem alla tíð hjálpaði föður sínum í fjármálum og bókhaldi „og meðal annars þess vegna fluttu pabbi og mamma hingað í sömu götuna og mín fjölskylda,“ bætir hún við, en eiginmaður Theodóru er Ólafur Viggósson og eiga þau tvö börn saman.

### Skuldin stökkbreyttist

„Ég hjálpaði pabba meðal annars við að endurnýja kranabílinn nokkrum árum fyrir hrun sem væntanlega átti að verða síðasti vinnubíllinn hans, enda var hann þá kominn á sjötugsaldur, en eins og sannur íslenskur karlmaður skipti vinnan hann öllu máli,“ segir Theodóra og það er auðséð á henni að nú á hún orðið erfitt með að rifja upp tímann sem tengist efnahagsófförunum á sínum tíma.

„Pabbi skuldaði helminginn í nýja kranabílnum, einhverjar tíu milljónir á þávirði, sem hann réð alveg við, en svo kom hrunið og allt stökkbreyttist í einu vetfangi. Lánið, sem var á hans persónulegu kennitölu, meira en tvöfaldaðist – og hann átti enga möguleika, fann það einfaldlega á eigin skinni, þá 69 ára gamall maðurinn – og þar með helltist ógæfan yfir hann, en vel að merkja, ekki óraði mig fyrir því þá að miskunnarleysið yrði algert,“ segir Theodóra.

> Auðvitað fallast manni nánast hendur við að sjá svona komið fyrir pabba manns. Það er svo ólýsanlega sárt að sjá menn tapa fyrir sjálfum sér.

Lánið fyrir kranabílnum hafði verið tekið hjá SP-fjármögnun. „Þar á bæ vildu menn ekkert gera fyrir pabba. Ekki nokkurn skapaðan hlut, nema að ef til vill gætu þeir látið tilleiðast að lengja í láninu. Hann yrði samt að borga það að fullu. Og þegar pabbi ætlaði að reyna að hreyfa mótbárum stugguðu þeir við honum með þjósti og voru allt eins líklegir til að kasta honum á dyr,“ rifjar Theodóra upp og segir að ekki hafi það bætt úr skák að starfsmenn SP-fjármögnunar sögðu kranabílinn vera á svokallaðri fjármögnunarleigu, sem hafi verið fjarstæða, enda hafði faðir hennar ávallt borgað inn á höfuðstól lánsins.

Hún segist upplifa það á við stríð sem á eftir kom. „Pabbi missti bílinn og hann missti allt og ekki var mikil hjálp í okkur Óla, manninum mínum, en við vorum í sama verktakabransanum sem hrundi eins og spilaborg á þessum tíma. Það var allt í einu ekkert að gera.“

### Hvað á ég að gera?

Theodóra segist hafa setið heima einn daginn eftir að Óli og pabbi hennar og mamma voru farin niður á Austurvöll til að mótmæla afleiðingum hrunsins fyrir íslenskt alþýðufólk. „Ég spurði bara sjálfa mig þar sem ég góndi ofan í tóman kaffibollann: Hvað á ég að gera? Við erum að missa allt. Við erum öll verkefnalaus. Það er engin innkoma.“

Erfiðleikarnir hafi verið miklir, vonleysið svo til algert, en sjálf hafi hún hugsað sem svo af meðfæddri bjartsýni að leiðin gæti ekki legið nema upp á við.

En það var langt í frá sjálfgefið. Þorsteinn hvarf inn í sjálfan sig. Hann týndi sér alveg. Dauðinn virtist honum eina lausnin.

Það mátti sjá svo auðveldlega að líðan hans var óbærileg. Þar skiptust á skömm og reiði í höfði hans og brjósti. Það jók líka verulega á áhyggjur hans að á sama tíma var konan hans komin með krabbamein í bris og veikindin ágerðust.

Á sjötugsafmælinu stóð hann því uppi kranabílslaus og atvinnulaus með alvarlega sjúkan makann við hlið sér sem reyndist aðeins eiga nokkur misseri eftir ólifuð.

„Auðvitað fallast manni nánast hendur við að sjá svona komið fyrir pabba manns,“ segir Theodóra. „Það er svo ólýsanlega sárt að sjá menn tapa fyrir sjálfum sér.“

> Einmitt þegar hann átti fyrir höndum áhyggjulaust ævikvöld eftir margra ára erfiðisvinnu á kranabílnum skellur ógæfan á honum af slíkri óvægð að maður getur varla talað um það ógrátandi.

### Fékk alls staðar sömu svörin

Baráttuþrekið í brjósti Theodóru var þó til staðar. Hún sótti hvern fundinn af öðrum og fór á kontór alls konar samtaka til að kynna sér hvað væri til ráða fyrir fórnarlömb fjármálakreppunnar sem bæru

enga ábyrgð á því hvernig fór. En alls staðar fékk hún þau sömu svör að svona væri þetta bara, hún ætti bara að ýta þessu frá sér, horfa fram á við og hætta að góna í baksýnisspegilinn til eilífðarnóns.

„Ég hlustaði á öll þessi svör. Það var eins og þetta væri eitthvert lögmál. Það væri bara ekkert hægt að breyta þessu,“ segir Theodóra sem sló sér á lær eftir þessa síendurteknu höfnun og skellti sér í lögfræðinám í Háskólanum í Reykjavík, „og þar öðlaðist ég sjálfstraust á ný,“ rifjar hún upp.

Þorsteinn og Theodóra fóru með bílalánsmálið fyrir dómstóla en svo fór að það tapaðist í héraði árið 2012, „og við tóku sex vond ár,“ segir Theodóra döprum rómi.

„Pabbi vildi ekki lifa. Mamma var farin. Og líf hans var ein óreiða. Það virtist engin leið vera til þess að greiða úr þeirri flækju,“ bætir dóttirin við og orðar það svo að þar með hafi margra ára umönnun hennar og Kolbrúnar, svo og annarra systkina þeirra, hafist. „Við skiptumst á næstu árin að halda pabba á lífi og koma í veg fyrir að hann færi sér að voða.“

En allt kom fyrir ekki. „Einn haustdaginn 2012 kíkti ég sem oftar við hjá pabba, en hann var hvergi að sjá í húsinu. Ég fór því inn í bílskúr, ef ske kynni að hann hefði skroppið þangað, en sá þá að mótorhjólið sem hann átti var horfið, en hjálmurinn lá eftir. Þá fékk ég hnútinn í magann.“

### Endurlífgaður með 48 beinbrot

Á daginn kom að Þorsteinn hafði keyrt á ofsahraða á brúarstólpa skammt frá Mjóddinni í Breiðholti og það var ekki fyrr en hópur fólks, sem var á leið í bíó í nærliggjandi húsi, kom auga á Þorstein þar sem hann lá meðvitundarlaus úti í móa og hafði kastast langa leið af stólpanum ásamt gjörónýtu hjólinu. Í millitíðinni keyrði Theodóra í sínum tilfinningarússíbana um hverfin í kring áður en henni var tilkynnt af lögreglu hvernig komið væri fyrir föður hennar.

Hann þurfti endurlífgunar við á vettvangi. Nákvæmlega 48 bein voru brotin í líkama hans. Kjálkafestingar losnuðu og allar tennur brotnuðu og nefið gekk inn í andlitið. Hann var óþekkjanlegur í framan.

Þorsteini var lengi haldið sofandi og það tók nokkra daga að vekja hann hægt og rólega af mókinu.

„Læknarnir sögðu mér að þeir skildu ekkert í því að pabbi hefði lifað af ákeyrsluna. Það væri ekkert minna en kraftaverk að maður á hans aldri hefði lifað af svona alvarlegt slys,“ segir Theodóra og bendir á að fjöláverkar á líkama Þorsteins hafi verið svo miklir að hann hefði átt heima á öllum deildum Landspítalans.

„En pabbi bar merki þessa slyss allt til loka,“ bætir hún við. „Það greri aldrei um heilt eftir þetta.“

### Við deildum rúmi

Eftir langa endurhæfingu á Grensás tók sólarhringsgæslan við í tilviki systranna Kolbrúnar og Theodóru. „Þegar ég horfi til baka misstum við systurnar af svo mörgum árum í lífi okkar og barnanna okkar af því að tíminn fór allur í að koma í veg fyrir að pabbi tæki eigið líf. Við vissum að hann vildi ekki lifa – og það er sárt að horfa ráðalaus upp á pabba sinn við slíkar aðstæður. Við reyndum að gera allt en ekkert dugði. Við leituðum hjálpar um allt, en ástand hans var slíkt að á endanum sáum við um hann sjálfar.

Ég flutti heim til hans þegar hann kom út af Grensás. Við deildum rúmi. Hann þurfti svo mjög á mér að halda að það var ekki annað í boði en að liggja við hliðina á honum. Hann var svo einstaklega illa áttaður. Hann vissi ekki hvort var dagur eða nótt. Ég þurfti að halda fyrir augun á honum svo hann gæti sofnað. Ég þurfti að hjálpa honum út úr rúminu á hverjum degi og koma honum á klósettið. Ég sinnti grunnþörfum hans, svo sem að baða hann og hjálpa honum við að matast því hann hafði ekki lengur færnina til þess.

Og fyrir utan allt saman var líðan hans hörmuleg, bæði líkamleg og andleg. Verst var þó að ég syrgði hann reglulega, en hann áttaði sig ekki á því að mamma væri farin – og alltaf þegar hann spurði um hana, síendurtekið, þurfti ég að segja honum að hún væri dáin með þeim afleiðingum að hann bognaði og grét. Aftur og aftur. Og alltaf var sársaukinn jafn mikill af því að hún ávallt voru tíðindin jafn óvænt í hans huga,“ rifjar Theodóra upp og það er sársauki í andliti hennar þegar hún segir þessi orð.



Theodóra segir síðustu árin áður en faðir hennar lést vera áminningu um að málefni aldraðra eru ekki aðeins bundin við hagsmuni gamla fólksins heldur líka við fólk á miðjum aldri, næstu kynslóð á eftir, sem hefur í mörgum tilvikum eilífar áhyggjur af foreldrum sínum sakir andlegra veikinda þeirra, sem leiðir til lyfjanotkunar, einangrunar og á endanum ofdrykkju. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Þegar ég horfi til baka misstum við systurnar af svo mörgum árum í lífi okkar og barnanna okkar af því að tíminn fór allur í að koma í veg fyrir að pabbi tæki eigið líf.




Þorsteinn var í toppformi allt fram að áfallinu og hljóp við fót með hund sinn, Mikka, upp að Steini í Esjunni. MYND/AÐSEND

> Læknarnir sögðu mér að þeir skildu ekkert í því að pabbi hefði lifað af ákeyrsluna. Það væri ekkert minna en kraftaverk að maður á hans aldri hefði lifað af svona slys.



Þorsteinn á spítalanum eftir að hafa reynt að stytta sér aldur með því að keyra á ofsahraða á brúarstólpa. Með ólíkindum þótti að hann lifði slysið af, en 48 bein brotnuðu í líkama hans við áreksturinn. MYND/AÐSEND

### Örvænting og örvinglun

Við tóku ár örvæntingar og örvinglunar á milli þess sem dæturnar óku pabba sínum á milli iðjuþjálfa og sálfræðinga, geðlækna og þjónustumiðstöðva sem höfðu óljós svör um hvar Þorsteinn ætti heima í kerfinu. Hann gæti fengið hvíldarinnlögn, stöku sinnum, en það hentaði ekki illa áttuðum manni sem var allt eins líklegur til að strjúka þaðan að nóttu sem degi.

Einna skást var að fá pláss fyrir hann inni á læstum deildum Landspítalans, þá komst hann í öllu falli ekki út, en auðvitað sáu systurnar að sá kostur var ekki manneskjulegur.

Þá var betra að hafa hann heima í Kópavogi og vera honum þar til halds og trausts, enda var skrokkurinn smám saman að koma til og karlinn að verða sæmilega rólfær.

„En andlega hliðin varð alltaf verri. Og lífslöngunin var engin. Engu skipti þótt dómi héraðsdóms hefði verið snúið við í Hæstarétti 2014 og stökkbreytti hluti lánsins væri dæmdur honum til baka. Veikindi hans voru orðin of mikil og lífsviljinn horfinn,“ segir Theodóra og nefnir atvik á borð við þau þegar Þorsteinn gleypti í einu lagi allar pillur heimilisins og hélt lífi með naumindum og eins þegar hann kom vonsvikinn heim á klessukeyrðum bílnum af því að honum tókst ekki að vinna sjálfum sér það mein sem hann vildi.

„Að lokum tókum við bílinn af honum. Það var eftir að hann keyrði ítrekað undir áhrifum um hverfin hér í kring og hafnaði að lokum utanvegar,“ segir Theodóra.

### Alvarlegur framheilaskaði

Þorsteinn hafði hlotið alvarlegan framheilaskaða við ákeyrsluna á brúarstólpann í Mjóddinni og þegar við það blönduðust margs kyns verkjalyf og geðlyf ásamt óhóflegu magni af áfengi varð útkoman auðvitað á einn veg. Það styttist í lokin.

„Hann stökkbreyttist sem karakter. Hann vissi varla af sjálfum sér. Ef hann var ekki að týnast utan heimilis var hann liggjandi í eigin blóði á heimilinu eftir að hafa dottið. Heimilisaðstoðin, ef hún fékkst á annað borð, staldraði stutt við í svona aðstæðum. Og því kom það jafnan í hlut okkar systra að skipta með okkur verkum. Önnur fór með hann upp á spítala, en hin stóð eftir og skrúbbaði gólfið,“ minnist Theodóra og það færist drungi yfir andlit hennar.

Að lokum tókst Þorsteini ætlunarverk sitt. „Hann drakk sig til dauða, svo mikil sýking kom í eitt sárið eftir enn eina byltuna að líkaminn lét endanlega undan,“ rifjar Theodóra upp og tárin trítla niður kinnar hennar.

Þorsteinn dó daginn eftir afmælisdaginn sinn, þann 15. apríl 2018. Hann varð 79 ára.

Hann lifði af árekstur á ofsahraða á brúarstólpa. En hann lifði ekki af vonleysið og óréttlætið sem brann á skinni hans allar götur frá því að starfsmenn SP-fjármögnunar voru við það að henda honum á dyr í hruninu 2008.

Tíu ára sagan sem tók við má vera eftirlifendum alvarleg áminning um að aldraðir búa oft við óbærilegar aðstæður þar sem saman fer andleg vanlíðan, langvarandi lyfjanotkun, einmanaleiki og óhófleg drykkja. Efnahagshrun hefur meira en efnahagsleg áhrif á líf fólks – og ábyrgð þeirra sem stjórna er mikil eins og sést í tilviki Þorsteins.

„Það var ekkert pláss fyrir pabba í samfélaginu. Þannig endaði hann ævina. Og þess vegna segi ég þessa sögu,“ segir Theodóra S. Þorsteinsdóttir. ■



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

# Sumarbústaður í páskabúningi

**Þórunn Högna, stílisti og fagurkeri, og eiginmaður hennar fjárfestu í sumarbústað fyrir liðlega tveimur árum og fundu honum stað í Grímsnesinu. Þórunn hefur gaman af því að skreyta og fegra híbýli sín eftir árstíðum og þá eru páskarnir engin undantekning.**

Haustið 2020 keyptu Þórunn og eiginmaður hennar, Brandur, bústaðinn til flutnings. „Við vorum búin að leita að réttu lóðinni í sirka þrjú ár, þegar við fundum loksins þessa. Útsýnið er eins og málverk, milljón dollara útsýni.“ Þórunn hefur staðið í framkvæmdum síðan og gert bústaðinn að sínum, en segist þó ætla að gera meira. „Við erum búin að gera margt, bæði inni og utandyra en það er líka margt eftir, þetta verður örugglega smá eilífðarverkefni fyrir manneskju eins og mig. Mér finnst mjög gaman að því að gefa gömlum hlutum og húsgögnum nýtt útlit, við notuðum töluvert af því sem var til staðar, mér finnst svo mikill óþarfi að henda ef húsgögn, innréttingar og annað er heilt.“

**Svarti liturinn ríkjandi**

„Svarti liturinn ræður ríkjum í bústaðnum og við notuðum sama lakk á alla skápa, hurðar, eldhúsinnréttingu, bita í lofti og gluggapósta og erum ánægð með útkomuna.“

Þórunn er þekkt fyrir útsjónarsemi þegar kemur að því að gera gamla hluti að nýjum eins og hún hefur gert hér. „Við ákváðum til að mynda að halda eldhúsinnréttingunni en lakka hana og skipta um höldur,“ segir Þórunn og bætir því við að í staðinn hafi þau getað leyft sér að kaupa ný eldhústæki og tól sem þau langaði í. Svo fengu þau sér nýja borðplötu á innréttinguna ásamt nýrri borðplötu á borðstofuborðið sem er á fæti sem Þórunn gerði upp. „Mér þykir sérstaklega vænt um þetta borð, borðfóturinn er úr gömlu borðstofusetti frá mömmu og pabba, sem ég gerði svartan.“

**Skemmtilegt og krefjandi**

Húsið átti alltaf að verða svart með svörtum gluggum og hurðum og ljósum palli. „Inni var allt önnur pæling í fyrstu. Ég ætlaði að hafa allt öðruvísi, mig langaði að mála eða bæsa allan panilinn, en svo ákvað ég að fá vinkonur mínar í Magnolíu með mér í lið. Þær komu með margar góðar hugmyndir sem ég vann svo út frá. Okkur langaði líka að hafa bústaðinn ekki alveg eins og



Þórunn er annálaður fagurkeri og ber sumarbústaðurinn hennar þess vel merki.



## Tómatsúpa

Þórunn er iðin við að framreiða ljúffengar og huggulegar kræsingar í sveitinni og býður hér lesendum upp á eina af sínum uppáhaldssúpum sem tilvalið er að bjóða upp á á fallegum degi.

- 2 öskjur kirsuberjatómatar
- 1–2 dósir niðursoðnir tómatar
- 1 flaska tómatsósa
- 500 ml rjómi
- 1 l vatn
- 2–4 teningar, grænmetis- eða kjötkraftur, eða fljótandi
- 1 stór hvítur laukur, smátt saxaður
- 1 búnt fersk basilíka
- 1 rautt chilli, smátt saxað
- 1 kína-hvítlaukur (eða 5 stk. minni)
- 2 msk. tómatpúrra
- Salt og pipar eftir smekk
- Ferskur mozzarella-ostur, skorinn í litlar sneiðar

Steikið laukinn í ólífuolíu, bætið við kirsuberjatómötum. Lækkið hitann og leyfið þessu að malla á lágum hita. Kremjið síðan tómatana og bætið við hvítlauk og chilli. Bætið við tómatsósunni, niðursoðnu tómötunum, soði og að lokum rjómanum. Leyfið suðunni að koma upp og slökkvið síðan. Setjið basilíku út í eftir smekk.

## Basilíkupestó

- 1 dl ólífuolía
- 2-3 hvítlauksrif
- Salt og pipar eftir smekk
- 5-6 basilíkulauf

Setjið allt saman í matvinnsluvél og blandið vel saman.

Berið súpuna fram skreytta með basilíkulaufum, mozzarellasneiðum og toppið með basilíkupestói. Upplagt að bjóða upp á súrdeigs-baquette með súpunni og basilíkupestóið steinliggur með súrdeigs-baquette.



Fallegur páskakrans prýðir eldhúsið með viðarbretti í bakgrunni. Þórunn hugar að hverju smáatriði.



Páskaborð Þórunnar er einstaklega fallegt. Diskar og tauservíettur eru frá HM Home, gylltu eggin, kertin, svarta skálin og kransinn frá Magnolíu. Glösin fékk Þórunn í Ilvu. Kvarsítsteinninn í borðplötunni er frá Granítsmiðjunni og heitir London Smoke.

**”Við ákváðum til að mynda að halda eldhúsinnréttingunni en lakka hana og skipta um höldur.**



MYND/AÐSEND



Þórunn fjárfesti í drauma eldavélinni og ísskápnum í stað þess að kaupa sér nýjar innréttingar. Hún valdi svartan ísskáp og gaseldavél frá Smeg hjá Eirvík.



Páskakakan fangar augað. Kökuna keypti Þórunn hjá Sætum syndum og skreytti sjálf. Hún pantaði súkkulaðiköku með ljósu kremi með gylltum keim í stíl við litaþemað. Toppaði með páskakanínu.

er heima hjá okkur.“

Þórunn segir að það hafi verið áskorun að fara í þetta verkefni. „Þetta er búið að vera gaman en krefjandi engu að síður, við erum búin að læra margt og þetta var líka í fyrsta skiptið sem við fluttum hús í heilu lagi. Við erum með margt á döfinni enda á mikið eftir að gera og við eigum eftir að klára að græja pallinn, útieldhús og margt annað. Ég sé mest um að græja inni við og húsgögnin úti, en maðurinn minn sér um helstu verkefni utandyra. Svo eigum við líka eftir að græja litla gestahúsið sem á að vera hér á lóðinni.“

**Páskaskraut í jarðlitunum**

Þórunn er annálaður fagurkeri og er bústaðurinn kominn í páskabúninginn. „Fallega borðið mitt réð miklu um hvernig litapallettan varð til fyrir þessa páskahátíð.

Ljósir brúnir og gráir tónar með gylltu ráða ríkjum. Svo finnst mér ávallt fallegt að vera með smá grænt með. Mér finnst allir jarðlitir fallegir í páskaskrauti, gyllt og silfur líka, en er ekki mikið fyrir mikla liti. Mér finnst þó þessi fallegi sinnepsguli töff og flott að blanda honum saman við grænt og svart. Þegar kemur að blómaskreytingum nota ég mest greinar í vasa og blanda grænu með og skreyti svo með fallegu páskaskrauti, látlaus og fallegur stíll heillar mig.“ ■



Herbergi þeirra hjóna er einfalt og hlýlegt þar sem svartir litatónar blandast með viðnum á veggjum og lofti á einstaklega skemmtilegan hátt.



Herbergi yngstu prinsessunnar er einkar vel heppnað og rýmið að fullu nýtt. Fölbleiki liturinn fær að njóta sín hér í bland við viðinn og gráan.

## Merkisatburðir

**1899** Franska spítalaskipið St. Paul strandar við Meðalland.
**1915** Gullfoss, fyrsta skip Eimskipafélags Íslands og jafnframt fyrsta vélknúna millilandaskipið sem smíðað er fyrir Íslendinga, kemur til Reykjavíkur.
**1919** Mahatma Gandhi skipuleggur dag föstu og bæna til að mótmæla fjöldamorðum Breta á indverskum mótmælendum í Amritsar.
**1946** Sýrland hlýtur sjálfstæði.
**1954** AA-samtökin á Íslandi eru stofnuð.
**1957** Bæjarráð Reykjavíkur samþykkir að friða Árbæ og næsta nágrenni hans og gera að almenningsgarði.
**1972** Tunglfarinu Appollo 16 er skotið á loft.
**1992** Uppreisnarmenn steypa forseta Afganistan, Mohammad Najibullah, af stóli og taka hann höndum – sem leiðir til borgarastyrjaldar.
**1994** Steingrímur Hermannsson og Eiríkur Guðnason eru skipaðir seðlabankastjórar.
**1994** Finnar samþykkja aðild að Evrópusambandinu í þjóðaratkvæðagreiðslu.


FALLEGIR LEGSTEINAR

**ERUM FLUTT**



Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Bergsteinar
legsteinagerð



*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN


---



✝

Útför ástkærrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Bergljótar Halldórsdóttur**

áður til heimilis að
Haðalandi 1, Reykjavík,

verður gerð frá Fríkirkjunni í Reykjavík,
þriðjudaginn 19. apríl klukkan 15.00.
Minningarorðin verða birt á vefsíðunni: ornbardur.com

**Halldór Leifsson**
**Grétar Leifsson** **Anna Linda Aðalgeirsdóttir**
**Trausti Leifsson** **Guðbjörg Jónsdóttir**
**Ísleifur Leifsson** **Gróa Ásgeirsdóttir**
**Lárus Leifsson** **Fríða Mathiesen**
**barnabörn og langömmubörn**

---



✝

Okkar ástkæri eiginmaður,
faðir, tengdafaðir, afi, langafi
og langalangafi,

**Pálmi Guðmundsson**

bifreiðarstjóri,
Hringbraut 52, Keflavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun
Suðurnesja, miðvikudaginn 6. apríl. Útförin fer fram
frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 25. apríl klukkan 13.

**Jófríður Jóna Jónsdóttir**
**Ingibjörg Pálmadóttir** **Axel Gísli Sigurbjörnsson**
**Jón Ágúst Pálmason**
**Guðmundur Pálmason**
**Kristinn Már Pálmason** **Ólöf Thoroddsen**
**Sigurður Óli Pálmason** **Laura Rasmussen**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Gunnar Maron Þórisson**

frá Fellsenda, Þingvallasveit,

lést á HVE Hvammstanga
miðvikudaginn 6. apríl.
Útförin fer fram frá Reynivallakirkju í Kjós
fimmtudaginn 21. apríl klukkan 14.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim
sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök
Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga.

**Una Vilhjálmsdóttir**
**Jóna Elín Gunnarsdóttir** **Jónas Jónasson**
**Dóra Sigrún Gunnarsdóttir** **Helgi A. Guðbrandsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskulegur bróðir okkar og frændi,

**Jóhannes Vilhelm Sigurbjörnsson**

bóndi,
frá Vogalæk á Mýrum,

lést laugardaginn 2. apríl á dvalarheimilinu
Brákarhlíð í Borgarnesi. Útför fer fram miðvikudaginn
20. apríl, frá Álftaneskirkju kl. 14. Sérstakar þakkir til
starfsfólks Brákarhlíðar fyrir frábæra umönnun.

**Þórey Sigurbjörnsdóttir**
**Sjöfn Sigurbjörnsdóttir** **Maríus Sigurbjörnsson**
**og aðstandendur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður K. Guðjónsson**

bifreiðasmiður,
frá Kvíslhöfða á Mýrum,

lést laugardaginn 2. apríl á
dvalarheimilinu Brákarhlíð Borgarnesi.
Útförin fer fram miðvikudaginn 20. apríl kl. 13.00
frá Garðakirkju Garðabæ.

**Hildur Eiríksdóttir**
**Eiríkur Sigurðsson** **Linda Sigurðardóttir**
**Guðjón Sigurðsson** **Hjördís Vilhjálmsdóttir**
**Guðrún Sigurðardóttir** **Dagur Garðarsson**
**Hafdís Sigurðardóttir**
**Björk Sigurðardóttir** **Rúnar Fjeldsted**
**Sigurður Sigurðarson** **Sigrún Birgisdóttir**
**Vignir Sigurðsson** **Lína Tryggvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Ingibergsson**

vélfræðingur,

lést þriðjudaginn 29. mars
á líknardeild Landspítalans.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju,
miðvikudaginn 20. apríl kl. 13.

**Friðfinnur Sigurðsson** **Eyrún Huld Harðardóttir**
**Ingibergur Sigurðsson** **Marcela Munoz**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ellen Huldís Ólafsdóttir**

Sunnubraut 4, Þorlákshöfn,

lést á heimili sínu mánudaginn 4. apríl.
Útförin fer fram frá Þorlákskirkju
laugardaginn 23. apríl kl. 14.

**Ólafur Þorleifsson** **Kristrún Hauksdóttir**
**Sigurður Þorleifsson** **Áróra Ásgeirsdóttir**
**Sólveig Þorleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Við þökkum fjölskyldu og vinum
auðsýnda samúð við andlát og útför
ástkærs föður míns og afa okkar,

**Þórhalls Birgis Jónssonar**

Vesturströnd 6, Seltjarnarnesi.

Við viljum einnig þakka Jakobi
Jóhannssyni krabbameinslækni, Heimahjúkrun Heru og starfsfólki Líknardeildar Landspítalans
fyrir góða og alúðlega umönnun í veikindum hans.

**Gyða Þórhallsdóttir**
**Arna Gyðudóttir**
**Bjarki Gyðuson**

---



✝

**Kristjana Emilía Guðmundsdóttir**

Emma

frá Dröngum á Skógarströnd,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Höfða Akranesi, mánudaginn 11. apríl.
Útför hennar fer fram föstudaginn
22. apríl kl. 13. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða fyrir hlýja og góða umönnun.
Streymt verður frá útförinni á vef Akraneskirkju,
akraneskirkja.is

**Jón Hilberg Sigurðsson**
**Steinar Jónsson** **Ragnheiður Júlía W. Hilmarsd.**
**Elín Jónsdóttir** **Hörður Hjartarson**
**Valborg Jónsdóttir** **Magni Rúnar Þorvaldsson**
**Sævar Jónsson** **Gerður Helga Helgadóttir**
**Sjöfn Jónsdóttir** **Kristján Eysteinn Harðarson**
**Guðmundur H. Jónsson** **Karólína Einarsdóttir**
**ömmubörnin og langömmubörnin.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Aðils**

lést á dvalarheimilinu Sunnuhlíð
6. apríl. Útför fór fram í kyrrþey þann
13. apríl að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Borghildur Aðils**
**Jóhann Már Jónsson**
**Torfi Geir Jónsson**
**Elinborg Aðils** **Birgir Finnsson**
**Jón Gunnar Aðils** **Anna Sigríður Guðfinnsdóttir**
**Jakob Aðils**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda
tölvupóst á **timamot@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5055 .




# Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN®
Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

Skeifan 6 / 5687733 / epal.is

epal




**Jensen rúm:**

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947. Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur. Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum




* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

## Krossgáta



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist ljóðabálkur (12)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 21. apríl næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „16. apríl“.

Lausnarorð síðustu viku var

**BEINSKIPTING**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| E | I | N | S | L | E | I | T | T | | S | | Á | | B | | S | | S | |
| N | | I | | E | | L | | O | R | K | U | D | R | Y | K | K | | J | |
| D | Á | Ð | M | I | K | L | A | R | | Ó | | E | | G | | Á | B | Ó | T |
| A | | U | | Ð | | F | | F | Y | L | K | I | N | G | I | N | | S | |
| L | A | R | F | A | L | Ú | Ð | A | | A | | L | | K | | A | | U | |
| A | | B | | N | | S | | R | | M | A | N | N | O | R | Ð | I | N | U |
| U | | R | E | G | L | U | R | I | T | A | | A | | R | | R | | D | |
| S | | O | | U | | S | | N | | T | | R | A | N | D | A | G | I | N |
| A | F | T | U | R | S | T | I | N | G | | Á | | T | | O | | U | | E |
| | L | | | | K | | N | | O | F | S | A | K | Á | T | | Ð | | F |
| F | U | L | L | V | I | N | N | U | R | | Æ | | V | | T | Ú | L | A | R |
| | G | | A | | N | | E | | M | A | T | V | Æ | L | I | | A | | Ó |
| H | U | G | M | Y | N | D | I | N | A | | A | | Ð | | N | A | U | S | T |
| | V | | B | | A | | G | Á | R | A | N | N | A | | N | | S | | U |
| V | E | G | A | R | F | A | N | N | | L | | Æ | | H | I | R | T | U | M |
| | I | | S | | U | | | Ö | L | K | Æ | R | R | A | | Ó | | G | |
| Æ | Ð | A | K | E | R | F | I | S | | A | | B | | L | Ú | S | U | G | U |
| | I | | I | | Ð | | | I | L | L | F | Ý | S | I | | B | | A | |
| A | N | D | N | A | U | Ð | I | N | | IL | | L | | S | P | E | N | N | A |
| | A | | N | | M | | | A | U | Ð | N | I | S | T | | R | | A | |

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**
**1** Ný erindi um frægar perlur tungumálsins (13)
**11** Best að ég leiki King Kong í þessum fíflalátum okkar (8)
**12** Hvernig kveikir maður jólasvein við litla línu? (9)
**13** Styrkur og stilling fyrirbyggja skemmd (7)
**14** Fótabúnaður raskar rósakremi – nema það sé öfugt? (9)
**15** Sting þekkja allir með fullu viti (6)
**16** Komast yfir upptöku af feigðarboðum hunda (7)
**17** Minnir helst til mikið á harminn sem varð mér að falli (9)
**18** Bandaríkin bulluðu og sveiuðu (6)
**22** Er ekki best að fá forseta í verkið? (8)
**26** Skýringarmynd um boxbækur (8)
**30** Hér örkum vér enn með uppvakningum (11)
**31** Flan býr í hám og hlaunum (10)
**33** Ó svo klár og svo vitlaus! (7)
**34** Finn kind við rofinn svörðinn ristan táknum (8)
**35** Gruna hóp nýgræðinga um þetta rask (5)
**38** Dúi smali og hans brenglaða kenning um gott og illt og ekkert þar á milli (8)
**43** Bollar berhrossa við Fagradalsfjall, hvar hraunið rann (9)
**46** Sé síst eftir aurnum í dag, ef líðandi stund leyfir (6)
**47** Breitt er mitt bak og jörðin stór (7)
**48** Lausn afmarkaðs en endurtekins tryllings má rekja til náttúru skota (9)
**49** Set alla söngva um svellfláka á ís (6)
**50** Hvít og guggin sem nýpússuð steypa (7)
**51** Rekja má flog fugla til Nínu og vors í Vaglaskógi (7)
**52** Lengið lífið – festið ruglið! (6)
**53** Bið skipuleggjendur morðsins um tillögu suðrænna ávaxta (9)

**LÓÐRÉTT**
**1** Sýnir hosa dónaskap af einskærri hlýju? (11)
**2** Nota gæðatimbur í þakhæð blíðu (9)
**3** Matreiðsla hanka er hvínandi kvilli (9)
**4** Hin fríðu luma á bragði býsna ljúfu (9)
**5** Um gengnar brýr sem gengið var um (8)
**6** Elti fólk sem er brugðið enda lenti það í ljánum fyrir skemmstu (8)
**7** Fóðrum þau aldrei rétt í völundarhúsum (8)
**8** Tel hlut karla vitna um misrétti (8)
**9** Örugg slóð fyrir þau sem rata (7)
**10** Mér hættir til að dvelja við hvarfið sem sækir að mér (7)
**19** Hér segir af fjölhæfu fólki og beittu (7)
**20** Nota stiga til að tryggja hækkun (7)
**21** Snobb virkar sem piss úr neðra (7)
**23** Ljómi þinn mun marka gleði tímamarka (7)
**24** Vík frá kló og kúpla mig út (7)
**25** Segir byrði peninga þyngri en lest af leir (7)
**27** Eilífðar uppistand verst skel (7)
**28** Óttast ekki illskuna eftir þessa ákveðnu ferð (7)
**29** Ein eilífðar málmsál sem nötrar (7)
**32** Vík ekki frá kröfu um þóknun fyrir þjónustu (10)
**36** Voð mun grípa röð rafrænna áritana (8)
**37** Bakkarnir eru við vöxt og verin líka (8)
**39** Hafa alltaf tekið góða klukku fram yfir fjölbreytnina (7)
**40** Hér fer flokkur flóka milli flatra fleka brjósks (7)
**41** Leita karla til að kæta fyrir stóra daginn (7)
**42** Finna má sjálfstæða slettandi rokkkjána meðal frumbyggja (7)
**44** Er hik bítur hraða er hespan klár (6)
**45** Uppljómaðar sálir eru sagðar ómarktækar (6)

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 4 | 2 | 6 | 9 | |
| | | | | | | | | 7 |
| 3 | | 7 | 5 | 9 | | 2 | | 4 |
| 1 | | 8 | 9 | | 7 | 3 | 5 | |
| | | 6 | 3 | | | | | |
| 7 | | 9 | 1 | | | | | 8 |
| | 9 | | | | 8 | 7 | | |
| 6 | | 5 | | 3 | | | | |
| 8 | | 3 | 4 | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 9 | 1 | | 4 | 3 |
| | | 7 | 3 | | | | 2 | |
| | 3 | | | | 6 | | 9 | |
| | | 2 | | 8 | | 5 | | |
| | 5 | | | | | | | |
| | | | 9 | 1 | | | | 6 |
| 5 | | 3 | | | | | 7 | |
| | | | | | 9 | | 6 | 8 |
| 8 | | | | | 7 | 4 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## VEGLEG VERÐLAUN

FORLAGIÐ




Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Upplausn, eftir Söru Blædel og Mads Peder Nordbo** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Pétur Pétursson, Reykjavík.**

# Laugardagur

## Hringbraut

**18.30 Eimskip (e)** Eimskip í nútímanum er umfjöllunarefni tveggja þátta þar sem farið er meðal annars í siglingu með Brúarfossi.
**19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
**19.30 Veiðin með Gunnari Bender** Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
**20.00 Bíóbærinn (e)** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
**20.30 Eimskip (e)**
**21.00 Undir yfirborðið (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.05 SmáRÚV**
**07.06 Smástund**
**07.10 Tikk Takk**
**07.15 KrakkaRÚV**
**10.00 Mamma klikk!**
**11.55 Fólkið í blokkinni**
**12.20 Eftirsókn eftir vindi**
**13.10 Grínistinn** Laddi eins og hann leggur sig.
**13.50 Jane**
**15.30 HM stofan** Upphitun fyrir leik Íslands og Austurríkis.
**15.55 Ísland - Austurríki** Bein útsending frá leik í umspili um laust sæti á HM karla í handbolta.
**17.30 HM stofan** Uppgjör á leik Íslands og Austurríkis.
**17.50 Reikistjörnurnar. Á tökustað**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Allt um dýrin**
**18.25 Sebastian og villtustu dýr Afríku**
**18.35 Maturinn minn**
**18.45 Bækur og staðir** Öxnadalur.
**18.52 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Alla leið** Ómissandi upphitun fyrir Eurovision. Í þáttunum verður eins og áður farið yfir öll lögin sem keppa í Eurovision í ár.
**20.50 Bandaríska söngvakeppnin American Song Contest**
**22.25 Allied Bandamenn**
**00.25 Poirot Agatha Christie's Poirot**
**01.15 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**08.00 How to Train Your Dragon - ísl. tal**
**09.35 Stubbur stjóri - ísl. tal**
**11.10 Paddington 2 - ísl. tal**
**13.30 Man. Utd. - Norwich** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.25 French Kiss**
**18.15 Rumble - ísl. tal**
**20.00 Playing with Fire** Eftir að slökkviliðsmanninum og reykkafaranum Jake Carson tekst ásamt vöskum samstarfsfélögum sínum að bjarga þremur systkinum úr brennandi húsi gerir vont veður það að verkum að þeir sitja uppi með þau í að minnsta kosti sólarhring. Hversu erfitt getur það verið fyrir þrautþjálfaða slökkviliðsmenn að gæta þriggja barna í 24 klukkustundir? Svar. Erfiðara en allt!
**21.35 House of Gucci**
**00.15 Miss Julie**
**02.20 Chicago** Sögusvið myndarinnar er Chicago í kringum 1920, áfengið flæðir og djassbúllur eitra hugi borgarbúa.
**04.10 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.30 Impractical Jokers**
**11.50 Bold and the Beautiful**
**12.35 Bold and the Beautiful**
**12.55 Jamie & Jimmy's Food Fight Club**
**13.45 Bob's Burgers**
**14.05 The Goldbergs**
**14.25 10 Years Younger in 10 Days**
**16.00 Hvar er best að búa?**
**16.55 Kviss**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.40 Sportpakkinn**
**18.55 Soggi** Zog er hjartahlýr og klaufalegur dreki sem lærir að vera dreki í drekaskólanum.
**19.20 Smáfólkið** Talsett teiknimynd.
**20.50 Greenland**
**22.45 Palm Springs**
**00.15 Con Air** Hörkuspennandi mynd um Cameron Poe (Nicolas Cage) sem er á leið heim til konu sinnar og dóttur eftir fangavist.
**02.10 The Lighthouse**
**03.55 Impractical Jokers**
**04.15 Bob's Burgers**
**04.35 The Goldbergs**

# Páskadagur

## Hringbraut

**18.30 Guðrún Helgadóttir** Heimildarmynd um æskuárin í lífi Guðrúnar Helgadóttur.
**19.30 Gos** Fréttamenn Hringbrautar á Suðurnesjum segja sögu gossins í Geldingadölum.
**20.00 Kaupmaðurinn á horninu** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
**20.30 Guðrún Helgadóttir** Heimildarmynd um æskuárin í lífi Guðrúnar Helgadóttur.

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**10.00 Rauðhetta**
**11.05 Lói - þú flýgur aldrei einn**
**12.25 Páskaeggjahræra Hljómskálans**
**13.05 Grínistinn** Laddi eins og hann leggur sig
**13.55 Vínarfílharmónían í Sagrada**
**15.20 Bíódagar**
**16.45 Fólkið mitt og fleiri dýr**
**17.35 Víti í Vestmannaeyjum - Sagan öll**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Frímó )**
**18.25 Menningarvikan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Landinn**
**20.15 Hringfarinn - einn á hjóli í Afríku**
**21.10 Vitjanir** Draugar fortíðar ásækja bráðalækninn Kristínu þegar hún flytur með Lilju, unglingsdóttur sinni, heim til foreldra sinna á Hólmafirði og reynir að ná áttum eftir framhjáhald eiginmanns síns.
**22.00 Eldflaugasumar Summer of Rockets** Bresk, leikin þáttaröð í sex hlutum um Samuel Petrukhin, rússneskan uppfinningamann af gyðingaættum sem er búsettur á Englandi. Samuel sérhæfir sig í þróun heyrnartækja og árið 1958 setur breska leyniþjónustan sig í samband við hann vegna leynilegs verkefnis sem krefst sérþekkingar hans. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.55 Veislan The Party**
**00.05 Unga Viktoría The Young Victoria 2**
**01.45 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**08.00 Loksins heim - ísl. tal**
**09.30 Villti folinn - ísl. tal**
**10.55 Nonni norðursins - ísl. tal**
**12.25 Skrímsli í París - ísl. tal**
**13.55 Dear Frankie** Myndin segir frá Liz sem flytur frá einum bæ til annars með son sinn og móður í eftirdragi, til þess eins að flýja ofbeldisfullan barnsföður sinn.
**15.50 Enchanted Kingdom ísl. tal**
**17.20 MakeUp**
**17.50 Rúrik og Jói í Malaví**
**18.30 Kafteinn ofurbrók. Fyrsta stórmyndin - ísl. tal**
**20.00 Brúðkaupið mitt** Brúðkaupið mitt er framhald af hinni geysivinsælu þáttaröð Jarðarförin mín.
**20.35 Laddi 75 ára** Merkismaðurinn Laddi telur árin 75 og því ber að fagna.
**22.35 Snake Eyes. G.I. Joe Origins**
**00.35 The Hunter's Prayer**
**02.05 Kraftidioten**
**03.45 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**10.55 Tröll 2. Tónleikaferðin** Frábær, talsett teiknimynd.
**12.20 Nágrannar**
**13.05 Nágrannar**
**13.30 Glaumbær**
**14.15 Stóra sviðið** Frábær fjölskylduþáttur þar sem skemmtun og afþreying eru í aðalhlutverki.
**15.15 Kvöldstund með Eyþóri Inga** Eyþór Ingi er hér í banastuði ásamt einvalaliði tónlistarfólks.
**16.05 Hvar er best að búa?**
**17.00 Augnablik í lífi - Ragnar Axelsson**
**17.20 Okkar eigið Ísland**
**17.40 60 Minutes**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.40 Sportpakkinn**
**18.55 Soggi og læknarnir fljúgandi**
**19.20 Tom & Jerry**
**21.00 Leynilögga** Auðunn Blöndal leikur hér besta lögreglumann Reykjavíkur.
**22.45 The Little Things**
**00.50 Wonder Woman 1984**
**03.15 Apocalypse Now** Martin Sheen, Marlon Brando og Robert Duvall fara með aðalhlutverk í þessu meistaraverki úr smiðju Francis Ford Coppola. Stríðið í Víetnam stendur sem hæst og höfuðsmaðurinn Willard er sendur í háleynilegt verkefni.

# Annar í páskum

## Hringbraut

**18.30 Söfnin á Íslandi** Eldheimar.
**19.00 Draugasögur** Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu fyrir handan.
**19.30 Undir Yfirborðið**
**20.00 Eimskip** Eimskip í nútímanum er umfjöllunarefni tveggja þátta þar sem farið er meðal annars í siglingu með Brúarfossi.
**20.30 Söfnin á Íslandi (e)**
**21.00 Draugasögur**



Margir borða eggið yfir barnaefninu.

## Barnaefni um páskana

Í mörgum fjölskyldum er það til siðs að fela páskaegg barnanna kvöldið fyrir páskadag. Leitin að eggjunum hefst snemma á páskadagsmorgun og svo er algengt að eggin séu étin upp til agna í sófanum yfir sjónvarpinu.

Páskaminningar margra eru því beintengdar áhorfi á barnaefni fram að hádegi. Fólk sem náð hefur fullorðins aldri beið því margt spennt eftir að kynnt yrði dagskrá sjónvarpsstöðva yfir páskana. Á henni byggðist að mörgu leyti dagurinn því að ekki var margt annað í boði en að horfa á það sem var í línulegri dagskrá.

Margir áttu vídeótæki og seinna DVD-spilara, en ekki var jafn spennandi að horfa á sömu spóluna eða diskinn í hundraðasta sinn á sjálfan páskadag.

Á öllum sjónvarpsstöðvum má finna skemmtilega dagskrá fyrir börn um páskana, þeirra lífsins lukka er þó sú að þegar Silfrið byrjar klukkan 11 eða Nágrannar klukkan 12.25, þá geta þau valið úr streymisveitum og fundið sér eitthvað skemmtilegt að horfa á. Jafnvel setið með páskaeggið undir sæng í sófanum langt fram eftir degi. ■






## ■ Við tækið

# Íslendingar sólgnir í Úrslitakostinn

birnadrofn@frettabladid.is

Vinsælasti þátturinn á Netflix á Íslandi um þessar mundir er raunveruleikaþátturinn The Ultimatum: Marry or Move on. Í áraraðir hafa raunveruleikaþættir verið vinsælir meðal landsmanna. Muna margir eftir því þegar Magni okkar Ásgeirsson tók þátt í Rockstar Supernova og landsmenn vöktu langt fram undir morgun til að fylgjast með úrslitum þáttarins.

Þegar þættirnir Survivor voru fyrst sýndir á Íslandi sátu landsmenn fastir við skjáinn og bannað var að minnast á það hver sigurvegarinn væri fyrr en allir voru búnir að sjá lokaþáttinn, sem var jú sýndur í línulegri dagskrá.

Survivor þótti mörgum ganga langt út fyrir velsæmismörk með




því að setja keppendur í óþægilegar aðstæður, bæði líkamlega og félagslega. Mörkin virðast þó hafa breyst og færst til þegar kemur að raunveruleikaþáttum.

Í The Ultimatum (Úrslitakostinum) taka sex pör þátt og segja einstaklingarnir tímabundið skilið við maka sinn til að flytja inn með öðrum þátttakendum og búa saman sem par í þrjár vikur. En að lokum þurfa pörin að ákveða hvort þau ætli að halda áfram með sínum maka og giftast, eða segja skilið við þá.

Netverjar skiptast í tvær fylkingar: Er The Ultimatum snilld eða sorp? Þátturinn er sagður klikkaðri en Love is Blind sem margir heilluðust af þegar fyrsta þáttaröðin kom út á síðasta ári og ekki voru viðbrögðin síðri við annarri þáttaröð.

Samkvæmt vinsældalista Netflix eru Íslendingar í það minnsta tilbúnir að horfa á tíu þætti af The Ultimatum til að skera úr um hvort um sé að ræða snilld eða sorp. ■












**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá sölumönnum





# Garðastræti 42

**101 Reykjavík**

## Fallegt, vel skipulagt og mikið endunýjað 270 fm einbýlishús á þremur hæðum

- Skiptist í hol, tvær stofur, borðstofu og eldhús á miðhæð.
- Fjögur svefnherbergi og baðherbergi á efstu hæð
- Þrjú rúmgóð herbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu á jarðhæð.

Verð: **Tilboð**




Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 899 5856**
gunnar@miklaborg.is





Nánari upplýsingar:
**Jón Rafn Valdimarsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is













**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá sölumönnum





# Skálalækjarás 13

**311 Skorradal**

## Stórglæsilegt heilsárshús, alls 135 fm Indriðastöðum í Skorradal

- Með þremur svefnherbergjum
- Gestahús að auki, ásamt sauna klefa
- Alrými stofu og eldhús með mikilli lofthæð
- Miklir útsýnisgluggar, stór verönd m. sauna
- Rúmlega 0,7 hektara eignarlóð
- Einstaklega vel hannað hús með vönduðum tækjum
- Hús sem þessi koma afar sjaldan í sölu

Verð: **85 millj.**




Nánari upplýsingar:
**Jón Rafn Valdimarsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is





Nánari upplýsingar:
**Þröstur Þórhallsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 897 0634**
throstur@miklaborg.is



Sara vann að sýningunni í rúm þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

# Sara fer til Mars

**Destination Mars er einkasýning Söru Riel í Ásmundarsal og er sett upp sem geimferð til Mars. Sýningin samanstendur af málverkum, teikningum, grafík, ljósmyndum, lágmyndum, innsetningu og veggverkum.**

Sara vann að sýningunni í rúm þrjú ár. „Þegar ég vinn að sýningum byrjar ferlið yfirleitt með lestri og grúski. Ég sökkvi mér ofan í viðfangsefnið og leyfi mér að fá þráhyggju fyrir því, enda koma frumlegustu hugmyndirnar þaðan. Maður er orðinn fróðari, getur auðveldlega púslað saman stykkjum og séð hvað vantar.

Í þetta sinn fór ég að grúska í bók sem heitir Cosmic Trigger eftir Robert Wilson og þar talar hann mikið um Hundastjörnuna sem kemur oft fyrir í dulspeki og trúar- og menningarheimum. Ég las fleiri bækur og kynnti mér alls kyns skoðanir manna á geimnum,“ segir Sara.

### Ólík verk

Sýningin er myndræn geimferð frá jörðinni til Mars og aftur til baka. Listakonan sýnir mikla hugmyndaauðgi í ólíkum verkum sínum.

„Hugmyndin byrjar í teikningu og síðan er sú teikning þróuð, á þessari sýningu nota ég til dæmis laserprentun í gler. Ég vinn við það sjónræna og ég stílisera hugmyndirnar eða innihaldið eftir því hvað mér finnst henta best. Ég gerði teikningar, málverk, innsetningar og prentverk um þetta viðfangsefni, geimferð til Mars, flakka á milli miðla eins og ég geri venjulega. Ég fjalla meðal annars um það af hverju verið sé að fara til Mars, skoða ævintýrablætið og eldflaug Tinna sem fór til tunglsins. Ég vísa líka í myndheim Hollywoodmynda um geimferðir til Mars þar sem geimverur koma við sögu.“ Listakonan gleymir svo vitanlega ekki því skaðlega við geimferðir, sem er allt það rusl sem skilið er eftir úti í geimnum og lítið er fjallað um.

> „Ég sökkvi mér ofan í viðfangsefnið og leyfi mér að fá þráhyggju fyrir því, enda koma frumlegustu hugmyndirnar þaðan.

Sýningin er um allt húsið og utandyra eru tvö verk. „Ég hafði húsið algjörlega í huga þegar ég vann verkin,“ segir Sara.

### Kallar á samræður

Hún segir aðspurð að viðbrögð við sýningunni hafi verið ákaflega góð. „Eins og sýningar sem fjalla um ákveðið efni þá kallar þessi sýning á samræður milli kynslóða. Þegar maðurinn fór fyrst til tunglsins sameinaðist heimurinn í áhuga sínum en núna þykir varla fréttnæmt að geimflaug sé skotið upp. Viljum við fara út í geiminn? Já, líklega. Viljum við flytja þangað? Líklega ekki. Viljum við nota alla kraftana, auðinn og hugaraflið sem fer í geimrannsóknir til að bæta lífsskilyrði á jörðinni? Ég er ekki endilega með rétt svör heldur velti fyrir mér afleiðingum hugmynda.“

Sara hefur frá námsárunum tekið virkan þátt í alþjóðlegu starfi götulistamanna í Evrópu og víðar. Hún hefur sýnt verk sín í flestum höfuðsöfnum Íslands og tekið þátt í fjölmörgum sýningum hérlendis og erlendis og verið heiðruð af virtum menningarstofnunum. ■






Kór Hallgrímskirkju syngur í Sálumessu Fauré. MYND/AÐSEND

# Sálumessa í Hallgrímskirkju

kolbrunb@frettabladid.is

Kór Hallgrímskirkju flytur Sálumessu eftir Gabriel Fauré í dag, laugardag klukkan 17.00. Með kórnum syngja einsöng Álfheiður Erla Guðmundsdóttir sópran og Fjölnir Ólafsson baritón. Björn Steinar Sólbergsson leikur með á orgel.

> Sálumessan er eitt þekktasta verk Fauré.

Sálumessan er eitt þekktasta verk Fauré og hefur notið gífurlegra vinsælda frá því hún var frumflutt árið 1888. Sjálfur sagði hann Sálumessu sína einkennast af trú á eilífa hvíld í dauðanum. ■


Opnunartími um
PÁSKANA
14. APRÍL
SKÍRDAGUR
OPIÐ!
15. APRÍL
FÖSTUDAG-
URINN LANGI
OPIÐ!
17. APRÍL
PÁSKADAGUR
OPIÐ!
18. APRÍL
ANNAR
Í PÁSKUM
OPIÐ!
21. APRÍL
SUMAR-
DAGURINN
FYRSTI
OPIÐ!
Það er í takt við tímann
að nýta tímann sinn vel.
Ekki bíða í röð.
Verslaðu vínið
hjá okkur.
Frí heimsending, pantaðu
fyrir kr 25.000 eða meira
og fáðu sent samdægurs
NýjaVínbúðin
www.nyjavinbudin.is

HRINGBRAUT

PÁSKADAGUR 17. APRÍL



GUÐRÚN HELGADÓTTIR

Heimildamynd um æskuárin í lífi Guðrúnar Helgadóttur.

KL. 18.30, 19.00, 20:30 OG 21.00



GOS

Fréttamenn Hringbrautar á Suðurnesjum segja sögu gossins í Geldingadölum.

KL. 19.30



KAUPMAÐURINN Á HORNINU

Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.

KL. 20.00




Instagram-vænar fermingarveislur eru málið, þetta árið í það minnsta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Myndakassar vinsælli en marsípan í fermingarveislum

**Fermingarföt og -greiðslur eru ekki það eina sem er tískusveiflum háð. Veitingar og umgjörð veislunnar sveiflast einnig með tíðarandanum. Fréttablaðið kannaði helstu strauma og stefnur í fermingarveislunum þetta vorið.**

margret@frettabladid.is

Samtal baksviðs við borgaraleg fermingarbörn í Hörpu í lok mars leiddi í ljós að margir bjóða upp á Mexíkósúpuna svokölluðu, sem er krydduð tómatsúpa með kjúklingi og borin fram með sýrðum rjóma og tortilluflögum.

Björn Teitsson matgæðingur segir Mexíkósúpuna heppilega fyrir svona veislur. „Hún er auðvitað þægileg til að elda til dæmis daginn áður og svo er hægt að hita hana bara upp fyrir veisluna. Hún er jafnvel betri ef hún fær að taka sig aðeins.“ Fyrir nokkru gerði Björn úttekt fyrir Stundina á þjóðarrétti Íslendinga, og þar fékk Mexíkósúpan atkvæði sem sá réttur sem endurspeglar íslensku þjóðina.

Björn hefur farið í tvær fermingarveislur í ár og þær voru ólíkar. „Í annarri var matarvagn og fólk fékk bara börger, mjög hressandi. Hin var svo hefðbundnari þar sem ættingjar og vinir sameinuðust um að baka og gera veisluborð.“ Björn saknaði þó eins réttar í báðum veislum: „Í hvorugri veislu var heitur brauðréttur. Það ætti nú bara að vera skylda í fermingarveislu.“

### Heitur brauðréttur og englakór

Saga Garðarsdóttir, leikkona og grínisti, gerði einmitt heilt atriði um heitan brauðrétt í verki sínu Veislu. „Sannleikurinn er sá að ég hafði aldrei fengið heitan brauðrétt á þessum tíma. En í vinnslunni á verkinu talaði fólk svo mikið um heitan brauðrétt. Ég hafði ekki smakkað og skildi ekki trendið, þetta var eins og guð sem ég hafði aldrei hitt. En svo smakkaði ég fyrir ári síðan og ég heyrði englakór.“

Í fermingarveislum fer Saga því nú í brauðréttinn en svo einbeitir hún sér aðallega að ostum, séu þeir í boði.

### Kransakakan inn, bókakakan út

Svanhvít Guðmundsdóttir, hjá Tertugallerii Myllunnar, segir að kransakakan haldi velli í ár. „Kransakökur og marsípantertur eru mjög hátíðlegar og þær halda sínum vinsældum einmitt vegna þess, maður fær ekki marsípantertur og kransakökur bara hvenær sem er. Þær eru alltaf á boðstólum við hátíðleg tilefni.“

Bókakakan dalar aðeins í vinsældum í ár. „Núna hafa kransakökur verið að sækja í sig veðrið og hjá okkur er staðan bara sú að við getum einfaldlega ekki bakað meira af kransakökum næstu tvær vikurnar, þær eru einfaldlega uppseldar. Bókamarsípanterturnar hafa örlítið liðið fyrir þessar vinsældir hins vegar, en fólk er líka að færa sig dálítið yfir í aðrar marsípantertur. Þannig að það mætti segja að bókastíllinn, þessi hefðbundni, sé aðeins að víkja fyrir öðrum tertustílum í marsípantertunum.“



Mexíkósúpan er þægilegur veislumatur. MYND/SVAVA GUNNARSDÓTTIR

> „Í hvorugri veislu var heitur brauðréttur. Það ætti nú bara að vera skylda að hafa slíkan í fermingarveislu.
>
> Björn Teitsson

Í Facebook-hópnum Fermingarundirbúningur og hugmyndir er nokkuð ljóst að smáréttirnir koma sterkir inn. Kjúklingaspjót eru mjög vinsæl og sömuleiðis ýmislegt góðgæti sem hægt er að fá frosið í stórum einingum. Smáréttaþemað er einnig í sætu deildinni – makkarónur og litlar kökur hafa á sumum borðum rutt stóru marsípantertunni frá.

Svanhvít segir að hún finni fyrir þessari smáréttatísku og margir vilji hafa snittur og tapas. „Það sem er kannski einna skemmtilegast er að brauðterturnar hafa verið að vinna rosalega á undanfarin ár og það er ekta norræn hefð sem á svo fyllilega skilið þá athygli,“ segir Svanhvít.



Kransakakan er enn vinsæl. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

Í fermingarveislu Svanhvítar á sínum tíma var kransakaka, enda hefur hún alltaf verið í uppáhaldi. „Það var líka kökuhlaðborð svo það hefur verið alls konar góðgæti sem mamma sá um að baka og ömmur mínar tvær.“

### Kransakaka úr rice krispies

Svala Hjörleifsdóttir og Hörður Ágústsson halda veganfermingarveislu fyrir dóttur sína Matthildi Evu. Svala er vegan og varð það í kjölfar ákvörðunar fermingarbarnsins, en Hörður og hin dóttirin Hrafnhildur eru vegan þegar hentar.

„Þetta er nokkuð hefðbundin veisla en með vegan-veitingum. Í söltu deildinni eru það einhverjir tófúbitar og taco en í sætu deildinni erum við með Rice krispies-kransaköku og kleinuhringi frá Hérastubbi bakara í Grindavík, enda er veganbakkelsisúrvalið þar mikið.“

Fermingarbarnið verður í hælaskóm, „mikil spenna að vera í hælaskóm,“ og biður um jógamottu, förðunarspegil og skíðabúnað í fermingargjöf. Foreldrarnir eru að skoða að vera með myndakassa í veislunni, og blaðamaður ítrekar að þá þurfi foreldrarnir að drífa sig að panta.

### Myndakassar uppbókaðir

Það allra heitasta í fermingarveislum og öðrum samkomum eru svokallaðir ljósmyndakassar. Kassarnir koma veislugestum á ákveðna hreyfingu og blanda fólki saman. Um liðna helgi voru allir ljósmyndakassar uppbókaðir, samkvæmt heimasíðum fyrirtækja sem leigja slíka út, og það sama virðist uppi á teningnum 23. apríl en þann dag eru bæði fermingarveislur, árshátíðir og fyrstu brúðkaup vorsins.■




# Þú getur ekki hjálpað **öllum**

**En þú getur hjálpað einu barni**

**Vertu SOS foreldri.**
Skráðu þig núna á **sos.is**

# Verbúðin setti standardinn

## Frétt vikunnar

Helgi Seljan

ninarichter@frettabladid.is

„Frétt þessarar nokkuð stuttu viku er þetta ríjúníón Rannsóknarskýrslu Alþingis sem þeir buðu upp á, Bankasýslan og verðbréfasviðin, í armslengd frá fjármálaráðherra,“ segir Helgi. „Það að Ríkisendurskoðun hafi svo verið sett í hurðina var líka góður díteill. Verbúðin setti standard fyrir svona períóður,“ segir hann.

Hér vísar Helgi Seljan til eftirmála bankahrunsins og dregur upp samlíkingu við nýlega sölu á stórum hluta af eign ríkisins í Íslandsbanka, sem sætt hefur harðri gagnrýni.

Ríkisendurskoðun hefur nú hafið rannsókn á umgjörð sölu hlutabréfanna í Íslandsbanka og er niðurstöðu að vænta í júní.

Stjórnarandstaðan á Alþingi vildi hins vegar að skipuð yrði sérstök rannsóknarnefnd þingsins til að fara í gegnum söluferlið, en stjórnarflokkarnir felldu þá tillögu. ■

> Það að Ríkisendurskoðun hafi svo verið sett í hurðina var líka góður díteill.



Helgi Seljan, blaðamaður á Stundinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






Viðtalsröðin hófst inni á vefsvæðinu minningar.is á síðasta fimmtudag, skírdag. MYND/AÐSEND

# Viðtalsröð um látna ástvini

**Vefsíðan minningar.is heldur utan um minningar um látna ástvini Íslendinga. Þjónustan er öllum opin og notendum að kostnaðarlausu, og efnið aðgengilegt öllum notendum eftir skráningu með Íslykli.**

ninarichter@frettabladid.is

Minningar.is er ný vefsíða sem gerir notendum kleift að setja upp minningarsíðu í nafni látinna ástvina á opinberum vettvangi, án endurgjalds. Þar má deila minningarorðum, ljósmyndum og myndböndum sem tengjast hinum látna.

Á skírdag hófst viðtalsröð á vefsvæðinu þar sem Sirrý Arnardóttir, sem jafnframt er talsmaður verkefnisins, tekur myndbandsviðtöl við þjóðþekkta Íslendinga um látna ástvini. Séra Jóna Hrönn Bolladóttir er fyrsti viðmælandinn í röðinni og rifjar upp minningar um föður sinn séra Bolla Þóri Gústavsson.

### Lokaverkefni við HR

Aðspurð um tildrög verkefnisins svarar Sirrý: „Þetta byrjar þannig að þrír ungir menn, þar á meðal Kjartan Örn Bogason, voru í HR í hugbúnaðarverkfræði. Þessi hugmynd hafði verið í fjölskyldunni hjá Kjartani í nokkurn tíma,“ segir hún. „Þeir sömdu við HR um að þetta yrði lokaverkefnið þeirra, að gera þessa síðu. Svo útskrifuðust þeir með BS í hugbúnaðargerð og fóru að vinna að þessu.“

> Eðli málsins samkvæmt þarf þetta að vera ofboðslega traust og vandað.
>
> Sirrý Arnardóttir, talsmaður Minninga

Næst hafi þríeykið fengið englafjárfesta til liðs við sig til að fjármagna uppsetningu síðunnar, sem Sirrý segir umfangsmikla. „Þetta er ofboðslega mikil forritunarvinna og margt sem þarf að huga að. Eðli málsins samkvæmt þarf þetta að vera ofboðslega traust og vandað.“

### Einfalt viðmót lykillinn

Hún segir að síða af þessu tagi þurfi að vera mjög einföld. „Sumir eru bara í áfalli þegar þeir eru að tilkynna andlát þannig að það má ekki vera neitt flækjustig þarna,“ segir hún.

Minningar.is fékk íslensku vefverðlaunin í flokknum efnis- og fréttaveita ársins. „Við opnuðum þetta við hátíðlega athöfn á Bessastöðum rétt fyrir síðustu jól og síðunni hefur verið gríðarlega vel tekið,“ segir Sirrý. „Það er aragrúi af fólki sem fer þarna inn og les minningargreinar og stofnar síður um látna ástvini, bæði fólk sem er löngu dáið eða nýfallið frá.“ Þá segir hún að fólk nýti sér í auknum mæli að setja inn ljósmyndir frá ýmsum tímabilum í lífi hins látna.

„Þú getur stofnað minningarsíðu og síðan áttu hana sjálfur, en ekki Facebook eða annað stórfyrirtæki,“ segir Sirrý. Gögnin á minningar.is eru geymd á Firebase, sem er þjónusta á vegum Google.

### Efnið háð höfundarrétti

Nokkur umræða hefur skapast í kringum fréttamiðla sem birt hafa veffréttir upp úr minningargreinum í óþökk aðstandenda. Á vefsíðunni segir að minningar.is sé háð höfundarrétti, og höfundar aðsends efnis eigi höfundarrétt að sínu efni á vefnum. Öðrum notendum sé aðeins heimilt að afrita efni vefsins til persónulegra nota og því sé öll dreifing og frekari afritun óheimil.

Sem stendur er ekki hægt að læsa minningarsíðunum til þess að halda vefsvæðinu eingöngu innan hóps á borð við fjölskyldu, en Ragnheiður H. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri minningar.is, segir að í áframhaldandi þróun vefjarins sé svokallað fjölskyldusvæði í skoðun, sem hægt yrði að læsa. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*



ILVA

Páskafjör

16. APRÍL

# 20%

## AF SUMARVÖRUM, BORÐBÚNAÐI OG KERTUM

FYRSTU 30 VIÐSKIPTAVINIR FÁ GLAÐNING



**ARCTIC** gaseldstæði.
129.900 kr. Nú **103.920 kr.**

20%



**PORTIO** garðstóll. 78x52,5x53cm.
12.900 kr. Nú **10.320 kr.**

20%



**CAMBORD** útigrjónapúði.
39.900 kr. Nú **31.920 kr.**



Allt fyrir páskaborðið

ALLTAF OPIN - VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS



**FAST SENDINGARGJALD MEÐ PÓSTINUM HVERT Á LAND SEM ER!**

**ILVA Garðabæ**, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18

**ILVA Akureyri** Mánudaga - föstudaga 11-18:30,
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

BYKO



# 25% afsláttur allt harðparket



**BARNAHJÓL 26"**

26" götureiðhjól sem hentar vel til hjólreiða innanbæjar.6 gírar Shimano. V-handbremsur, kemur með bögglabera, brettum og körfu.

Vnr. 49620201
**31.995**

Vinsæl vara

# Allir út að hjóla!



16"

**BARNAHJÓL 16"**

með hjálpar-dekkjum fyrir 4-6 ára börn.

Vnr. 49620062A/63A
**25.995**

KENT A century of cycling

**GÖTUHJÓL 26"**

700C M með fram- og afturbretti, dempara að framan, bögglabera og 21 gíra.

Vnr. 49620153
**72.995**



26"

Verslaðu á netinu byko.is



## HÁÞRÝSTIDÆLA
Easy Aquatak 110 bör, 330 l/klst, 3,8 kg.

-20%
Vnr. 74810232
**19.996**
Almennt verð: 24.995
**Þú sparar: 4.999**

Frábær fyrir bílinn




## HÁÞRÝSTIDÆLA
Universal AQU 130 bör, 380 l/klst, 7,8 kg.

-20%
Vnr. 74810238
**30.396**
Almennt verð: 37.995
**Þú sparar: 7.599**




## HÁÞRÝSTIDÆLA
Aquatak 160 bör. 570 l/klst 23.4 kg.

-20%
Vnr. 74810260
**79.996**
Almennt verð: 99.995
**Þú sparar: 19.999**

Mestur kraftur




# Nú þarf að smúla eða spúla!




-20%

## BROIL KING GEM 310
Þrír brennarar úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni og grillkerfi með ryðfríu Flav-R-Wave™ grillkerfi. Rafstýrður Sure-Lite™-kveikibúnaður og felliborð á hliðum.

Kílóvött 6,8 | Brennarar 3

Vnr. 50657519
**39.916**
Almennt verð: 49.895
**Þú sparar: 9.979**




Kílóvött 8,8 | Brennarar 3

## BROIL KING MONARCH
Þriggja brennara grill frá Broil King með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennurum, og postulínshúðuðum grillgrindum sem hægt er að snúa við. Það er innbyggður hitamælir á grillinu og hliðarhillur sem hægt er að setja niður.

-20%
Vnr. 50657511
**71.988**
Almennt verð: 89.985
**Þú sparar: 17.997**



# Afgreiðslutími um páska

| | Laugardagur 16. apríl | Páskadagur 17. apríl | Annar í páskum 18. apríl |
|---|---|---|---|
| Verslun Breidd | 10-18 | Lokað | 11-17 |
| Verslun Granda | 10-18 | Lokað | 11-17 |

*Sjá afgreiðslutíma annarra verslana á byko.is*

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

frettabladid.is

550 5000
**RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is
**AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is
**PRENTUN** Torg ehf.
**DREIFING** Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025







## Bakþankar


Arnars Tómasar Valgeirssonar


# Bingó

Fyrir nokkrum árum vann ég fyrir fyrirtæki sem stóð fyrir fjölskyldubingói í Vinabæ um páskana. Sípiprandi og barnlausum var mér ekki boðið í herlegheitin þótt það hefði auðvitað ekki verið illa séð ef ég hefði mætt einsamall. Bara pínu sorglegt.

Þegar í ljós kom að það vantaði öll skriffföng var ég kallaður út til að redda málunum og fékk að launum nokkur bingóspjöld þegar ég mætti pennum klyfjaður í Skipholtið. Ég var að rifna úr spennu yfir að fá að taka þátt en þorði þó ekki að sýna það verandi sirka tveimur áratugum yfir meðalaldri keppenda. Verandi af miklum bingóættum var ég fljótur að fylla spjald og þaut upp á svið til að nálgast góssið. Tvö páskaegg og Bluetooth-hátalara.

Brúna gullið var þó ekki svo auðunnið. Tvö kornung börn höfðu líka fengið bingó og álpuðust upp á svið í fylgd foreldra svo hægt væri að útkljá hvert okkar væri Hálendingurinn í Vinabæ. Það gat jú aðeins verið einn.

Samstarfskona mín gaf mér augnaráð sem lýsti augljósri vanþóknun á þeirri ákvörðun minni að stíga ekki til hliðar svo að börnin gætu fengið aðalvinninginn en ég stóð sem fastast. Hlutkesti var varpað til að ákvarða sigurvegara og auðvitað vann ykkar maður. Börnin þurftu að sætta sig við annað og þriðja sæti á meðan ég baðaði mig í sigrinum. Ég skóf ekkert af fagnaðarlátunum og tók nokkur dansspor fyrir viðstadda.

Ég var fljótur að klára eggin en hátalarann nota ég enn í stað alvöru græja í bílnum mínum. Ég get fullyrt að ég hafi fengið mun meira út úr vinningnum en börnin hefðu nokkurn tímann. Ég sé ekki eftir neinu. Börn mega alveg tapa stundum. ■





